









FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

19. október 2005 – 282. tölublað – 5. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000

## MIÐVIKUDAGUR

### Geðstirður grínisti

„Davíð Oddsson fékk stórkostlegt tækifæri til að hefja sig yfir stund og stað þegar hann kvaddi flokk sinn og landsstjórnina á fjölmennum landsfundi Sjálfstæðisflokksins," skrifar Ólafur Hannibalsson. „Í staðinn kaus hann undir lok ræðunnar að lúta lágt og grípa handfylli sína af leðju og sletta í allar áttir."



Í DAG 18

### Gestagangur Airwaves

Undirbúningur fyrir Iceland Airwaves náði hámarki í gær. Hátíðin hefst í kvöld með nokkrum tónleikum.



TÓNLIST 26

### Félögum mismunað

Hlynur Sigmarsson, formaður handknattleiksdeildar ÍBV, vandar handknattleiksforystu landsins ekki kveðjurnar og segir hana ganga atbeina ákveðinna félaga.



ÍÞRÓTTIR 30

## VEÐRIÐ Í DAG




**SKÚRIR OG SÍÐAR SLYDDUÉL** norðan og austan til en yfirleitt skýjað og þurrt annars staðar. Kólnandi veður norðanlands síðdegis. Hiti 5-10 stig í dag en við frostmark nyrðra í kvöld.

VEÐUR 4

# Halldór vill endurskoða eftirlaunin

**Aukinn kostnaður vegna eftirlauna ráðherra og þingmanna kemur forsætisráðherra á óvart. Hann vill fara yfir málið í samvinnu við forsætisnefnd Alþingis og segir að hugmyndir um lagabreytingar liggi fyrir.**

**STJÓRNMÁL** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra segir sjálfsagt og nauðsynlegt að fara á næstunni yfir eftirlaunamál ráðherra og þingmanna.

Um 650 milljóna króna viðbótarkostnaður hefur hlotist af nýju lögunum miðað við upphaflegar áætlanir og ákvæði í lögunum hafa sætt gagnrýni.

„Þessi fjárhæð umfram áætlaðar skuldbindingar kemur mér á óvart," segir Halldór. „Maður er vanur að treysta útreikningum sem lagðir eru fram. Það liggur fyrir að þessi nýja löggjöf leiddi til skerðingar á sumum sviðum en aukningar á öðrum. Til dæmis var ljóst að kjör formanna stjórnarandstöðuflokka bötnuðu."

Halldór segir að fyrir liggi hugmyndir um hugsanlegar breytingar. „Ég tel að það sé eðlilegt að ræða hugsanlegar breytingar á vettvangi forsætisnefndar þingsins. Það voru fulltrúar allra flokka sem fluttu þetta frumvarp og um það var samkomulag. Ef menn ná saman um breytingar koma þær til greina af minni hálfu. Ég hef sagt það áður og rætt þetta við forseta Alþingis."

Fjársýsla ríkisins telur að lífeyrisskuldbindingar ráðherra og þingmanna hafi um síðustu áramót verið liðlega 400 milljónum króna hærri samkvæmt lögunum sem samþykkt voru í desember 2003 en verið hefði samkvæmt gömlu lögunum.

Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, hefur tekið málið upp og gagnrýnir meðal annars að ráðherrar á besta aldri geti þegið eftirlaun þótt þeir séu í vel launuðum störfum hjá ríkinu.

Samkvæmt úttekt Fréttablaðsins í janúar síðastliðnum höfðu að minnsta kosti níu fyrrverandi ráðherrar í fullu starfi rétt til eftirlauna. Sjö þeirra nutu eftirlauna á fullum launum á síðasta ári og námu greiðslurnar samtals um 17 milljónum króna. **- jh**



**LANDHELGISGÆSLAN VIÐ ÆFINGAR** Jón Erlendsson sigmaður býr sig undir að síga úr TF-LÍF með aðstoð félaga sinna, Ríkharðs Þórs Ásgeirssonar slökkviliðsmanns, Eyþórs Leifssonar og Hlyns Þórs Steinssonar læknis. Félagarnir voru við æfingaflug Landhelgisgæslunnar yfir Faxaflóa í gærdag.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**KYRKISLANGA** Slanga af sömu tegund og „Keith". NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Ófögnuður í Manchester:

# Kyrkislanga í klósettinu

**BRETLAND** Þriggja metra löng kyrkislanga, sem Manchesterbúar gáfu nafnið Keith, er nú loks hætt að skríða milli klósetta í íbúðarblokk í borginni, en það hafði hún gert í þrjá mánuði, íbúunum til mikillar hrellingar.

Samkvæmt frásögn breska ríkisútvarpsins BBC náðist slangan loks nú í byrjun vikunnar. Talið er að eigandi hennar hafi skilið hana eftir í hefnarskyni er hann var borinn út úr íbúð í blokkinni vegna vangoldinnar leigu. Slangan bjargaði sér þá með því að skríða í gegn um klóakrörin og fanga þar rottur. Íbúarnir hlóðu múrsteinum á klósettlokin til að hindra að fá óvelkominn gest inn á gólf til sín. **- aa**

Þriggja rjúpnaskyttna leitað:

# Fundust allir heilir á húfi

**MANNBJÖRG** Björgunarsveitir í Árnessýslu voru kallaðar út um klukkan 18 í gær, vegna þriggja rjúpnaskyttna sem saknað var. Mennirnir höfðu verið á veiðum við Skjaldbreið.

Um 30 björgunarsveitarmenn á átta bílum brugðust skjótt við, og fundu þeir bíl mannanna um klukkutíma síðar, og skömmu síðar tvo af mönnunum í suðurhlíðum fjallsins. Þeir voru báðir heilir á húfi en villtir.

Símasamband náðist við þriðja manninn, sem fljótlega kom í leitirnar, heill á húfi. Hægur vindur var á svæðinu, slæmt skyggni og myrkur. **- smk**

**> Markaðurinn**
*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*
FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG


MARKAÐURINN
Jólaverslun eykst um fimm milljarða
Gáfu eftir hálfan milljarð

Könnun Samtaka verslunar og þjónustu á lyfjaverði:

# Engin verðlækkun á lyfjum

**LYFJAVERÐ** „Lyfjaverð til sjúklinga hefur ekki lækkað neitt," segir Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu: „Tryggingastofnun ríkisins fær þær lækkanir á sínum lyfjareikningi sem orðið hafa á lyfjum síðastliðið ár."

Lyfjahópur Samtaka verslunar og þjónustu hefur kannað að hve miklu leyti lækkanir á lyfjakostnaði í landinu hafi náð til sjúklinga. Ítrekað hefur komið fram í fjölmiðlum hjá formanni Lyfjagreiðslunefndar að verulegur árangur hafi náðst í þeirri viðleitni að lækka lyfjakostnað landsmanna.



**LYFJAVERÐ** Samtök verslunar og þjónustu segja að verðlækkanir á lyfjum undanfarið ár komi einungis ríkinu til góða, ekki sjúklingum.

Í yfirlýsingu Samtakanna segir að mjög ánægjulegt sé að lyfjakostnaður lækki og um miklar upphæðir sé að ræða: „Staðreyndin er sú að í flestum tilvikum greiða viðskiptavinir apótekanna óbreytt verð fyrir lyfin þótt heildsöluverðið hafi lækkað enda er hluti sjúklinga í lyfjakostnaði oftast föst krónutala sem er ákveðin með reglugerð."

Apótekin þurfi alltaf að taka á sig verðlækkun lyfjabirgða þegar ríkið ákveði ný heildsölu- og smásöluverð um hver mánaðamót. „Þar sem formaður Lyfjagreiðslunefndar, Páll Pétursson, hefur lýst því yfir að frekari lækkun álagningar í apótekum sé væntanleg þá er það deginum ljósara að ríkið ætlar að hrifsa til sín þann afslátt sem öryrkjar og ellilífeyrisþegar njóta í dag hjá apótekum." **- jss**





## SPURNING DAGSINS

*Snæbjörn, hvað eru mörg grömm í nýju bókinni?*

„Ég held þau séu um það bil 300."

Kona var dæmd í fangelsi fyrir að reyna að smygla rúmlega 300 grömmum af hassi inn í landið, földum inni í bók um Harry Potter. Snæbjörn Arngrímsson hjá Bjarti gefur út bækurnar um galdrastrákinn en þýðing á nýjustu bókinni er væntanleg.

Íslensk unglingsstúlka sýknuð í Bretlandi af ákæru um kókaínsmygl:

# Saklaus í svikamyllu smyglara

**DÓMSMÁL** Breskur kviðdómur sýknaði í gærdag íslensku unglingsstúlkuna sem ákærð var fyrir að smygla kókaíni til Bretlands í vor. „Hún er þar með laus allra mála," segir lögmaður hennar, Aika Stephenson hjá breska lögfræðifyrirtækinu Lawrence & Co. í samtali við Fréttablaðið.

Stúlkan, sem var 16 ára við handtöku en er nýorðin 17 ára, var ákærð fyrir að hafa smyglað 250 grömmum af kókaíni í skósóla sínum frá Amsterdam til London í maí síðastliðnum, að andvirði um 1,3 milljónum íslenskra króna.

Fyrir kviðdómi Inner London Crown Court játaði hún aðild sína að málinu en útskýrði jafnframt að hún hefði flækst í svikamyllu fíkniefnasmyglara. Hún teldi sig hafa verið að smygla peningum frá Hollandi til fátækrar fjölskyldu í Glasgow og fyrir það hefði hún átt að fá jafnvirði 10.000 íslenskra króna. Hún var handtekin á Waterloo lestarstöðinni við komuna til Englands og hefur verið í haldi lögreglu síðan þá.

„Hún sagði kviðdómnum að hún hefði ekki vitað um eiturlyfin í skónum og kviðdómurinn trúði henni," segir Stephenson. **- smk**



**KÓKAÍN** Stúlkan var handtekin með kókaín í skónum á Waterloo-lestarstöðinni.

Brottnumin skólastúlka:

## Lögreglan stopp

**LÖGREGLA** Ekki hafa komið fram nýjar vísbendingar í máli átta ára stúlku sem kvaðst hafa verið brottnumin á leið úr skólasundi í Laugardalnum 21. september.

„Við erum eiginlega stopp í bili og búið að gera allt sem hægt er," segir Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík. Stúlkan bar að maður hefði þröngvað henni upp í bíl þar sem hún var á leið úr sundinu og látið hana máta föt í verslun, myndað hana og svo keyrt í skólann aftur. „Bíllinn hefur ekki fundist og stúlkan kemur ekki fram í myndavélum verslunarinnar," segir Hörður en bætir við að lögregla haldi málinu opnu, ef ske kynni að fram kæmu nýjar upplýsingar eða sambærilegt mál. **- óká**



**GIBBAN MEÐ HAUSTBURÐINN** Nýborna lambið var heppið með að vel viðraði.

Hrófá í Steingrímsfirði:

## Síðbúinn sauðburður

**LANDBÚNAÐUR** „Við feðgarnir sáum bara allt í einu nýborið lamb stíga sín fyrstu skref við vegkantinn," segir Sigurður M. Þorvaldsson en hann varð vitni að nokkuð síðbúnum sauðburði í fyrrakvöld.

Gibba af bænum Hrófá í Steingrímsfirði bar þá lamb við vegarkantinn og kom hjúunum á bænum, þeim Sigurði Sveinssyni og Ragnheiði Ingimundardóttur, í opna skjöldu. „Hjúin á Hrófá héldu að ég væri að gera að gamni mínu þegar ég hringdi í þau og sagði að gibban þeirra hefði borið," segir Sigurður. **- jse**

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. **-ritstj.**

# Ráðherra bregst við ofbeldi á heimilum

**Félagsmálaráðherra hefur hrint af stað aðgerðaráætlun gegn heimilisofbeldi og kynferðislegu ofbeldi á Íslandi. Hann segir umræðuna að undanförnu hafa haft áhrif og þakkar fyrir kjark þeirra sem þar gengu á undan.**

**KYNFERÐISOFBELDI** „Gerð verður heildstæð áætlun um það hvernig bregðast eigi við heimilisofbeldi og kynferðislegu ofbeldi hér á landi," segir Árni Magnússon félagsmálaráðherra sem hrint hefur af stað aðgerðaráætlun gegn heimilisofbeldi og kynferðislegu ofbeldi. Tillaga hans þess efnis var samþykkt í ríkisstjórn í gærmorgun. „Lagt er til að sjónum verði sérstaklega beint að börnum sem verða fórnarlömb kynferðislegs ofbeldis," segir Árni. „Skoða á sérstaklega hvernig styrkja megi barnaverndaryfirvöld, félagsmálayfirvöld, skóla, heilbrigðiskerfið, lögregluna og fleiri með það að markmiði að efla fræðslu og samhæfa vinnubrögð, verkferla og úrræði," segir hann.

Aðgerðaráætlunin kemur í kjölfar þess að Stígamót, Samtök um kvennaathvarf, mannréttindaskrifstofa og fleiri lögðu síðasta vor fram drög að svona áætlun að fyrirmynd frá hinum Norðurlöndunum.

Spurður hverju hann vonist til að áætlunin skili segir Árni: „Ég vonast til að þetta skili í fyrsta lagi markvissari viðbrögðum þegar upp koma vísbendingar um það að börn séu beitt kynferðislegu ofbeldi." Hann segir að aðgerðaráætlunin muni meðal annars ná inn á verksvið dómsmálaráðuneytis hvað varðar lögreglu og dómstóla, félagsmálaráðuneytis hvað varðar barnavernd og félagsþjónustu, heilbrigðisráðuneyti hvað varðar sjúkrahús og heilsugæslu og menntamálaráðuneytið út frá skólunum.

„Það hefur verið gagnrýnt að áætlun af þessu tagi sé ekki til og fólk viti ekki hvernig það eigi að bregðast við og hvert það eigi að leita þegar grunur um kynferðisofbeldi vaknar. Meiningin er að ná utan um það," segir Árni.

Gert er ráð fyrir að áætlunin liggi fyrir í mars en Árni segir óvíst hvenær hrinda megi henni í framkvæmd. Það fari eftir umfangi og aðstæðum.

„Umræðan undanfarna daga hefur óneitanlega vakið okkur öll til meðvitundar um kynferðisofbeldi gegn börnum og vil ég þakka þeim sem þar hafa gengið á undan fyrir kjark sinn. Það hefur óneitanlega haft áhrif," segir Árni.

**sda@frettabladid.is**



**ÁRNI MAGNÚSSON FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA:** „Umræðan undanfarna daga hefur óneitanlega vakið okkur öll til meðvitundar um kynferðisofbeldi gegn börnum og vil ég þakka þeim sem þar hafa gengið á undan fyrir kjark sinn."



**TOGARINN ELEKTRON** Á flótta með Norðmenn um borð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rússneskir veiðiþjófar:

## Stíma inn í heimalögsögu

**NOREGUR** Skipstjóri rússneska togarans „Elektron", sem lagði á flótta undan norskum varðskipum í Barentshafi með tvo norska veiðieftirlitsmenn innanborðs, sagðist í gær ekki ætla að nema staðar fyrr en hann væri kominn í rússneska landhelgi.

Stórviðri var á þessum slóðum í gær, ölduhæð var átta til níu metrar. Norska strandgæslan beið af þeim sökum með að grípa til frekari ráðstafana til að stöðva togarann. **- aa**

Borgarstjórinn í Reykjavík:

## Fagnar frídegi

**STJÓRNMÁL** Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri í Reykjavík, fagnar aðgerðum sem fyrirhugaðar eru til að minnast 30 ára afmælis kvennafrídagsins 24. október.



**STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR**

Steinunn lýsir stuðningi við þátttöku kvenna þennan dag. Beinir borgarstjóri því til stjórnenda á vinnustöðum borgarinnar að bregðast jákvætt við óskum kvenna um að leggja niður vinnu til að minnast kvennafrídagsins.

Steinunn hvetur konur til að komast að samkomulagi við samstarfsmenn og stjórnendur um tilhögun, þannig að nauðsynleg þjónusta skerðist ekki. **- ss**






Lækkun matarskatts í tengslum við kjarasamninga ekki á dagskrá segir Halldór:

# Flokksformenn ekki í takti

**STJÓRNMÁL** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra segir ekki gert ráð fyrir lækkun matarskatts sem lið í því að treysta grundvöll kjarasamninga.

„Við erum með fjárlagafrumvarp fyrir næsta ár og þar er alveg skýrt hvaða skattalækkanir eru þar uppi á borðinu. Umræðan í þjóðfélaginu hefur frekar verið með þeim hætti að of langt sé gengið í skattalækkunum þannig að ég tel að ekki komi til álita að ganga lengra í þeim efnum," segir Halldór.

Geir Haarde, utanríkisráðherra og nýkjörinn formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði á landsfundi flokksins um síðustu helgi að í stjórnarsáttmálanum væri rætt um breytingar á virðisaukaskatti til hagsbóta fyrir almenning.



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON** **GEIR H. HAARDE**

„Til hagsbóta fyrir almenning hljómar í mínum eyrum þannig að það getur ekki verið um neitt annað að ræða en lækkun. Það á hins vegar eftir að útfæra þetta milli stjórnarflokkanna. Ég hef miklar vonir um að því muni ljúka með fullnægjandi hætti fyrir okkur áður en þetta kjörtímabil er á enda. Og að því munum við stefna," sagði Geir á landsfundinum. **- jh**




Hjálmar spila á NASA
föstudaginn 21. október

ICELANDAIR
www.icelandair.is

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 18.10.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 61,13 | 61,43 |
| Sterlingspund | GBP | 73,01 | 73,41 |
| Evra | EUR | 106,68 | 107,2 |
| Dönsk króna | DKK | 9,78 | 9,838 |
| Norsk króna | NOK | 9,334 | 9,388 |
| Sænsk króna | SEK | 7,696 | 7,742 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5277 | 0,5307 |
| SDR | XDR | 87,92 | 88,44 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**102,6924**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Nýi Danaprinsinn kominn heim af fæðingardeildinni:

# Beðið eftir nafninu

**DANMÖRK** María Elísabet krónprinsessa og Friðrik, krónprins Danmerkur, sýndu nýfæddan son sinn í fyrsta sinn opinberlega í gær er þau fóru heim af fæðingardeildinni.



**EKIÐ HEIM** Fjölskyldan ók heim í Touareg-jeppa. Krónprinsinn ók sjálfur. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN SIGURJÓNSSON

Þau brostu sínu breiðasta, hún með prinsinn unga á arminum, þegar þau veifuðu til fjölmiðlafólks sem beið þeirra við innganginn að Ríkissjúkrahúsinu í Kaupmannahöfn. Ljósmyndarar höfðu verið beðnir að sýna viðkvæmum augum hins þriggja daga gamla prins þá tillitssemi að nota ekki flass. Danska ríkissjónvarpið sendi út beint frá viðburðinum. Sá litli virtist reyndar láta sér fátt um fjölmiðlafárið finnast og svaf sínu værasta.

Hjónin vildu ekkert gefa upp um hvað prinsinn á að heita. „Við notum hin ýmsu gælunöfn,“ sagði María við spurningu fréttamanna. Miklar líkur þykja hníga að því að Kristjánsnafnið verið fyrir valinu enda er 446 ára hefð fyrir því að konungar Danmerkur heiti Kristján og Friðrik á víxl. - aa



**BROSTU BREITT** Foreldrarnir voru alsælir á svip er þeir sýndu soninn unga. MYND/AP

Héraðsdómur Reykjavíkur:

## Baugsmálið bíður fyrirtöku

**DÓMSMÁL** Ekki er enn búið að finna því sem eftir stendur af Baugsmálinu stað í dagskrá Héraðsdóms Reykjavíkur.

Hæstiréttur vísaði átta liðum ákærunnar aftur heim í hérað á mánudaginn fyrir viku, en taldi slíka annmarka á hinum 36 sem eftir stóðu að vísa þyrfti þeim frá dómi.

Pétur Guðgeirsson héraðsdómari og dómsformaður í málinu segir að málið verði tekið fyrir svo fljótt sem auðið er.

Héraðsdómur vísaði málinu frá í heild sinni vegna ágalla í ákæru en Ríkislögreglustjóri skaut málinu til Hæstaréttar 22. september síðastliðinn. - óká

Hótel greiði skaðabætur:

## Stúlka rotaðist í sundlaug

**DÓMSMÁL** Hótel Geysir í Haukadal var í gær dæmt til að greiða 19 ára stúlku þrjár og hálfa milljón króna í skaðabætur fyrir slys sem hún varð fyrir í sundlaug staðarins.

Stúlkan kærði hótelið eftir að hún slasaðist í kórferðalagi Flensborgarskólans í Hafnarfirði þegar hún var 16 ára. Hún stakk sér í sundlaug staðarins, sem verið var að tæma fyrir veturinn, með þeim afleiðingum að hún rotaðist. Skólafélagar hennar komu henni til bjargar. Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp dóminn. - smk

### ARGENTÍNA

**Létust í eldsvoða** Að minnsta kosti 32 argentínskir fangar fórust í eldsvoða um helgina. Að sögn yfirvalda kom til uppþota í fangelsinu en fangarnir reiddust því mjög þegar þeim var neitað um lengri heimsóknartíma á mæðradegi landsins. Því kveiktu þeir í dýnum sínum í mótmælaskyni.



**FORSVARSMENN ASÍ VILJA SKJÓT SVÖR FRÁ RÍKISSTJÓRNINNI** Hér má sjá forystu Alþýðusambands Íslands og ráðherra ríkisstjórnarinnar á fundi.

# Tíminn að renna út

**Enginn ágreiningur er milli forystu ASÍ og stjórnvalda um að forsendur kjarasamninga séu brostnar. Forysta ASÍ vill fá svör um stuðningsaðgerðir ríkisstjórnarinnar en heimilt verður að segja upp samningum eftir 15. nóvember.**

**STJÓRNMÁL** „Það liggur ljóst fyrir að verðhækkanir eru meiri en menn gerðu ráð fyrir í kjarasamningum,“ sagði Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra eftir fund með forystumönnum og sérfræðingum Alþýðusambands Íslands í gær. Hann sagði að verðhækkanir væru einkum vegna húsnæðisliðar og olíuverðs. „Fleira hefur áhrif á kaupmáttinn en launahækkanirnar. Skattamálin leika stórt hlutverk,“ sagði Halldór.

Grétar Þorsteinsson, forseti Alþýðusambands Íslands, sagði lítinn tíma til stefnu og því yrði verkalýðshreyfingin að fá svör sem fyrst. „Við ræddum ýmsa efnisþætti sem við teljum að stjórnvöld þurfi að koma að þótt málið snúi að miklu leyti að Samtökum atvinnulífsins,“ sagði Grétar eftir fundinn í gær og minnti á að ríkisstjórnin hefði einnig átt hlut að máli við gerð síðustu kjarasamninga.

Ljóst er að aðgerða er þörf til að skilyrði kjarasamninga haldi. Að öðrum kosti verður það í höndum aðildarfélaga ASÍ eftir miðjan nóvember hvort þau segja samningum upp.

Ein af kröfum ASÍ varðar reglur um starfsmannaleigur. Forsætisráðherra segir sjálfsagt að setja löggjöf um þær. Stjórnvöld séu hins vegar bundin af evrópskum rétti enda vinnumarkaður sameiginlegur í Evrópu. „ASÍ leggur einnig áherslu á starfsmenntamál. Um það var líka samkomulag í tengslum við síðustu kjarasamninga. Það er atriði sem þarf að fara betur yfir. ASÍ leggur líka áherslu á atvinnuleysisbætur. Löggjöf þar um hefur verið til endurskoðunar og við munum flýta því verki,“ segir Halldór.

Í síðasta lagi leggur Alþýðusamband Íslands áherslu á lífeyrismál, einkum varðandi örorkulífeyri lífeyrissjóðanna. „Við höfum ekki talið skynsamlegt að ríkið taki beinlínis þann þátt á sínar herðar en við erum tilbúin til þess að fara betur yfir það mál. Það er flókið og viðamikið og ekki langur tími til stefnu,“ sagði Halldór Ásgrímsson.

johannh@frettabladid.is



**FJÓRIR RÁÐHERRAR** Árni Mathiesen, Geir Haarde, Halldór Ásgrímsson og Árni Magnússon.

Fuglaflensurannsóknir:

## Skæða veiran ekki í Noregi

**NOREGUR, AP** Rannsóknir á sýnum úr villtum fuglum í Noregi hafa leitt í ljós að í þeim finnast fuglaflensuveirur, en ekki af þeirri skæðu gerð sem veldur áhyggjum af heimsfaraldri um þessar mundir.

Að sögn Christine M. Jonassen, við yfirdýralæknisembættið í Osló, fannst flensusýking í 10 af 86 villtum fuglum sem safnað var. Allir sýktu fuglarnir voru villiendur. Jonassen segir það vera eðlilegt að ýmsar gerðir „hefðbundinnar“ flensu greinist í villtum fuglum. - aa



**KRISTÍN HALVORSEN** Fékk rjómatertu í hnakkann á fyrsta vinnudeginum.

Fall er fararheill:

## Halvorsen fékk tertu í höfuðið

**NOREGUR** Kristín Halvorsen fjármálaráðherra fékk óblíðar móttökur þegar hún mætti í fyrsta sinn í ráðuneyti sitt í Osló í gær.

Vefútgáfa Verdens Gang hermir að í þann mund sem Halvorsen var að ganga inn í ráðuneytið hafi rúmlega tvítugur maður kallað til hennar að hann væri með köku fyrir hana. Halvorsen leit við og sá rjómatertu koma fljúgandi á móti sér.

Lögregla handtók unga manninn og færði í fangageymslur. ■




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**SJÁUM FYRIR ENDANN Á HLÝINDAKAFLANUM**

Góðir tímar taka líka enda segir einhvers staðar og þeim sem finnst ljúft í hlýindunum verða nú að brynja sig gegn svalara veðri. Það er að kólna, nyrðra í dag og syðra á morgun. Aðra nótt verður víða frost á landinu. Góðu fréttirnar eru þær að það léttir til á landinu smám saman.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Hæg norðaustan átt. Fremur skýjað en þurrt. Hiti 5-9 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Allhvasst eða hvasst suðaustan til, annars nokkuð hægari.

*» föstudagur*




Víðast hægur vindur.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 13°C hálfskýjað | París | 18°C alskýjað | Alicante | 24°C léttskýjað |
| Osló | 9°C hálfskýjað | Berlín | 14°C léttskýjað | Milano | 20°C skúrir |
| Stokkhólmur | 14°C hálfskýjað | Frankfurt | 13°C hálfskýjað | New York | 20°C léttskýjað |
| Helsinki | 6°C hálfskýjað | Madrid | 19°C hálfskýjað | San Francisco | 17°C léttskýjað |
| London | 16°C skúrir | Barcelona | 21°C hálfskýjða | Orlando/Florida | 31°C léttskýjað |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Ávísun á góðan bíl!

Við seljum nokkra gæðabíla, Volkswagen Polo, Skoda Octavia og Mitsubishi Lancer af árgerðum 2002, 2003 og 2004.

Klipptu út ávísun hér að neðan og þú ert komin(n) með ríflega innborgun í frábæran bíl.

Eftirstöðvarnar færðu svo á hagstæðu SP-bílaláni til allt að 72 mánaða.

Bílarnir eru til sýnis og sölu á Bílaþingi Kletthálsi.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

**Opið mánudaga til föstudaga 10–18 • Laugardaga 12–16**

SP-FJÁRMÖGNUN

Gildir sem greiðsla upp í Volkswagen Polo
150.000
Greiðið gegn tékka þessum Bílaþingi Heklu
krónur Eitt hundrað og fimmtíu þúsund
Gildir út október 20 05
BÍLAÞING HEKLU *Númer eitt í notuðum bílum*
Aðeins hægt að nota eina ávísun pr. bíl

Gildir sem greiðsla upp í Skoda Octavia
150.000
Greiðið gegn tékka þessum Bílaþingi Heklu
krónur Eitt hundrað og fimmtíu þúsund
Gildir út október 20 05
BÍLAÞING HEKLU *Númer eitt í notuðum bílum*
Aðeins hægt að nota eina ávísun pr. bíl

Gildir sem greiðsla upp í Mitsubishi Lancer
180.000
Greiðið gegn tékka þessum Bílaþingi Heklu
krónur Eitt hundrað og áttatíu þúsund
Gildir út október 20 05
BÍLAÞING HEKLU *Númer eitt í notuðum bílum*
Aðeins hægt að nota eina ávísun pr. bíl

Laugavegi 174 | sími 590 5000 | Klettháls 11 | sími 590 5760 | www.bilathing.is

HEKLA
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

BÍLAÞING HEKLU
*Númer eitt í notuðum bílum*

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Kletthálsi 11, sími 590 5760
www.hekla.is, hekla@hekla.is



## KJÖRKASSINN

*Á að afnema synjunarvald forseta Íslands?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 20% |
| Nei | 80% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að endurskoða ný lög um eftirlaun helstu ráðamanna?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Bréf forsætisráðuneytisins til Umboðsmanns Alþingis um einkavæðingu:

# Hæfisreglur margoft ræddar

**EINKAVÆÐING** Komið hefur fyrir að þeir sem tekið hafa þátt í einkavæðingu ríkisfyrirtækja hafi þurft að víkja frá málum vegn vanhæfis. Þetta kemur fram í svarbréfi forsætisráðuneytisins við fyrirspurn Umboðsmanns Alþingis til forsætisráðuneytisins um fyrirkomulag á sölu ríkisfyrirtækja og félaga í eigu ríkisins til frambúðar.

Þar segir að hæfisreglur stjórnsýslulaga hafi margoft komið til tals innan framkvæmdanefndar um einkavæðingu og að þeim hafi ávallt verið fylgt. „Komið hefur fyrir að einstakir aðilar sem ætlað var að koma að söluferlinu hafi ekki tekið þátt í einstökum sölumálum af þeim sökum,“ segir í bréfinu. Ekki fengust frekari upplýsingar um þetta í forsætisráðuneytinu í gær eða um hvaða mál var að ræða. **- sda**



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FORSÆTISRÁÐHERRA** Í bréfi frá forsætisráðuneyti til Umboðsmanns Alþingis kemur fram að menn hafi þurft að víkja í einkavæðingarmálum vegna vanhæfis.

Verkfall í Danmörku:

# Truflanir í blaðaútgáfu

**DANMÖRK** Í gær kom dagblaðið Berlingske Tidende ekki út og útbreiðsla Politiken var mjög takmörkuð. Ástæðan er sú að tæknimenn í prentsmiðju Trykkompagniet, þar sem bæði blöðin eru prentuð, lögðu niður vinnu í einn dag.

Tæknimennirnir krefjast þess að fá greitt aukalega fyrir útköll. Af þessum sökum voru fréttir Berlingske Tidende aðgengilegar á netinu en alla jafna þarf að greiða fyrir aðgang að þeim þar. Áskrifendur Politiken fengu blaðið samkvæmt venju en ekki var hægt að fá blaðið í lausasölu. **- ks**

## HEIMSÓKN

**Indverskur ráðherra í heimsókn** Í dag hefst tveggja daga heimsókn vísinda- og tæknimálaráðherra Indlands, Kapil Sibal, sem er hér á landi í boði Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra. Ráðherrarnir ræða samskipti Íslands og Indlands og þá sérstaklega á sviði tækni. Áformað er að undirritaðir verði tveir samningar þjóðanna um samvinnu á sviði tækni annars vegar og menningar hins vegar. Kapil Sibal heimsækir forseta Íslands og forsætisráðherra á meðan á heimsókn hans stendur auk þess sem hann heimsækir nokkur fyrirtæki og stofnanir.

## LANDSFUNDUR

**Vinstri Grænir funda** Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs verður haldinn á Grand Hótel á föstudaginn klukkan 17.30. Fundurinn verður settur með sérstakri opnunarhátíð, tónlist, ávörpum og ræðu formanns. Um 300 aðalmenn og 150 varamenn eiga seturétt á fundinum, sem mun fjalla um málefni eins og menntastefnu, afgreiðslu stjórnmálaályktunar og sveitarstjórnarmál. Auk þess verður sérstaklega rætt um hvernig kvenfrelsi verði fléttað inn í stefnuskrá flokksins, en hann skilgreinir sig sem flokk kvenfrelsis.




**Að ná árangri í markaðssetningu:**

**Markaðslyklar**

Markmið námskeiðsins er að nemendur læri hagnýt vinnubrögð við markaðssetningu vöru og þjónustu og geti nýtt þau í starfi. Megin viðfangsefni námskeiðsins er markaðsgreining og markaðsáætlanir.

**Fyrir hverja?**

Námskeiðið er ætlað þeim sem starfa við markaðssetningu í fyrirtækjum og stofnunum og vilja bæta hagnýta þekkingu sína og vinnubrögð í tengslum við virka markaðssetningu.

**Helstu efnisþættir**

**Markaðsgreining**

- Þörfin og varan. Vöru- og markaðslíkan
- Samkeppni og ytri aðstæður
- Mat á markaðsstærð, markaðshlutdeild og skilgreining markhópa
- Öflun og nýting markaðsupplýsinga

**Markaðsáætlun**

- Stefnumótun í markaðsmálum, markmiðasetning og áætlanagerð:
  1. ***Vörustefna:*** Varan, skilgreining vöru, hagur neytenda, vöruþróun, vöruval og vörulistar
  2. ***Dreifingarstefna:*** Sölustaðir, sölustaðagreining, heimsóknaráætlanir
  3. ***Verðstefna:*** Verðákvörðun, verðlagning, framlegð og afslættir
  4. ***Kynningarstefna:*** Sölustjórnun, auglýsingar, vörukynningar, kynningarherferðir, auglýsingaáætlun
- Markaðsaðgerðir, aðgerðaáætlun, söluáætlun, kostnaður og árangursmat.

Kennt er ***3., 4., 10. og 11. nóvember***, frá kl.09:00 til 12:30.

Nánari upplýsingar og skráning á vef Iðntæknistofnunar ***www.iti.is*** eða í síma ***570 7100***.

Iðntæknistofnun



LYFJA - Lifið heil

www.lyfja.is

**Nú er rétti tíminn fyrir inflúensubólusetninguna**

Hjúkrunarfræðingar og læknir hafa umsjón með bólusetningu gegn inflúensu í Lyfju Lágmúla, Smáralind og Laugavegi. Tímapantanir óþarfar.

Verð fyrir hverja bólusetningu er **1.490 kr.**

**Tímasetningar:**

**Laugavegur** Alla daga frá kl. 13-19 nema laugardaga kl. 13-16 og lokað sunnudaga. Sími 552 4045.

**Lágmúli** Alla daga frá kl. 16-21. Sími 533 2306.

**Smáralind** Alla daga frá kl. 13-18. Sími 530 5800.

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Kringlunni - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LYF 29828 10/2005




**VÍTAHRINGUR FÁTÆKTAR OG SPILLINGAR** Flóttamenn í Tsjad. Fátækustu ríki heims raða sér í neðstu sæti „spillingarlista“ Transparency International. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Spilling álitin vera minnst á Íslandi

**Í skýrslu stofnunarinnar Transparency International um mat á spillingu í löndum heims kemur Ísland best út. Tsjad og Bangladess eru á botninum.**

**LUNDÚNUM, AP** Á árlega uppfærðum lista stofnunarinnar Transparency International, sem sérhæfir sig í að meta og fylgjast með spillingu í löndum heims, er Ísland minnst spillta land veraldar. Mest er spillingin aftur á móti í Tsjad, Bangladess, Túrkmenistan og Myanmar (Búrma).

Þetta kemur fram í nýjustu skýrslu stofnunarinnar sem birt var í gær. Þar segir að í yfir tveimur af hverjum þremur af þeim 159 löndum sem skýrslan nær til sé spilling á alvarlegu stigi. Þetta hamli viðleitni til að uppræta fátækt í heiminum.

Á einkunnaskala Transparency International, sem mælir mat á spillingu í viðkomandi landi (Corruption Perception Index, CPI), fær Ísland einkunnina 9,7 en Tsjad og Bangladess 1,7. Einkunnagjöfin er byggð á umsögnum fólks sem er sérfrótt um viðkomandi lönd, háskólafólk og embættismenn, og fólk sem stundar viðskipti í þessum löndum.

Peter Eigen, stjórnarformaður stofnunarinnar sem hefur höfuðstöðvar sínar í Berlín, segir spillingu í stjórnsýslunni auka á fátækt og eymd í mörgum þróunarlöndum. „Þessar tvær plágur nærast hvor á annarri og læsa íbúana í vítahring eymdar,“ tjáði Eigen AP-fréttastofunni. „Það verður að ganga hart fram gegn spillingu ef þróunaraðstoð á að skila áþreifanlegum árangri í að hjálpa fólki upp úr fátækt.“

Þau ríki sem lenda neðst á listanum eru flest einnig meðal þeirra fátækustu. Þau eru flest í Afríku. Ríkin sem álitin eru minnst spillt eru jafnframt þau þróuðustu og ríkustu.

Næst á eftir Íslandi koma Finnland (9,6), Nýja-Sjáland (9,6), Danmörk (9,5), Singapore (9,4), Svíþjóð (9,2), Sviss (9,1), Noregur (8,9), Ástralía (8,8) og Austurríki (8,7).

Nokkur lönd færðust upp um nokkur sæti frá því í fyrra. Þar á meðal eru Eistland, Frakkland, Hong Kong og Japan.

**audunn@frettabladid.is**

Gáfuð górilla gerir vísindamenn glaða:

# Beitir grjóti við hnetubrotið

**AUSTUR-KONGÓ, AP** Ung górilla á verndarsvæði í Austur-Kongó hefur vakið athygli vísindamanna en hún sýnir meiri færni í notkun verkfæra en talið var að górillur byggju yfir.

Í síðasta mánuði tóku dýrahirðar á verndarsvæði Dian Fossey górillustofnunarinnar í Austur-Kongó eftir því að ein górillan, Itebero, hafði tekið upp á því að koma pálmahnetum fyrir á steini og mölva þær með grjóthnullungi til að ná úr þeim olíu.

Fram til þessa hafa líffræðingar talið að einungis menn og simpansar væru færir um slíka notkun verkfæra. Hegðun Itebero bendir hins vegar til að slík færni eigi sér mun dýpri rætur í þróunarsögunni en áður var talið.

Itebero hefur búið á svæðinu í heilt ár en yfirvöld frelsuðu hana úr höndum veiðiþjófa sem hugðust selja hana. Talið er að hún hafi tekið upp á því sjálf að brjóta hneturnar en hafi ekki tekið mannfólkið til fyrirmyndar í þeim efnum.

Tvö dæmi eru um górillur á verndarsvæði sem notað hafa verkfæri, þótt sú notkun sé ekki á jafn háu stigi og sú sem Itebero sýnir. Ekki er vitað hvort villtar górillur beiti verkfærum með þessum hætti en atferli Itebero rennir styrkari stoðum undir þann grun. **- shg**



**HAMAR OG STEÐJI** Itebero er tveggja og hálfs árs en þykir samt sýna meiri leikni í notkun verkfæra en talið var að górillur byggju yfir.



GOTT FÓLK McCANN
Takk Snæbjörn
Ég vil bara þakka þér fyrir að koma og frelsa okkur mæðgurnar. Í áraraðir höfum við þurft að deila á milli okkar takmörkuðu niðurhali og allt of litlum hraða. Þetta ömurlega ástand hefur verið okkur dýrkeypt, ekki bara í krónum talið heldur kostað miklar og harðar samningaviðræður, jafnvel skilið eftir sig sár. En eftir að þú komst inn í líf okkar og færðir okkur Hive hefur sambandið aldrei verið betra.
Takk Snæbjörn.
Hive
3.990*
HiveLite
Þráðlaust internet
4 GB niðurhal
8 Mb tenging
Hive netsími
*Hive Lite er hagkvæm áskriftarleið sem færir þér þráðlaust internet, 4 GB niðurhal, 8 Mb tengingu, ódýrari símtöl – aðeins 5 kr. á mínútu í heimasíma rúmlega 30 landa og fullkominn tækjabúnað, ásamt allri uppsetningu án aukagjalds á aðeins 3.990 kr. á mánuði.
Hive.is · Grensásvegi 16 · Reykjavík · Þjónustusími 414 1616 · hive@hive.is
Hive
*M.v. 12 mánaða samning.



## VEISTU SVARIÐ

1 Hvað heitir forstjóri Actavis?

2 Hve gamall er sjávarútvegsráðherra Noregs?

3 Hvaða hljómsveit spilar lag Bjark ar, Hunter, á nýrri plötu sinni?

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU 34

Prófkjör Samfylkingarinnar á Akureyri:

# Oktavía ætlar ekki fram

**PRÓFKJÖR** Oktavía Jóhannesdóttir, oddviti og bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar á Akureyri, ætlar ekki að taka þátt í lokuðu prófkjöri Samfylkingarinnar á Akureyri vegna sveitarstjórnarkosninganna á næsta ári. Kosið verður um fjögur efstu sæti listans sem samkvæmt reglum prófkjörsins skulu skipuð tveimur konum og tveimur körlum.

Prófkjörið verður haldið 5. nóvember en framboðsfrestur rennur út næstkomandi fimmtudag. Nú þegar hafa átta manns tilkynnt þátttöku.

Ásgeir Magnússon, framkvæmdastjóri Skrifstofu atvinnulífsins á Akureyri og fyrrum bæjarstjóri í Neskaupstað, stefnir á eitt af efstu sætunum. Hann var ekki á lista Samfylkingarinnar í kosningunum fyrir þremur árum.

Helena Karlsdóttir var heldur ekki á listanum fyrir síðustu kosningar en stefnir nú á eitt af þremur efstu sætunum.

Herman Jón Tómasson varabæjarfulltrúi skipaði annað sæti á listanum fyrir síðustu kosningar en stefnir nú á fyrsta sætið og það gerir einnig Hermann Óskarsson sem skipaði 13. sætið á listanum í síðustu kosningum.

Sigrún Stefánsdóttir var í þriðja sæti listans en hún sækist nú eftir öðru sæti og Jón Ingi Cæsarsson hefur sett stefnuna á annað eða þriða sætið en hann skipaði fjórða sætið síðast. - kk



**OKTAVÍA JÓHANNESDÓTTIR** Oddviti Samfylkingarinnar á Akureyri gefur ekki kost á sér í komandi prófkjöri.

Ólga í Ísrael:

# Viðræðum slegið á frest

**ÍSRAEL** Ísraelsstjórn hefur ákveðið að hætta öllum samskiptum við heimastjórn Palestínumanna eftir að þrír Ísraelar féllu í árásum uppreisnarmanna á Vesturbakkanum um helgina.

Til stóð að embættismenn hittust á næstu dögum til að undirbúa fund Ariels Sharons, forsætisráðherra Ísraels og Mahmoud Abbas, forseta heimastjórnar Palestínumanna. Átök brutust hins vegar út á Vesturbakkanum á sunnudaginn þegar palestínskir vígamenn skutu þrjá Ísraela til bana og særðu fjóra á strætisvagnabiðstöð.




Hjá sérverslun **Parka** að **Dalvegi 18** í Kópavogi bjóðum við upp á mjög mikið úrval af gegnheilu og fljótandi parketi ásamt parketvörum frá heimsþekktum framleiðendum.

Parki INTERIORS í húsið

Dalvegi 18
201 Kópavogur
Sími: 564 3500

Fax: 564 3501
Netfang: parki@parki.is
www.parki.is


# Háskólinn ekki ábyrgur

**Starfsmaður Háskóla Íslands segir beiðni Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar um að loka heimasíðu sinni hafa borist í september en ekki í júlí 2004.**

**DÓMSMÁL** „Ég hef beðið starfsfólk Háskóla Íslands að aftengja heimasíðu mína," segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson í bréfi til enskra lögmanna Jóns Ólafssonar kaupsýslumanns, dagsettu þann 3. júlí 2004.

Ummæli Hannesar voru þrátt fyrir þetta birt á vefsetri Háskólans alveg til 6. september 2004 en þá bað Hannes um að síðunni yrði lokað. „Hann segist hafa beðið um þetta fyrr en um það finnast engin merki," segir Friðrik Rafnsson hjá markaðs- og samskiptadeild Háskólans.

„Aðkoma Háskólans að þessu máli er engin. Við treystum fólki til þess að fara eftir almennum lögum í skrifum sínum," segir Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur hjá Háskóla Íslands. Hann segir algjört málfrelsi ríkja hjá stofnuninni, annað yrði aldrei liðið.

Ummæli Hannesar um Jón Ólafsson er að finna í ensku dómskjölunum. Hannes segir:

„Ég og aðrir frjálshyggjumenn höfum okkur til skaprauna horft upp á sjálfstætt sjónvarpsfyrirtæki falla í hendur andstyggilegs manns sem heitir Jón Ólafsson. Það hefur verið fullyrt að hann hafi upphaflega byggt veldi sitt með sölu ólöglegra fíkniefna og hefur hann upp á síðkastið gerst frægur af harðsnúnum viðskiptaháttum. Hann hefur, með aðstoð Chase Manhattan bankans, notað völd sín til þess að byggja upp viðskiptahagsmuni sína ásamt því að viðhalda samböndum við ákveðna stjórnmálamenn sem eru fjárhagslega háðir honum," segir Hannes og heldur áfram:

„Leiðtogi Samfylkingarinnar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, hefur hvergi vikið frá málstað hins alræmda Jóns Ólafssonar í Skífunni, eiganda sjónvarpsstöðvar og staðföstum andstæðingi forsætisráðherrans Davíðs Oddssonar. Jón Ólafsson hefur varla borgað nokkurn tekjuskatt, hvorki á Íslandi né í Englandi, og þó hefur hann efni á því að eiga hús í Lundúnum, Reykjavík og Suður-Frakklandi ásamt glæsibifreiðum. Öllu þessu er nákvæmlega lýst í myndskreyttum vikuritum."

saj@frettabladid.is



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR** Hannes segir Jón notfæra sér það að stjórnmálamenn séu fjárhagslega háðir honum. Hann segir formann Samfylkingarinnar fylkja liði með Jóni Ólafssyni.



**HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON OG JÓN ÓLAFSSON** Prófessorinn fullyrðir að Jón borgi varla skatt og segist hafa lesið um mikilfenglegar eignir hans í myndskreyttum vikuritum.


FYRSTA AFGANSKA SKÁLDSAGAN Á ÍSLENSKU

Ástríðufull saga um svik og efndir

„Myndræn og afar sannfærandi."
*Image*

„Þetta er stórkostlegt skáldverk."
*Isabel Allende*



Heillandi skáldsaga um vináttu og svik, ástir og örlög, sakleysi og sekt. Hún er allt í senn: pólitísk og persónuleg, grimm og hlý, harmræn og fyndin. Khaled Hosseini bregður upp leiftrandi myndum af daglegu lífi í Afganistan frá áttunda áratugnum til dagsins í dag.

„Snilldarleg og nístandi sönn."
*Daly Telegraph*

„Hreint út sagt dýrleg bók."
*Bók ársins, Observer*

30% AFSLÁTTUR
Gildir til 31.10.2005.

Penninn Bókabúð Máls og menningar Eymundsson

JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is


Fellibylurinn Wilma:

# Óveður í Hondúras

**FELLIBYLUR** Hitabeltisstormurinn Wilma náði í gær styrk fellibyls en þá var vindhraði í hviðum kominn upp í tæpa fimmtíu metra á sekúndu.

Wilma gengur nú yfir Hondúras og veldur heimamönnum miklum vandræðum með úrhellisrigningu. Stjórnvöld í Níkaragva hafa einnig gefið út viðvörun.

Talið er að Wilma gangi yfir sunnanverðan Flórídaskaga á laugardag en svo virðist sem hún fari fram hjá ríkjunum á suðurströnd Bandaríkjanna sem urðu verst úti þegar fellibyljirnir Katrín og Rita gengu yfir.



**GRENJANDI RIGNING** Wilma kom við á Jamaíka um helgina og fylgdi henni mikil úrkoma. Einn lést af völdum ofviðrisins þar. MYND/AP


FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000




Enn ein
Metsölubókin?



Kostar aðeins
**1.499,-**

# Landsliðsréttir
## Hagkaupa komin í verslanir!
**238 spennandi uppskriftir frá landsliði matreiðslumeistara**



**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*






Fyrsta umferð leiðtogakjörs breska Íhaldsflokksins í gær:

# Clarke heltist úr lestinni

**BRETLAND** Ken Clarke heltist úr lestinni í fyrstu umferð leiðtogakjörs breska Íhaldsflokksins í gær. David Davis varð hins vegar hlutskarpastur fjórmenninganna sem berjast um embættið.

Breskir íhaldsmenn velja sér um þessar mundir eftirmann Michaels Howard sem sagði af sér embætti eftir þingkosningarnar í vor. Í gær fór fyrsta umferð leiðtogakjörsins fram en þá greiddu þingmenn flokksins atkvæði um fjóra frambjóðendur.

Ken Clarke, fyrrverandi fjármálaráðherra, fékk fæst atkvæði í gær og er því úr leik. David Davis, David Cameron og Liam Fox eru hins vegar komnir áfram í aðra umferð en hún fer fram á morgun. Sjötta desember kjósa svo flokksmenn um þá tvo sem eftir eru.

David Davis nýtur stuðnings flestra þingmanna flokksins, eða 66. Vinsældir Camerons eru aftur á móti taldar meiri á meðal almennra flokksmanna og því hallast veðbankarnir að sigri hans. Cameron hefur hins vegar verið gagnrýndur fyrir að neita að upplýsa hvort hann hafi neytt fíkniefna á sínum yngri árum og gæti það orðið honum fjötur um fót.

- shg



**ALLT ER ÞÁ ÞRENNT ER** Kenneth Clarke vildi verða leiðtogi íhaldsmanna 1997 og 2001 en var hafnað í bæði skiptin. Atkvæðagreiðslan í gær er því sú þriðja sem hann bíður ósigur í. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fyrningarfrumvarp vegna kynferðisbrota gegn börnum fram í þriðja sinn:

# Um sextán þúsund undirskriftir með frumvarpinu

**ALÞINGI** „Rétt er að afnema fyrningu í öllum kynferðisbrotum gegn börnum sakir þess að hér er um sérlega viðkvæman hóp brotaþola að ræða," segir Ágúst Ólafur Ágústsson þingmaður Samfylkingar.

Lagt hefur verið fram á Alþingi lagafrumvarp um afnám fyrningarfresta vegna kynferðisafbrota gegn börnum undir 14 ára aldri. Fyrsti flutningsmaður er Ágúst Ólafur. Um 16.000 undirskriftir hafa safnast til stuðnings frumvarpinu og hafa ungliðahreyfingar allra stjórnmálaflokka lýst yfir stuðningi við það. Frumvarpið er nú lagt fram í þriðja sinn. Ágúst Ólafur bendir á að þingheimur hafi því ekki enn fengið tækifæri til að taka afstöðu til þessa mikilvæga sanngirnismáls, sem sé þjóðarvilji.

Með frumvarpinu er tekið tillit til sérstöðu kynferðisafbrota gegn börnum, að sögn Ágústs Ólafs. Barn sem verður fyrir kynferðisofbeldi áttar sig oft ekki á að brotið hafi verið gegn því fyrr en mörgum árum síðar eða bælir minninguna um ofbeldið og telur sig jafnvel sjálft bera sök.

Kynferðisbrot gegn börnum koma því oft ekki fram í dagsljósið fyrr en mörgum árum eða áratugum eftir að þau voru framin, þegar þau eru fyrnd að lögum. Samkvæmt núgildandi lögum eru hins vegar öll kynferðisafbrot gegn börnum fyrnd við 29 ára aldur fórnarlambsins. Núgildandi fyrningarfrestir eru núna allt frá 5 árum upp í 15 ár, að sögn Ágústs Ólafs. Þeir eru því í mörgum tilfellum of skammir fyrir stóran hóp brotaþola.



**ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON** Fyrsti flutningsmaður frumvarps um afnám fyrningarfresta vegna kynferðisbrota gegn börnum.


NISSAN
PATROL
SKIPT_um væntingar



ÓBLANDAÐUR

33" dekk, toppbogar og dráttarbeisli. Leður, sóllúga, 7 manna, bara einn með öllu.

Patrol Elegance
Verð 4.690.000,-



Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00



# Hálka framundan



## Sparibíll fyrstir með
### 2006 Jeep Grand Cherokee Limited 3,0 Dísel.

Tökum niður pantanir á bílum sem afhendast í Nóvember.
Litir: Silfur – Dökkgrár – Svartur – Dökkblár.
Búnaður: leður, lúga, rafm. í öllu, ofl.ofl.
Ábyrgð: Full Evrópsk verksmiðjuábyrgð
Þjónusta: Ræsir Hf.

**Verð: 5.490 þús.**







### Nýjir Kia Sorento Dísel og Bensín

Litir: Svartur – Silfur – Steingrár - Ljósblár
Ábyrgð: 3ja ára evrópsk verksmiðjuábyrgð.

Verð:
**EX Sjálfskiptur Dísel**. Listaverð: Kr. 3.485 þús. **Okkar verð: Kr. 3.150 þús.**
**EX Luxury Sjálfskiptur Dísel**. Listaverð ( síðast þegar hann var til ): Kr. 4.075 þús. **Okkar verð: Kr. 3.490 þús.**
**EX Luxury Sjálfskiptur V6 Bensín**. Listaverð ( síðast þegar hann var til ): Kr. 4.090 þús. **Okkar verð: Kr. 3.490 þús.**
**ATH!** LX bíll sem mikið hefur verið auglýstur er ekki sambærilegur bíll !

### Nýr Jeep Cherokee (Liberty) 2,8 CRD Dísel

Litir: Svartur.
Ábyrgð: Evrópsk verksmiðjuábyrgð

**Síðasti bíllinn á þessu tilboðsverði**
**Kr. 3.390 þús.**

### Nýr 2006 Subaru B9 Tribeca Limited

Ábyrgð: Allt að 5 ára ábyrgð.
Litir: Svartur til afhendingar strax. Annars val um lit.

Verð:
**Base 5 manna: Kr. 4.075 þús.***
**Limited 5 manna: Kr. 4.250 þús.***
**Limited 7 manna: Kr. 4.490 þús.***

*Listaverð ekki fáanlegt.

## 4x4 Bílar til afhendingar strax!

**www.sparibill.is**

Skúlagötu 17 · Sími: 577 3344



**VIÐ ÖLLU BÚNAR** Leiðtogafundur Efnahagssamvinnuráðs Asíu og Kyrrahafsríkja (APEC) fer fram í Busan í Suður-Kóreu í næsta mánuði. Sérsveitir lögreglunnar vilja því vera við öllu búnar.

Ný sundlaug tekin í notkun á Patreksfirði:

# Laugin er algjör draumur

**SKÓLAMÁL** Sundlaugin á Patreksfirði var tekin til notkunar á mánudag þegar nemendur úr 1. bekk þreyttu sundfimi sína undir leiðsögn sundkennara. Sundlaugin verður þó ekki opnuð almenningi fyrr en í næsta mánuði en þangað til verða Patreksfirðingar að gera sér að góðu heitu pottana við gömlu sundlaugina.

Það verða grunnskólabörn frá Bíldudal, Patreksfirði og Barðaströnd sem sækja sundkennslu sína í nýju lauginni.

„Þetta er algjör draumur og er í raun bara ein nýjungin enn í skólastarfinu hér,“ segir Nanna Sjöfn Pétursdóttir, skólastýra Grunnskóla Vesturbyggðar, en þar fara einnig fram miklar tilraunir í svokallaðri dreifmennt sem er nýjung í fjarkennslu á grunnskólastigi.

Það er skammt stórra högga á milli því í dag verður hafist handa við að leggja parket í nýju íþróttahúsi á staðnum og segir Guðmundur Guðlaugsson, bæjarstjóri Vesturbyggðar, að vonir standi til að það verði tekið í notkun í desember á þessu ári. Þá verður íþróttamiðstöðin, sem Patreksfirðingar hafa kosið að kalla Bröttuhlíð, vígð. Verður þá langþráðu markmiði náð en miklar tafir hafa verið á framkvæmdum við byggingu hennar. **- jse**



**SKÓLASUND Á PATREKSFIRÐI** Brynjar Þór Þorsteinsson sundkennari temur nemendur sína í nýju sundlauginni.

Ljóð Túrkmenistanforseta:

# Skyldulesning allra þegna

**TÚRKMENISTAN, AP** Forseti Túrkmenistans fyrir lífstíð, Saparmurat Niyazov, hefur gefið út nýja ljóðabók sem verður skyldulesning fyrir alla þegna landsins, að því er fram kemur í ríkisfjölmiðlum landsins.

Nýja ljóðabókin ber titilinn „Mín kæra“, en hún var kynnt á túrkmenska þinginu í síðustu viku að viðstöddum þingheimi, ráðherrum ríkisstjórnarinnar, blaðamönnum og háskólamönnum.

Yrkisefni forsetans, sem lætur kalla sig „Föður allra Túrkmena“, er einkum ættjarðarást, mannleg gæska og fegurð umhverfisins. **- aa**



**FYRSTA SKIPIÐ** Björg Jónsdóttir við nýja hafnargarðinn á Húsavík.

Hafnarframkvæmdir á Húsavík:

# Björg fyrst við hafnarkantinn

**HÚSAVÍK** Björg Jónsdóttir ÞH 321 lagðist síðastliðinn sunnudag fyrst skipa að nýja hafnarkantinum á Húsavík. Framkvæmdum við höfnina er að mestu lokið að því undanskildu að eftir er að steypa hafnarþekjuna. Verður það gert næsta sumar og að því loknu verður höfnin formlega tekin í notkun.

Ekki er gert ráð fyrir að hafnarkanturinn verði notaður í vetur nema viðlegupláss skorti á Húsavík og slík varð raunin um síðustu helgi. **- kk**

# Þrengsli íþyngja starfinu

**Enn er yfirfullt á réttargeðdeildinni á Sogni. Þrengslin eru orðin verulega íþyngjandi fyrir starfið þar, að sögn yfirlæknis. Leyfa verður heimsóknir í einkaherbergi. Kennari deilir skrifstofu með sálfræðingi.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Þrengsli á réttargeðdeildinni á Sogni eru orðin íþyngjandi fyrir starfsemina, að sögn Magnúsar Skúlasonar yfirlæknis. Þar er pláss fyrir sjö öryggisgæslusjúklinga en síðustu vikur og mánuði hafa sjúklingarnir lengst af verið átta. Herbergi ætlað fyrir heimsóknir, kennslu og fundarhöld hefur verið tekið fyrir þann áttunda. Fyrirsjáanlegt er að ástandið verði með þessum hætti næstu vikurnar.

„Maður er á nálum yfir því hvað gerist ef einn sjúklingur bætist við en það getur hæglega gerst innan tíðar,“ segir Magnús. „Það sér hvert mannsbarn að það má ekkert út af bera. Heilbrigðisráðherra sagði við Fréttablaðið þegar áttundi öryggisgæslusjúklingurinn bættist við nú síðast, að gripið yrði til einhverra ráða. Þessi einhver ráð eru óljós.“

Magnús segir vissulega lýjandi til lengri tíma að starfa við aðstæður eins og þær á Sogni núna. Grípa hafi orðið til ýmiskonar undanþága og tilfæringa með því að leyfa heimsóknir á einkaherbergi. Starfsfólk þurfi þá að hafa enn meiri gætur á sjúklingum en ella.

„Það er farið að íþyngja starfseminni að herbergið skuli vera upptekið,“ segir hann. „Kennarinn sem notaði það, ásamt fleirum, hefur nú verið fluttur endanlega í herbergi sem hann deilir með sálfræðingi staðarins. Öll svona röskun veldur núningi og pirringi meðal sjúklinganna.“ **jss@frettabladid.is**



**SOGN ER YFIRFULLT** Ýmsar tilfæringar og undanþágur hafa verið gerðar.

Starfsmennt FRÆÐSLUSETUR

Höfum opnað nýja þjónustu og gagnagrunn á netinu

Fræðslusetrið Starfsmennt býður nú upp á rafrænar skráningar og gagnvirkt kerfi sem er liður í aukinni þjónustu Starfsmenntar. Á heimasíðunni kynnir setrið ný námskeið og verkefni. Í boði er fjöldi námskeiða og þjálfunartilboða sem eru hönnuð með þarfir starfsmanna og stofnana ríkisins í huga. Fræðslusetrið veitir einnig stofnunum ríkisins ráðgjöf á sviði starfsþróunarmála og endur- og símenntunar. Farðu inn á heimasíðu Starfsmenntar og kynntu þér nýja og spennandi möguleika.

STÍNA MAJA / FÍT



www.smennt.is

Kynntu þér hvað við höfum upp á að bjóða



Störf og starfshópar
Járnsíða
Almenn námskeið
Netnámskeið

Fræðslusetrið Starfsmennt • Grettisgötu 89 • 101 Reykjavík • sími 525 8395 • smennt@smennt.is • www.smennt.is

# ACCORD

HONDA
The Power of Dreams

# Skiptu upp í sjálfskiptan fyrir aðeins **10.000** kr.



Executive sjálfskiptur, 190 hestöfl, sóllúga og leðurinnrétting

| Verðlaun | |
|---|---|
| | Eftirsóttasti stallbakurinn í sínum flokki samkvæmt Edmunds.com |
| | Einn af bestu fjölskyldubílum í boði í dag samkvæmt AAA og Parents magazine |
| | Hagkvæmustu kaupin í sínum flokki samkvæmt IntelliChoice |
| | 18 sinnum á "10 bestu" lista Car and Driver |
| | Besti fjölskyldubíll í heimi samkvæmt Edmunds.com |

HÉR & NÚ / SÍA

→ Kynntu þér vel búinn Honda Accord á sjálfskiptu tilboði.



Sport



Type-S



Tourer Sport

honda.is

Þú komst ekki þangað sem þú ert í lífinu með því að bíða. Renndu strax við hjá Bernhard Vatnagörðum og sjáðu hvernig þú getur skipt upp í nýjan margverðlaunaðan Honda Accord. Þú velur Sport, Type-S eða Executive allt eftir því hversu mikinn lúxus þú vilt og við uppfærum hann í sjálfskiptan fyrir aðeins 10.000 kr. Sparneytnari en þú átt að venjast og betur búinn en samkeppnin. Accord er frábært dæmi um Honda gæði á Honda-góðu tilboði.

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Bílavík, Reykjanesbær,sími 421 7800 - Bílver, Akranes, sími 431 1985 - Höldur, Akureyri, sími 461 6020 - Bragginn, Vestmannaeyjar, sími 481 1535

## „ORÐRÉTT“

*Þig hlýtur að misminna*

**„Hún sagðist fara létt með að svæla þetta á nokkrum dögum, ef ég man rétt.“**

**Sævar Lýðsson, fulltrúi sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli, í Fréttablaðinu um dönsku konuna sem á dögunum var tekin með 320 grömm af hassi.**

*Stórundarlegt*

**„Svo undarlega sem það hljómar þá er enginn kvikmyndaskóli starfræktur á vegum hins opinbera.“**

**Hjálmar Árnason þingmaður í grein í Morgunblaðinu um kvikmyndagerð.**

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ELÍN SIGURÐARDÓTTIR ROPE YOGA KENNARI

# Gefur mér mikið að kenna

„Það gengur rosalega vel og þetta er alveg magnað,“ segir Elín Sigurðardóttir, rope yoga kennari og fyrrum afrekskona í sundi, um rope yoga námskeiðin sem hún heldur og viðbrögð fólks við þeim. Guðni Gunnarsson líkamsræktarþjálfari sem býr í Los Angeles þróaði Rope yoga og nýlega var það kynnt og markaðssett á Íslandi. Elín kynntist því hjá Guðna fyrir ellefu árum og heillaðist strax en hún var þá að búa sig undir Ólympíuleika.

„Nú hafa um 50 rope yoga kennarar útskrifast af námskeiðum og útbreiðslan gengur mjög vel,“ segir Elín en hún leiðbeinir líka á námskeiðum fyrir leiðbeinendur.

Nokkur ár eru liðin síðan hún hætti að æfa og keppa í sundi en hún náði góðum árangri í greininni og keppti á tvennum Ólympíuleikum. „Ég keppti í átján ár og var í landsliðinu í fimmtán ár. Þegar ég hafði engin sérstök markmið lengur var þetta orðið gott og þá ákvað ég að hætta.“ Elín var 27 ára þegar hún hætti að keppa og þó það þyki ekki hár lífaldur er það hár aldur þegar kemur að sundinu. „Það er varla að dýfi tánni í vatn, kannski rétt aðeins á sumrin ef veðrið er gott,“ segir Elín en rope yogað hefur komið í staðinn fyrir þá miklu hreyfingu sem sundið er.

„Það gefur mér mikið að kenna og ég hreinlega klökna þegar fólk segir mér hvað rope yogað gerir fyrir það. Sumir losna við verki og aðrir draga úr lyfjatöku og öllum líður miklu betur,“ segir Elín sem sjálf kemst í gott form, bæði líkamlega og andlega, af rope yoganu.








**BRAGI GUÐBRANDSSON** Bragi hefur verið mærður af tveimur drottningum. Hann hefur hug á því næst að vinna með Elísabetu, drottningu Breta.

# Mærður af drottningum

***Fyrir skemmstu var opnað Barnahús að íslenskri fyrirmynd í Linköping í Svíþjóð. Við opnunarathöfnina fór Silvía Svíadrottning fögrum orðum um Barnahúsið sem hún heimsótti í Íslandsför sinni og sagði að síðan þá hefði hún átt þann draum að slíkt hús yrði að veruleika í Svíþjóð. Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, var viðstaddur opnunina og tók skjalli drottningar með stolti.***

„Ég var sérlega ánægður fyrir það fyrsta að vera ávarpaður af drottningu og ekki var verra að fá svona konunglega staðfestingu á því að Svíar skuli geta sótt þekkingu og reynslu hingað til Íslands þar sem hingað til höfum við sótt nær allt okkar til þeirra,“ segir Bragi. Hann kann sig greinilega í konunglegu samneyti því í lok ræðu sinnar sem hann hélt við opnunina sagði hann að ekki skyldu Svíar þakka Íslendingum því Ísland hefði sótt svo margt til þeirrar vitundarvakningar sem umleikið hefur Svíþjóð í þessum málum undanfarin ár og því segði hann eins og nóbelsskáld okkar þegar lítil stúlka þakkaði honum fyrir ljóðin en þá svaraði hann: „þakka þú mér eigi fyrir þessi ljóð; það varst þú sem gafst mér þau öll saman áður.“





**LETILÍF** Hið nýfædda letidýr Ellie sýgur mjólk úr pela sem starfsmaður sædýrasafnsins Discovery Cove heldur á.

Það var enn til að auka á gleði Braga þegar honum varð ljóst að húsið er merkt Barnahus upp á íslenskuna og verða hús sem þessi nefnd með þeim hætti og því má segja að íslenskt nýyrði hafi rutt sér til rúms í Svíþjóð.

Silvía er ekki eina drottningin sem lært hefur af því hvað Bragi og samstarfsmenn hans eru að gera því árið 2002 sendi Ranía Jórdaníudrottning eftir honum og bað hann að vera yfirvöldum barnaverndarmála þar í landi innan handar við uppsetningu Barnahúsa þar þótt þau væruekki alveg sambærileg við þau íslensku og sænsku.

Bragi dvaldi þá í tvær vikur í Amman og lét hann vel af þeirri dvöl.



**SILVÍA DROTTNING SVÍA** Hér er drottningin fyrir utan Barnahúsið nýja.

En það liggur því beinast við að spyrja hann hvaða drottningu hann ætli að láta mæra sig næst? „Mér hefur alltaf gengið betur að vinna með konum heldur en körlum í þessum málum svo eflaust verð ég að hafa hröð handtök ef ég á að gera eitthvað í þessa veru í Bretlandi; ég verð að gera það áður en Kalli tekur við þessu öllu. Svo ætli drottning Breta verði ekki næst,“ segir hann kankvís.


# HVAÐ ER Í GANGI?



Hvergi í Evrópu eru fleiri bílar en í Reykjavík, nærri einn bíll á hvern einstakling á bílprófsaldri. Nánast allt útstreymi lofttegunda sem veldur mengun í Reykjavík kemur frá akstri ökutækja. Með því að ganga, hjóla og taka strætó getur þú minnkað mengun og bætt heilsuna.

ÞAÐ MUNAR ENGU FYRIR ÞIG AÐ DREPA Á BÍLNUM
ÞAÐ MUNAR ÖLLU FYRIR UMHVERFIÐ

Virkjum okkur!

Reykjavíkurborg

OLÍS – PARÍS

Nú ertu enn fljótari að safna upp punktum sem færa þér frábær tilboð og skemmtilega hluti því allir sem versla á þjónustustöðvum Olís fá þrefalda vildarpunkta til 1. nóvember.
**Olís – upphafið að góðri ferð.**

olís

XH 032650
NÚ FÁ ALLIR VILDARPUNKTA HJÁ OLÍS
OKT 2005 CDG 50DB36
CDG /05
FI 0542 0000032650

**NETNOTKUN LANDSMANNA ÁRIÐ 2004**




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** BÓKASÝNINGIN Í FRANKFURT

## *Kaupstefna með 500 ára hefð*

Nýhafin er í Frankfurt am Main í Þýskalandi árleg bókasýning – eða bókamessa eins og hún er gjarnan kölluð eftir þýska heitinu Buchmesse – en hún er langstærsta bókakaupstefnan sem haldin er í heiminum.

**Hvernig er bókamessan til komin?**
Bókasýningin í Frankfurt á sér yfir 500 ára gamlar rætur. Hefð skapaðist fyrir bókakaupstefnu í borginni um það leyti sem Johannes Gutenberg fann upp prenttæknina í Mainz, fáeina kílómetra frá Frankfurt, og bylti þar með bókagerð og möguleikum á útbreiðslu bóka. Langt fram á 17. öld hélt Frankfurt hlutverki sínu sem bókakaupstefnumiðstöð Evrópu. Vegna pólitísks og menningarlegs umróts upplýsingarinnar færðist þetta hlutverk frá Frankfurt til Leipzig. Næstu tvær aldirnar voru stærstu bókamessur Evrópu haldnar þar í borg. Síðari heimsstyrjöldin og eftirleikur hennar batt enda á þetta hlutverk Leipzig (hún lenti austan járntjaldsins) og árið 1949 sameinuðust þýskir útgefendur og bóksalar um að endurreisa bókasýninguna í Frankfurt. Hún hefur verið haldin árlega síðan og vaxið sífellt að umfangi. Árið 2004 voru sýningaraðilar um 6.700 talsins. Í ár eru þeir um 7.000 frá um 100 þjóðlöndum. Um 270.000 gestir hvaðanæva að sækja sýninguna heim á þeim fimm dögum sem hún stendur yfir.



MYND/AP

**Hvað hlutverki gegnir sýningin?**
Bókasýningin þjónar fyrst og fremst fagaðilum eins og útgefendum, umboðsmönnum rithöfunda, bóksölum, stjórnendum bókasafna, fræðimönnum, teiknurum, þýðendum, prenturum og fleirum. Almenningur fær aðgang í tvo daga. Árið 2004 fluttu yfir 12.000 blaða- og fréttamenn frá 92 löndum fréttir frá sýningunni. Yfir 100.000 nýir titlar eru kynntir á sýningunni í ár. Um 1.000 höfundar munu kynna sig og verk sín.

Íslenskir bókaútgefendur hafa lengi sótt sýninguna. Á síðustu árum hefur hún gegnt æ meira hlutverki í að koma verkum íslenskra rithöfunda á framfæri í útlöndum.

**SPURT OG SVARAÐ:**
VANDI SJÁVARÚTVEGSINS

## *Hátt gengi og verðbólga*

Sjávarútvegsfyrirtæki hafa átt í miklum erfiðleikum á þessu ári. Nýlega héldu Samtök fiskvinnslustöðva aðalfund þar sem málefni greinarinnar voru rædd.



**ARNAR SIGURMUNDSSON** Formaður samtaka fiskvinnslustöðva.

**Hver er helsta ástæðan fyrir vanda sjávarútvegsfyrirtækjanna?**
Þar ber fyrst að nefna margumrædda háa gengi krónunnar. Hátt gengi hennar ætti venjulega að stuðla að verðhjöðnun en við búum við mikla verðbólgu. Offramboð af rækju frá Kanada hefur líka gert mönnum erfitt fyrir í rækjuvinnslu í ofanálag við allt hitt.

**Er ekkert jákvætt í stöðunni?**
Það sem hefur í raun bjargað okkur frá enn verra ástandi er það að verð á flestum fisktegundum er frekar hagstætt á erlendum mörkuðum. Rækjan er þó þar undanskilin vegna þessa offramboðs.

**Hvað er til ráða?**
Við í Samtökum fiskvinnslustöðva skoruðum á stjórnvöld að takast á við þennan vanda og það verður að gera með aðhaldi í efnahagsmálum. Fiskvinnslan getur ekki tekið á sig aukinn launakostnað um næstu áramót sem orsakast af þensluástandinu.

# Einræðisherrann sóttur til saka

**Réttarhöld yfir Saddam Hussein hefjast í Bagdad í dag en hann er ákærður fyrir að hafa fyrirskipað fjöldamorð á 143 sjíum árið 1982. Mannréttindasamtök bera brigður á sanngirni réttarhaldanna og segja þau stjórnast af hefnigirni.**



**SADDAM HUSSEIN** Myndin er tekin árið 1980, í upphafi stríðsins við Íran. Saddam grunaði íraska sjía alla tíð um að styðja trúbræður sína í Íran í stríðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rétt tæp tvö ár eru síðan Saddam Hussein, fyrrverandi einræðisherra í Írak, var handsamaður í holu nálægt heimabæ sínum Tikrit. Síðan þá hefur undirbúningur að réttarhöldum yfir honum staðið nánast linnulaust.

Í dag tekur sérstakur rannsóknardómstóll fyrstu ákærurnar til umfjöllunar en Saddam og sjö undirsátum hans er gefið að sök að hafa fyrirskipað fjöldamorð á 143 sjíum í bænum Dujail árið 1982. Sjíarnir voru myrtir í hefndarskyni fyrir banatilræði sem Saddam var sýnt þegar hann átti leið um bæinn sama ár. Búist er við að í dag og næstu daga verði ákærurnar lesnar upp en síðan verði dómhaldi frestað um nokkrar vikur.

**Með margt á samviskunni**
Saddam er sagður hafa margt verra á samviskunni en drápin á sjíunum í Dujail. Talið er að 300.000 Írakar, sjíar og Kúrdar í yfirgnæfandi meirihluta, hafi látið lífið í ofsóknum Baath-flokksins og þá eru ekki þeir meðtaldir sem féllu í stríðinu við Íran og Flóabardögunum 1991 og 2003. Formælendur dómstólsins segja aftur á móti að ákveðið hafi verið að rétta fyrst í þessu máli þar sem auðveldast og fljótlegast hefði verið að byggja það upp gegn forsetanum fyrrverandi. Fleiri mál eru hins vegar í rannsókn, til dæmis Anfalherferðin gegn Kúrdum sem ráðist var í undir lok stríðsins við Írana. Talið er að allt að 182.000 Kúrdar hafi verið stráfelldir í þeim hildarleik.

Víst er að íröskum valdhöfum, sem þessa stundina eru sjíar og Kúrdar, liggi á að fá Saddam dæmdan. Bæði eru margir orðnir óþreyjufullir eftir því að einræðisherrann fái makleg málagjöld en eins er vonast til að sakfelling Saddams verði til þess að hans fyrrverandi fylgismenn láti af skæruhernaði og hryðjuverkum.

Raunar er kappið slíkt að jafnvel er gert ráð fyrir að Saddam verði dæmdur og líflátinn fyrir þær ákærur sem nú eru til umfjöllunar áður en réttað verði yfir honum vegna annarra ákæruliða.

**Réttlæti sigurvegaranna**
Talsmenn alþjóðlegra mannréttindasamtaka horfa á málið allt öðrum augum. Þeir telja að óðagotið bendi til að „réttlæti sigurvegaranna“ verði haft að leiðarljósi. Eðlilegra hefði verið að Alþjóðastríðsglæpadómstóllinn í Haag fjallaði um málið svo að málaferlin yrðu hafin yfir allan vafa. Síðast á mánudaginn létu samtökin Human Rights Watch verulegar efasemdir í ljós um að dómstóllinn hefði getu til að gangast fyrir réttarhöldum sem álitin væru sanngjörn í augum alþjóðasamfélagsins og írösku þjóðarinnar.

Í svipaðan streng tekur Khalil al-Dulaimi, aðalverjandi Saddams. Hann segir að vörnin hafi fengið lítinn tíma til að kynna sér málsgögn og ræða við sakborninginn. Jafnframt heldur hann því fram að dómstóllinn sjálfur sé ólöglegur þar sem hann var settur á fót þegar Írak var enn hernumið af Bandaríkjamönnum.

Bandaríkjamenn leggja allt kapp á að láta líta svo út að Írakar sjálfir dæmi Saddam því þannig er til dæmis hægt að lífláta hann. Engu að síður hafa þeir meðal annars fjármagnað réttarhöldin – um rúma átta milljarða króna að sögn New York Times – og veitt Írökum ýmsa lögfræðiaðstoð sem er sjálfsagt nauðsynlegt þar sem íraskt réttarkerfi er í molum.



**ÁSTVINIR SYRGÐIR** Kúrdísk kona heldur á mynd af ættingja sínum sem lét lífið í Anfal-herferð Baath-stjórnarinnar. Kúrdar og sjíar eru almennt þeirrar skoðunar að Saddam beri að taka af lífi fyrir glæpi sína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ofan á þetta bætast svo deilur um ýmis útfærsluatriði, eins og hvernig sjónvarpsútsendingum frá dómssalnum skuli vera háttað. Slíkar útsendingar eru sagðar nauðsynlegar svo að almenningur geti séð með eigin augum hverju fram vindur. Stjórnvöld vilja hins vegar að útsendingin verði með tuttugu mínútna töf til að koma í veg fyrir að nöfn vitnanna leki út. Gagnrýnendur telja aftur á móti að þar með hafi myndast hætta á ritskoðun og augljóst sé að ekki eigi að láta Saddam komast upp með að gagnrýna þá sem steyptu honum af stóli, rétt eins og Slobodan Milosevic, fyrrverandi forseti Júgóslavíu, í réttarhöldum yfir sér í Haag.

**SADDAM HUSSEIN:**



**Fæddur:** Nærri borginni Tikrit 28. apríl 1938.

**Stjórnmálaþátttaka:** Gekk til liðs við íraska Baath-flokkinn árið 1957. Stungið í fangelsi 1964 eftir að skammlífri stjórn flokksins var steypt af stóli.

**Völd:** Varð varaforseti byltingarráðs Baath-flokksins og varaforseti Íraks eftir valdaránið 1968. Yfirmaður leyniþjónustu og hersins á áttunda áratugnum. Flæmdi Abdul al-Bakr forseta af valdastóli 1979 og ríkti sem einræðisherra í landinu næstu 24 árin.

**Endalokin:** Hrakinn frá völdum í innrás Bandaríkjamanna vorið 2003 og handtekinn í desember sama ár.



FRÉTTASKÝRING
SVEINN GUÐMARSSON
sveinng@frettabladid.is



**FordExplorer 4x4**



# Núna Haust uppskera 200.000 í afslátt á meðan birgðir endast.

## Komdu í dag.

Veldu Exp

# Nýtt t… gæði

Íslendingar velja Ford umfram önnur vest… bílamerki. Spennandi hönnun, aukin gæði og… þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess a… sækir á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Í… Upplifðu nýtt tákn um gæði - veldu Ford.

**Það er munur á Explorer og Land Cruise…**

Besta einkunn sem hver jeppi getur hlotið eru… draumarnir um að fá að njóta hans hvern dag… - að vera á draumajeppanum. Vinsælasti drau… er Ford Explorer enda mest seldi jeppi í heimi. Hinsvegar hefur Toyota Land Cruiser verið drau… Íslendinga, hingað til, enda sterkur torfærujepp… byggður á grind með hátt og lágt drif eins og E… Í gegnum tíðina hefur Land Cruiser hrifið okku… drifið á tinda landsins en staðlaðir breytingap… þjónustulund starfsfólks P. Samúelssonar ehf. torfæruna að spennandi viðfangsefni í krafti d… innar, sumar sem vetur.

Nú er öldin önnur. Gömul tákn eru fallin. Og … við. Íslendingar velja nú aðra eiginleika en áð… mið hafa verið tekin í átt að þægindum, mýkt… öryggi sem sést á auknum vinsældum Explo… fæst núna á hagstæðu verði. Sala á óbreyt… Cruiser hefur aukist sem er önnur vísbendi… viðhorf og auknar kröfur um þægindi. Reynda… að bera Land Cruiser saman við Explorer þar…

**…gæðalista staðalbúnaðar XLT Sport:**

Rafdrifnar rúður, framan og aftan.
Rafknúnir útbaksýnisspeglar.
Tvískiptur afturhleri.
Gangbretti.
Ford útvarp með geislaspilara.
Litað gler að aftan.
Loftkæling.
Geymsluhólf milli sæta.
Toppbogar.
Útihitamælir og áttaviti.
Stokkur í lofti með lesljósum.
Baksýnisspegill með dimmingu.
Leðurklætt stýrishjól.
Heimreiðarljós.

**…únaður í Eddie Bauer:**

Ford Audio System með 6 diska geislaspilara og 5 hátölurum.
Aksturstölva.
Samlit stigbretti.
Tölvustýrð loftkæling.
Klæðning á hliðum í „beige" lit.

**…í Limited:**

Krómaðar felgur.
Krómaðir þakbogar.
Samlit klæðning á hliðum.

## Nýttu haustuppskeruna

## Skoðaðu Ford Explorer í bílaverslun Brimborgar



**Ford Explorer XLT Sport 4,0i V6 sjálfskiptur**

| | |
|---|---|
| Listaverð | 4.190.000 kr. |
| Afsláttur | -200.000 kr. |
| Uppskeruverð | 3.990.000 kr. |

Bílasamningur 41.500 kr.
Rekstrarleiga 74.400 kr.



**Ford Explorer Eddie Bauer 4,6i V8 sjálfskiptur**

| | |
|---|---|
| Listaverð | 4.675.000 kr. |
| Afsláttur | -200.000 kr. |
| Uppskeruverð | 4.475.000 kr. |

Bílasamningur 46.500 kr.
Rekstrarleiga 84.200 kr.



**Ford Explorer Limited 4,6i V8 sjálfskiptur**

| | |
|---|---|
| Listaverð | 4.795.000 kr. |
| Afsláttur | -200.000 kr. |
| Uppskeruverð | 4.595.000 kr. |

Bílasamningur 47.800 kr.
Rekstrarleiga 87.800 kr.

**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.** Þú velur fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum.

Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.

**brimborg**

*Öruggur staður til að vera á*



**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is**

# skoðun

## SJÓNARMIÐ
STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR

Enn gríðarlegur launamunur milli kynjanna þrjátíu árum eftir kvennafrídaginn 1975.

# 64,15

Á mánudaginn verða liðin þrjátíu ár frá því að íslenskar konur tóku sér frí frá störfum sínum innan og utan heimilis og fylltu miðbæ Reykjavíkur. Tilgangurinn var að vekja athygli á vinnuframlagi kvenna í samfélaginu. Um allt land fóru börn með feðrum sínum í vinnuna, heimavinnandi mæður voru jú í fríi og fóstrurnar (sem þá var starfsheiti leikskólakennara) höfðu flestar einnig tekið sér frí frá störfum.

Í miðbæ Reykjavíkur voru saman komnar um 30.000 konur og stemningin var gríðarleg. Þessar konur fundu sterkt fyrir afli fjöldans og upplifðu áreiðanlega margar að sameinaðar myndu þær ná takmarki sínu um að vinnuframlag þeirra yrði metið til jafns við vinnuframlag karla.

*„Hver vill sætta sig við að dætur okkar hafi 72% af launum bræðra sinna fyrir sambærilegt starf sem að baki liggur sambærileg menntun?“*

Nú þrjátíu árum síðar hefur vissulega margt breyst. Konur hafa til dæmis nýtt þessi ár til að sækja sér gríðarlega mikla menntun. Í dag er svo komið að í háskólum er talsverður meirihluti kvenna í langflestum námsgreinum. Þessi aukna menntun kvenna hefur þó alls ekki skilað sér í launaumslög þeirra og líklega hefur fáar af þeim konum sem fylltu bæinn 24. október 1975 grunað hver staða kvenna á vinnumarkaði yrði þrjátíu árum síðar.

Þrjátíu árum eftir að konur sungu einum rómi á Lækjartorgi: „Hvenær verða allir menn taldir menn, með sömu störf og líka sömu laun?“ vinna vissulega mun fleiri konur störf sem eingöngu karlar sinntu áður. Mun fleiri konur vinna störf sem þær völdu að mennta sig til, vinna gefandi vinnu sem um leið er að vissu leyti áhugamál þeirra líka. En þrjátíu árum eftir að konur á öllum aldri sungu saman á Lækjartorgi eru atvinnutekjur kvenna þó ekki nema 64,15% af atvinnutekjum karla, eða rétt liðlega tveir þriðju, konur eru með 72% af launum karla fyrir jafnlangan vinnutíma og menntun kvenna nýtist þeim ekki til hækkunar launa á sama hátt og menntun karla. Enn eru dæmigerð kvennastörf eins og störf við umönnun barna, aldraðra og sjúkra meðal lægst launuðu starfa á vinnumarkaðinum og það þrátt fyrir að konur sem stunda þessi störf hafi menntað sig sérstaklega til þeirra.

Næstkomandi mánudag verður 24. október 1975 minnst sem dagsins sem konur sýndu samstöðu sína í verki. Þær sýndu að þær sættu sig ekki við að vera með lægri laun og að vera minna metnar á vinnumarkaði en starfsbræður þeirra. Mánudaginn 24. október 2005 eru konur hvattar til að minna aftur á mikilvægi sitt í samfélaginu með því að sýna samstöðu í verki og leggja niður störf klukkan fjórtán núll átta en þá eru konur búnar með sinn vinnudag ef miðað er við launamun kynjanna.

Allar konur sem vettlingi geta valdið ættu að sýna í verki að þær sætta sig ekki við þessi kjör með því að fylla miðbæinn aftur þrjátíu árum síðar og finna fyrir aflinu sem felst í samtakamættinum. Þennan mun á kjörum kynjanna verður að uppræta. Það er hagur allra sem þetta samfélag byggja. Hver vill sætta sig við að dætur okkar hafi 72% af launum bræðra sinna fyrir sambærilegt starf sem að baki liggur sambærileg menntun?

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Aftur í meirihluta?**
Mörgum virðist sem skoðanakannanir að undanförnu bendi til þess að Sjálfstæðisflokkurinn muni endurheimta meirihluta sinn í borgarstjórn Reykjavíkur í kosningunum vor. „Sögðum við ekki að svona myndi fara?“ segja vinstrimenn sem sakna Reykjavíkurlistans og telja hann eina möguleikann á því að tryggja áframhaldandi vinstri stjórn í höfuðborginni. En það er hægt að líta öðruvísi á málin. Sverrir Jakobsson segir í pistli á vefritinu Múrnum, sem vinstri grænir halda úti, að ekki sé útilokað að upp úr kjörkössunum komi samstjórn Samfylkingar og vinstri grænna.

**Jarðskjálfti**
„Staðreynd málsins er sú að meirihluti Sjálfstæðisflokksins umfram Samfylkinguna og vinstri græna er aðeins 0,2%. Þetta er ekki aðeins langtum minna en skekkjumörk, þetta er varla marktækur munur,“ skrifar Sverrir og vísar þar til nýjustu könnunar. Og hann bætir við: „Hvað ef þessi munur ... væri ekki fyrir hendi? Þá væru Samfylkingin og vinstri grænir með meirihluta í borginni. Og það væru vissulega stórtíðindi. Raunar mætti líkja þeim við jarðskjálfta í íslenskum stjórnmálum. Flokkar á þessum væng stjórnmálanna hafa nefnilega aldrei verið nálægt því að ná meirihluta í höfuðborginni. Þeir hafa aldrei getað stjórnað án liðsinnis Framsóknarflokksins“.

**Herslumun vantar**
Sverrir segir að úrslit seinustu skoðanakönnunar séu fyrst og fremst fagnaðarefni fyrir vinstrimenn. „Auðvitað vantar ennþá herslumun. Þar að auki er mikil vinna framundan og samkeppni við fjársterka keppinauta sem munu svífast einskis til að varðveita sína stöðu í borginni. En hvenær áður hafa þessir flokkar átt viðlíka tækifæri?“ Sverrir hvetur Samfylkingarfólk til að hætta að gæla við hugmyndir um samstarf við Sjálfstæðisflokkinn, jafnt í landsstjórninni sem borgarstjórn, „Eignarhald Sjálfstæðisflokksins á Reykjavíkurborg er ekkert náttúrulögmál. Þær vinstriáherslur sem komist hafa til framkvæmda í gegnum miðjumoð R-listans hafa verið borgarbúum hagstæðar og ávinningurinn er Reykvíkinga ef okkur tekst að skerpa þær“ skrifar hann.



# Geðstirður grínisti

## Í DAG
FORINGINN KVEÐUR



ÓLAFUR HANNIBALSSON

Davíð Oddsson fékk stórkostlegt tækifæri til að hefja sig yfir stund og stað þegar hann kvaddi flokk sinn og landstjórnina á fjölmennum landsfundi Sjálfstæðisflokksins. Hann gat rifjað upp langan og að mörgu leyti glæsilegan feril, sem hann og gerði. Hann hefði getað haldið áfram á svipuðum nótum með því að bregða upp fyrir samflokksmönnum sínum og eftirfylgjendum í stjórn flokksins bjartri framtíðarsýn, sem fram undan gæti verið, ef sæmilega tekst til að greiða úr því jafnvægisleysi, sem við blasir í efnahagsmálum. Í staðinn kaus hann undir lok ræðunnar að lúta lágt og grípa handfylli sína af leðju og sletta í allar áttir.

„Dæmigerður Davíð“, sagði þingheimur og hló holum dósahlátri á viðeigandi stöðum.

„Þegar Davíð Oddsson kom fram á sjónarsviðið á vettvangi Sjálfstæðisflokksins snemma á áttunda áratugnum vakti hann athygli fyrir óvenjulega og einstæða kímnigáfu“, segir Styrmir Gunnarsson í þætti sínum um hann í bókinni Forsætisráðherrar Íslands, sem út kom að tilstuðlan forsætisráðuneytisins í tilefni af 100 ára afmæli íslenskrar heimastjórnar. Og rétt er það. Davíð gat verið skemmtilega ósvífinn og illkvittinn, að maður segi ekki kvikindislegur, hér á árum áður. Lýsingarorðið skemmtilega er fyrir löngu horfið úr þessari upptalningu. Skólabróðir hans frá mennta- og háskólaárum komst reyndar einhverntíma svo að orði að ræðustíll Davíðs krefðist þess að áheyrendur séu fyrirfram á hans bandi. „Þegar á móti blæs falla brandarar hans flatir, detta niður dauðir.“

Þjóðsagan um húmoristann hefur samt reynst lífseig og við brottför hans er fjölmiðlafólk enn að tala um orðheppnina og skopskynið þótt býsna langt sé síðan síðast örlaði á þessum eiginleikum á opinberum vettvangi. Í stað þess hreytir hann ónotum í alla sem dirfast að vera honum ósammála eða leyfa sér að standa í vegi fyrir fyrirætlunum hans, sem síðustu árin hafa orðið æ veruleikafirrtari.

*„Í landsfundarræðunni hélt hann enn fram kolbrengluðum hugmyndum sínum um „tilræði við þingræðið“ sem fólgið væri í 26. grein stjórnarskrárinnar.“*

Vinum Davíðs er tamt að líkja honum við Ólaf Thors. Fjandvinur hans Albert Guðmundsson var þó á annarri skoðun: „Ég kynntist Ólafi Thors nokkuð og þeir eru ólíkir menn, Davíð og hann. Það eina sem ég get séð að þeir eigi sammerkt er húmorinn.“

Í áðurnefndum sagnaþætti minnist Styrmir á viðskilnað Ólafs Thors við flokk og landstjórn í nóvembermánuði 1963. „Það stefndi í stórstríð á vinnumarkaðnum og viðreisnarstjórnin lagði fram lagafrumvarp sem bannaði fyrirsjáanlegt verkfall. Þegar komið var að atkvæðagreiðslu við lok þriðju umræðu í efri deild urðu þáttaskil. Ólafur Thors, þáverandi forsætisráðherra, gekk í ræðustól og lagði til að atkvæðagreiðslu yrði frestað.“ Hann hafði kvöldið áður reynt til þrautar að ná sáttum við forkólfa verkalýðsins um framhald málsins og tekist það. Hætt var við lagasetninguna og verkalýðshreyfingin frestaði aðgerðum. „Í kjölfarið hætti Ólafur Thors afskiptum af stjórnmálum og gekk út af hinu pólitíska sviði með friði. Bjarni Benediktsson tók við og gerði júnísamningana 1964, sem slógu þann tón, sem ríkti í samskiptum viðreisnarstjórnar og verkalýðshreyfingar til loka viðreisnartímabils.“

„Davíð Oddsson og hans kynslóð taldi tímabært að taka upp nýjar starfsaðferðir,“ segir Styrmir, og telur þær aðferðir hafa skilað árangri framan af. „Það var fyrst undir lok þriðja kjörtímabils Davíðs sem forsætisráðherra að spurningar fóru að vakna um hvort sá stíll, sem gefist hafði honum svo vel í tvo áratugi, væri að renna sitt skeið á enda þegar andstæðingar hans fóru að halda því fram að í þeim stjórnunarstíl fælist í raun geðþótti og valdahroki.“ Andstæðurnar eru ljósar: Ólafur fór af sviðinu með friði, Davíð með ófriði.

Sömu dagana kvaddi Kjell Magne Bondevik þjóð sína með stæl, eftir að hafa tapað kosningum. Davíð, sem sjálfviljugur valdi sinn útgöngutíma, eftirlét eftirmönnum sínum tvö ófriðarbál, sem hann hafði sjálfur magnað og kynt: fjölmiðlamálið og stjórnarskrármálið. Í viðhafnarkálfi, sem Morgunblaðið gaf út í Pyongyong Times-stíl taldi hann fyrirliggjandi samkomulag flokkanna í fjölmiðlamáli „verra en ekkert.“ Og í landsfundarræðunni hélt hann enn fram kolbrengluðum hugmyndum sínum um það „tilræði við þingræðið“, sem höfundar lýðveldisstjórnarskrárinnar hefðu fengið embætti forseta Íslands í hendur með 26. grein stjórnarskrárinnar, krafðist afnáms greinarinnar og stillti þannig flokki sínum upp gegn þjóðarviljanum. Hámarki náði þó bræði hans þegar kom að Baugi. Það fyrirtæki gegnir sama hlutverki í ræðum hans og „öxull hins illa“ í ræðum Bush: Samfylkingin er ekki stjórnmálaflokkur heldur „léttvægt dótturfyrirtæki Baugs“ og „99% þess sem frá henni kemur er drasl“.

„Húmoristinn“ klúðraði tækifærinu og í stað þess að hvetja lið sitt og þjóðina alla til dáða kaus hann að kveðja flokk og þjóð önugur og með ólund.


Alltaf einfalt

ódýrt bensín

15 stöðvar!

www.ob.is



MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna viðskiptablaðið



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871









## Góðan dag

Í dag er miðvikudagurinn 19. október 292. dagur ársins 2005

## KRÍLIN






Eðvarð Þór Gíslason lærir táknmálsfræði og táknmálstúlkun í Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Eini strákurinn í táknmálsfræði

***Eðvarð Þór Gíslason er nemandi á öðru ári í táknmálsfræði og táknmálstúlkun í Háskóla Íslands. Hann segir að hann hafi verið að velta því fyrir sér hvað hann langaði til þess að læra í háskólanum þegar honum datt í hug að fara að læra táknmál.***

„Ég var að horfa á sjónvarpið og sá auglýsingu þar sem var auglýst táknmálsnámskeið. Eftir það fór ég að fylgjast með fréttum um táknmál og á meira að segja ennþá útklippta frétt um táknmálstúlka. Ég ákvað að fara á námskeið hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og tók fjögur námskeið hjá þeim. Í framhaldi af því ákvað ég að fara í þetta nám í háskólanum," segir Eðvarð.

Táknmálsfræði og táknmálstúlkun er þriggja ára háskólanám. „Fyrstu tvö árin fara í táknmálsfræðina og þriðja árið er táknmálstúlkun kennd. Það er líka hægt að taka fyrstu tvö árin í táknmálsfræði og 30 einingar í öðru fagi í staðinn fyrir táknmálstúlkun," segir Eðvarð. Hann segir að námið byrji í raun og veru eins og allt annað tungumálanám. „Fyrstu önnina sitjum við bara í hring og lærum stafrófið, tölurnar og grunnorðaforða. Við kunnum ekki neitt þegar við byrjuðum en þetta er fljótt að koma því að við förum strax að reyna að tala saman. Í framhaldi af því förum við að læra málfræði og sögu og menningu heyrnarlausra."

Eðvarð segist ekki vera alveg búinn að ákveða hvað hann gerir að þessu námi loknu. „Það hefur svona aðeins verið nefnt við mig hvort ég vilji ekki verða táknmálstúlkur því að það vantar karlkyns túlka. Ég hugsa samt að ég byrji á því að halda áfram í háskólanum því mig langar til þess að læra málvísindi líka og taka tvöfalt BA-próf."

Eðvarð þekkti enga sem þurftu að nota táknmál áður en hann fór að læra það en í dag þekkir hann marga. „Það sem kom mér mest á óvart þegar ég fór að læra táknmál er hversu vel samfélag heyrnarlausra tekur á móti þeim sem vilja setja sig inn í þeirra menningu og ég hef kynnst fullt af frábæru fólki."

## LIGGUR Í LOFTINU

[ NÁM FERÐIR ]

**Gömul** vinnubrögð er yfirskrift þemakvölds sem haldið er á vegum Félags þjóðfræðinga á Íslandi. Kvöldið verður tileinkað félaginu Búálfum en félagið stefnir að því að viðhalda gömlum vinnubrögðum. Boðið verður upp á tvö 20 mínútna erindi og umræður að þeim loknum. Dagskráin hefst stundvíslega klukkan 20.00 í húsi Sögufélagsins við Fischersund og eru allir velkomnir.

**Landnemaskólinn** er nám á vegum Eflingar sem hefst 25. október. Námið er ætlað fullorðnu fólki á vinnumarkaði sem ekki á íslensku að móðurmáli. Áhersla er lögð á íslenskt talmál og nytsama þekkingu á íslensku samfélagi og atvinnulífi. Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta eigi skólann til styttingar á námi í framhaldsskólum. Skráning fer fram hjá Eflingu.



**Skráning** fyrir Ferðamálaráðstefnuna 2005 hefur nú verið opnuð. Meginþema ráðstefnunnar verður samkeppnishæfni íslenskrar ferðaþjónustu. Ráðstefnan fer fram á Hótel Sögu dagana 26.-27. október. Hægt er að skrá sig á heimasíðu Ferðamálaráðs Íslands, www.ferdamalarad.is.

**Kúba** er alltaf að verða vinsælli og vinsælli meðal íslenskra ferðalanga. Landið hefur opnast mikið á undanförnum árum og Vesturlandabúar streyma þangað í miklum mæli. Mikil eftirspurn er eftir ferðum þangað. Úrval Útsýn býður nú allra seinustu sætin í ferð þangað 2. nóvember á sérstöku tilboðsverði. Ýmsar aðrar ferðaskrifstofur bjóða einnig ferðir til Kúbu.

## SMÁAUGLÝSINGAR

**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar


SMÁAUGLÝSINGAR
SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir





**Skólabækur**
er margar hægt að kaupa á netinu og oft er það ódýrara en að kaupa þær í bókabúð. Þar er líka hægt að finna ýmislegt ítarefni sem er ekki á leslistanum en gagnlegt getur verið að lesa.



„Fór á námskeiðið með opnum hug en samt trúði ég ekki að ég gæti allt að fjórfaldað lestrarhraða minn, sem varð síðan raunin. Kennarinn vakti mikinn áhuga á hraðlestri strax í fyrsta tíma og hafði ég óbilandi trú á eigin getu til að geta bætt hraða minn eftir tímann.“ Egill Örn, 17 ára nemandi MR.

**„...næsta námskeið hefst 3. nóvember.“**
**Skráning er hafin á www.h.is og í síma 586 9400.**
**Akureyri – Hraðlestrarnámskeið – 9. nóvember** (ef næg þátttaka fæst).

HRAÐLESTRARSKÓLINN



Ekki er vænlegt til árangurs í prófi að vera að þjakaður af kvíða.

# Tekist á við prófkvíða

***Stress fyrir próf getur virkað sem hvati fyrir suma en hjá þeim sem þjást af prófkvíða getur stressið haft lamandi áhrif. Einbeitingin hverfur, hugsunin verður óskýr og viðkomandi reynist erfitt að standa sig á prófi.***



Skipulag og raunhæfar kröfur eru lykilatriði í undirbúningi fyrir próf og ein helsta ástæða prófkvíða er að einstaklingnum finnst hann ekki nógu vel undirbúinn. Með góðum undirbúningi kemur aukið öryggi.

**Byrjaðu strax að læra til að forðast tímaþröng**

Gerðu lesáætlun fyrir hvert fag. Kynntu þér hvað er til prófs og hvernig prófið er byggt upp.

**Ekki missa af síðustu kennslustundinni**

Farðu yfir allt efnið og reyndu að meta hvað eru þarf að leggja áherslu á. Út frá því metur þú tímann sem á að fara í lestur á hverju efni. Hafðu lesáætlunina raunhæfa. Það eina sem yfirfull áætlun hefur í för með sér eru of miklar kröfur. Gerðu ráð fyrir mörgum pásum. Hreyfing er afbragð til að losa um streitu. Það er ekki árangursríkt að lesa myrkranna milli því þreyttur hugur skilar engum árangri. Ef tíminn er nýttur skynsamlega má komast yfir meira efni og á árangursríkari hátt með stuttum vinnulotum heldur en með þaulsetu.

**Í prófinu sjálfu:**

- Mættu snemma.
- Reyndu að forðast að ræða um námsefnið við aðra nemendur fyrir prófið.
- Lestu allt prófið yfir fyrst og punktaðu niður allt sem kemur í huga þinn. Lestu vel allar leiðbeiningar og reyndu að skipuleggja þig.
- Svaraðu fyrst því sem þú veist mest um.
- Passaðu að eyða ekki of löngum tíma í spurningar sem hafa lítið vægi.
- Hafðu eyrnatappa til að útiloka umhverfisáreiti.
- Mættu í prófið, þú kannt meira en þú heldur og hafðu jákvæðar væntingar. Oftast er það bara kvíðinn sem vill gefast upp en ekki gáfurnar.



**Einkunn**

Mörgum finnst að sú einkunn sem kemur úr prófinu sé mælikvarði á þau sjálf og muni þar með opinbera vangetu þeirra og heimsku. En við eigum ekki að tengja manngildi okkar við útkomu prófa. Það eina sem próf mæla er þekking okkar á tilteknu viðfangsefni sem prófið fjallar um. Óljósar eða rangar hugmyndir um próf og hvað þau mæla í reynd getur aukið prófkvíða.

Á meðan lestri stendur og sérstaklega í prófinu sjálfu á einkunnin ekki að stjórna líðan þinni. Þú undirbýrð þig óháð útkomunni og þú þreytir prófið óháð útkomunni.



**Leitaðu þér upplýsinga**

Leitaðu til námsráðgjafa í skólanum þínum. Til eru margskonar námskeið til að hjálpa fólki með prófakvíða og einnig er hægt að fá séraðstoð í sjálfu prófinu.

# Vor unga stétt

***Í tilefni af 100 ára afmæli Verzlunarskóla Íslands er nú komið út sagnfræðiritið Vor unga stétt. Saga Verzlunarskólans í 100 ár.***

Mikil hátíðarhöld hafa verið í Verzlunarskólanum að undanförnu í tilefni 100 ára afmælis skólans. Skemmst er að minnast afhjúpunar á listaverki eftir Steinunni Þórarinsdóttur sem fram fór síðastliðinn föstudag. Listaverkið ber nafnið Vegferðin og var gjöf Viðskiptaráðs Íslands til skólans.

Bókin er ríkulega myndskreytt sagnfræðiritverk en höfundar hennar eru Lýður Björnsson sagnfræðingur og Sigrún Sigurðardóttir mannfræðingur. Í bókinni er reynt að rekja sögu skólans á fræðilegan en aðgengilegan hátt. Reynt er enn fremur að flétta saman sögu skólans og sögu landsins og þá einkum sögu ungs fólks á Íslandi á 20. öld. Í bókinni er auk þess rætt við marga sem komið hafa nálægt sögu skólans, bæði nemendur, kennara og fleiri. Um 500 myndir prýða bókina en margar þeirra voru á ljósmyndasýningu í Kringlunni sem tileinkuð var afmæli skólans. Sérstakir myndaritstjórar bókarinnar voru Katrín Elvarsdóttir og Sigrún Sigurðardóttir. Bókin er til sölu í Verzlunarskóla Íslands og í verslunum Pennans-Eymundssonar.




Sagnfræðiritið Vor unga stétt

## Námskeið



### Sushi-námskeið

SUSHI NÝTUR Æ MEIRI HYLLI.

Sushi hefur orðið æ vinsælla á Vesturlöndum síðustu ár og Íslendingar eru margir farnir að prófa sig áfram við gerð þess.
Mímir-símenntun stendur fyrir sushimatreiðslunámskeiði á laugardaginn kemur. Námskeiðið hefst klukkan 11.30 og stendur til klukkan 14.30. Nemendum verða kennd helstu grunnatriði í sushi-gerð og þeir fá síðan að prófa sjálfir. Þegar matreiðslunni er lokið borða allir saman. Kennari á námskeiðinu er Sigurður Karl Guðgeirsson og námskeiðsgjald er 7.300 krónur.

LeikHöllin
Leikur og List
Við erum búin að opna!!
Við bjóðum upp á námskeið í
• Leikfimi
• Tónlist
• Myndlist
• Meðgöngujóga
• Ungbarnanuddi
• Mömmuleikfimi
Námskeiðin eru fyrir börn frá aldrinum 2 mánaða til 6 ára.
Allar nánari upplýsingar og skráning í síma: 517-7900 eða sendu okkur tölvupóst á leikhollin@leikhollin.is
www.leikhollin.is
Bæjarlind 14-16 Kóp





allt
markvissar auglýsingar
...um bíla
á laugardögum í Fréttablaðinu.

Lesendur „Allts“ er fólk með áhuga á efni hverrar opnu og eru auglýsingarnar eðlilegur hluti lesefnisins og ein af ástæðum þess að þeir staldra við.

Það er með öðrum orðum, vel skilgreindur og áhugasamur hópur, sem skoðar t.d. þessa auglýsingu.

Grunnhugmyndin á bak við „Allt“ er að flokka auglýsingar og staðsetja í lesefni sem vekur áhuga þeirra sem auglýsandinn vill ná til. „Allt“ er löngu tímabær og áhugaverður valkostur á íslenskum auglýsingamarkaði.

Hafið samband við auglýsingadeild „Allts“

Síminn er 550-5000

**Ónæmissprautur**
eru nauðsynlegur þáttur í undirbúningi fyrir ferðalög til ýmissa landa. Ekki gleyma þeim.





Fosshótel Reykholti nýtur nálægðar við forna menningu staðarins.

# Allt tengt við söguna og staðinn

***Fosshótel Reykholti er menningartengt heilsárshótel sem byggir á þríþættu þema: norrænni goðafræði, íslenskum bókmenntum og klassískri tónlist.***

„Við reynum að tengja allt við söguna og staðinn og erum með listaverk tengd goðafræðinni um allt hótelið, íslenskar bækur og fagra tónlist. Hér getur fólk því notið góðra stunda og slakað á langt frá stressi borgarlífsins auk þess að dýpka skilning sinn á íslenskum menningararfi,“ segir Sigrún Hjartardóttir, hótelstjóri Fosshótels Reykholts. Hún ber líka lof á matinn sem framreiddur er á hótelinu. Auk veitingastaðar, bókastofu og internets-og sjónvarpsaðstöðu segir hún þar um 70 misstór herbergi, meðal annars fjölskylduherbergi og brúðkaupssvítur.



Tunglstofan geymir myndir, bækur og líkön um gang himintungla.



Óðinn hefur eftirlit með gestum.

Snorralaug var fyrsti heiti potturinn á Íslandi og sá eini sem enn er á staðnum en Sigrún kveðst búin að panta þrjá potta í viðbót sem vonandi verði komnir í gagnið fljótlega á nýju ári. „Þetta verða sannkallaðir heilsubrunnar og heita allir nöfnum úr goðafræðinni, Mímisbrunnur, Hvergelmir og Urðarbrunnur. Þangað mun fólk geta sótt sér slökun og vellíðan,“ segir hún.

Nýtt fundarherbergi var nýlega tekið í notkun á hótelinu og að sögn Sigrúnar fengu sveitungarnir áskorun um að velja nafn á það. Fyrir valinu varð Rökstólar, enda bein tilvitnun í Völuspá og það var sóknarpresturinn á staðnum, Geir Waage, sem átti þá tillögu. Ein viðhafnarstofan nefnist Tunglstofan. Þar eru myndir af himintunglunum auk bóka um stjörnuspeki og stjörnufræði. „Næsta vor ætlum við að byggja glerskála við tunglstofuna og þar verður þá sólstofa,“ segir Sigrún. Eflaust mun stjörnuhimininn líka njóta sín vel úr þeirri byggingu að ekki sé talað um norðurljósin sem braga á borgfirskum himni.gun@frettabladid.is

# Ætla að finna paradís í Kína

***Jón Bjarki Magnússon og Sigurður Eyþórsson eru ungir draumórapiltar sem héldu um miðjan ágúst í heimsreisu sem þeir búast við að standi í heilt ár.***

Þeir fóru fyrst til Danmerkur þar sem þeir síðan tóku flug yfir til Eistlands fyrir lítinn pening. Frá Eistlandi héldu þeir til St. Pétursborgar og þaðan alla leið til Moskvu. Frá Moskvu hófst mánaðarferð þeirra þvert yfir allt Rússland. „Við tókum Síberíuhraðlestina, en það hafði verið draumur okkar síðan í grunnskóla að ferðast með henni. Við fórum með henni í gegnum Úralfjöllin, kíktum til Bajkalvatns, kynntumst fullt af skemmtilegu fólki og að sjálfsögðu gerðum við margt margt fleira,“ segir Sigurður. Strákarnir hafa lent í fjölbreyttum uppákomum sem of langan tíma tæki að fjalla um hér en hægt er að fara á heimasíðu strákanna, austurferd.blogspot.com, þar sem þeir lýsa því sem á vegi þeirra verður. Strákarnir segja að þeir hafi dreymt um að komast í þetta ferðalag í nokkur ár eða allt frá því að þeir fóru í interrail fyrir rúmum tveimur árum. „Það sem áður virtist sem fjarlægur draumur er nú orðið að veruleika,“ skrifa þeir meðal annars á bloggsíðunni sinni.

Þegar blaðamaður Fréttablaðsins náði tali af þeim voru þeir staddir í einu strjálbýlasta og fátækasta landi heims, Mongólíu. Eftir að hafa haldið í tuttugu og eins daga ferð um Gobí-eyðimörkina og fjallahéruð landsins eru þeir nú að hlaða batteríin í höfuðborginni, Úlan bator. Sigurður og Jón Bjarki stefna að því að vera á þessu ferðalagi sínu í ár, eða þangað til að bankainnistæðan þrýtur.



Jón Bjarki og Sigurður í Rússlandi.

Næst á dagskrá er að fara suður til Kína en þar búast þeir við að leiðir þeirra skiljist. „Við ætlum að finna paradís í Kína. Síðan hittumst við aftur einhvern tímann um jólin. Vitum ekki alveg hvar, kannski í Taílandi, kannski í Hong Kong. Annars reynum við að plana sem minnst. Látum augnablikið ráða ferðinni,“ segir Jón Bjarki að lokum. Það eru því spennandi tímar framundan hjá ferðalöngunum fræknu.



**Jeppaferð í Kerlingafjöll**
Jeppadeild Útivistar í Kerlingafjöll.
Ferðast um umhverfi fjallana undir leiðsögn reyndra jeppamanna.
ÚTIVIST
Leggðu land undir fót með okkur
Laugavegi 178, sími 562 1000
www.utivist.is

SVEITAHÓTELIÐ Í SVEINBJARNARGERÐI
COUNTRYHOTEL
Svalbarðsströnd Akureyri • Sími: 462 4500 • Gsm: 862 4502
Við erum í óða önn að taka niður pantanir í okkar vinsæla Jólahlaðborð verð 4.300-
Gistitilboð
Gisting í eina nótt, Jólahlaðborð & Jólamorgunverðarhlaðborð.
Aðeins 8.300-



Upplifðu Ísland
með Iceland Excursions Allrahanda



Við aðstoðum við skipulagningu á hvataferðum, óvissuferðum, íþróttaferðum, starfsmannaferðum o.fl.
**Ekkert er of stórt eða of smátt fyrir okkur!**
Gerum góð tilboð í allar hópferðir
Hafðu samband í síma 540 1313 eða í gegnum tölvupóst iea@iea.is
Iceland excursions Allrahanda
GRAY LINE
Höfðatún 12 · 105 Reykjavík · Sími 540 1313 · Fax 540 1310 · www.allrahanda.is · iea@iea.is



Njóttu frelsisins...
MAZDA TRIBUTE
Eigum til afhendingar strax nokkra bíla á afar hagstæðu verði!
Ríkulega útbúnir nýir MAZDA TRIBUTE jeppar verð frá **kr. 2.550.000.-**
2ja ára verksmiðjuábyrgð
Umboðsaðilar:
BSA Akureyri - Sími 462 6300
SG Bílar - Keflavík - Sími 421 4444
Bílasala Vesturlands - Sími 437 2100
**Opið virka daga 8-18:30 - Laugardaga 12-16**
Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: x4@x4.is - **www.x4.is**

allt heimili
Alla fimmtudaga

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 19. október 2005 – 29. tölublað – 1. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir


**Engin evra án ESB**

Varar við upptöku evrunnar



2

**Alþjóðlegt stórfyrirtæki**

Breytt ásýnd Actavis



10

**Microsoft og Nígeríustjórn**

Klekkja á tölvuþrjótum



9

# Jólaverslun eykst um fimm milljarða

## Kaupmenn spá metári í jólaverslun og telja skilyrði hagstæð.

Hjálmar Blöndal
skrifar

Kaupmenn búast við góðri jólaverslun og flestir spá því að nýtt met verði slegið í jólaverslun í ár.

Undanfarin ár hefur orðið stöðug veltuaukning í smásöluverslun enda þótt hún kunni í einhverjum tilfellum að vera drifin áfram af verðhækkunum. Í ár er því spáð að veltuaukningin verði langt umfram verðhækkanir enda séu skilyrði til jólaverslunar hagstæðari en nokkru sinni fyrr.

Gengi krónunnar skapar hagstæð skilyrði fyrir kaupmenn til að kaupa inn vörur á góðu verði og bjóða þér á hagstæðu verði en það er ekki síður aukinn kaupmáttur einstaklinganna sem hefur áhrif á spá kaupmannanna um að nýtt met verði slegið. Velta í smásöluverslun í nóvember og desember samanlagt var rúmlega 41 milljarður króna á síðasta ári og jókst þá um tæp 12 prósent frá því árið á undan. Verslun hefur almennt verið góð það sem af er ári að mati kaupmanna og því búast þeir við að áframhald verði í stærstu mánuðum verslunarinnar sem framundan eru.

Áhyggjuefni verslunarinnar virðast aðeins af tvennum toga. Annars vegar að kaupmenn fái ekki nægt fólk til að starfa í verslununum en ástand á vinnumarkaði að undanförnu hefur skapað óþægindi fyrir atvinnurekendur. Hins vegar er það veðrið sem skiptir máli og þá segja viðmælendur Markaðarins að því fyrr sem fer að kólna í veðri og snjóa, þeim mun fyrr fari verslunin af stað. Ef álíka veltuaukning verður í smásöluverslun á milli áranna 2004 og 2005 og var í fyrra, má búast við því að landsmenn kaupi, í nóvember og desember, jólagjafir eða aðrar vörur fyrir tæpum fimm milljörðum meira en á síðasta ári. Sjá miðopnu

# Gáfu eftir hálfan milljarð

## AB Industrivärden seldi fimmtung hlutabréfa í Össuri til stærstu hluthafa og forstjóra með góðum afslætti. Hagnaður félagsins var samt 2,6 milljarðar.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Kaup stærstu hluthafa í Össuri á hlutabréfum sænska fjárfestingarfélagsins AB Industrivärden á mánudaginn voru töluvert undir þáverandi markaðsgengi Össurar. Gengið stóð í 94 krónum á hlut og gaf sænska félagið tæpan hálfan milljarð í afslátt frá markaðsverði.

Industrivärden, sem er skrásett í sænsku kauphöllinni í Stokkhólmi, verður af 465 milljónum króna með því að selja bréfin á þessu verði.

William Demant keypti ellefu prósenta hlut fyrir rúma fjóra milljarða króna á genginu 88,5 krónur hlut, Eyrir borgaði það sama fyrir fjögur prósent en Vik Holding, eignarhaldsfélag í eigu Jóns Sigurðssonar, forstjóra Össur, borgaði sænska félaginu aðeins 85 krónur á hlut fyrir fjögurra prósenta eignarhlut.

Kaupverð Viks var 1.275 milljónir króna en markaðsvirðið stendur í 1.410 milljónum.

Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, segir að viðskiptin hafi átt sér aðdraganda, viðræður fóru af stað fyrir helgi og því sé umsamið verð undir markaðsvirði. Gengi Össurar hefur hækkað úr 86 krónum frá því á miðvikudaginn. „Ég er með þessu að sýna að ég hef trú á þessu félagi. Ég hlýt að trúa á þetta fyrst ég er að kaupa,“ segir hann spurður um ástæðu fyrir kaupunum.

Industrivärden hóf að fjárfesta í Össuri vorið 2002 þegar það keypti fimmtán prósenta hlut af Kaupþingi og stofnandanum Össuri Kristinssyni. Hagnaður sænska sjóðsins af fjárfestingunni nemur um 327 milljónum sænskra króna sem jafngildir tæpum 2,6 milljörðum króna samkvæmt frétt sem birtist í Dagens Industri.

Eftir kaupin er William Demant langstærsti hluthafinn í Össuri með um 37 prósenta hlut. Eyrir er orðinn næststærstur með fimmtán prósent og Vik sá fjórði stærsti. Ekki stendur til að yfirtaka félagið. „Hluthöfum líst vel á félagið en vilja ekki lenda í yfirtökuskyldu. Það eru engin áform um það,“ segir Jón Sigurðsson.

Össur hefur hækkað nokkuð frá hlutafjárútboði, sem haldið var fyrir skömmu í tengslum við kaup félagsins á Royce Medical, en útboðsgengið til hluthafa var 81 króna á hvern hlut.



**HÖFUÐSTÖÐVAR ÖSSURAR** Industrivärden seldi stærstu hluthöfum og eignarhaldsfélagi í eigu forstjóra um 20 prósenta hlut með nokkrum afslætti frá markaðsverði. Hluthafar sænska sjóðsins urðu af tæpum hálfum milljarði.

Kaup FL-Group á Sterling:

# Hillir undir viðræðulok

Viðræður FL Group og Fons um kaup þess fyrrnefnda á Sterling eru vel á veg komnar samkvæmt og er niðurstöðu þeirra að vænta á næstu dögum.

Spenna er vegna kaupanna í Danmörku og birti viðskiptablaðið Börsen forsíðufrétt um stöðu viðræðnanna.

Samkvæmt heimildum Markaðarins er ekki fyrirhugað að gera breytingar á starfsemi Sterling fyrst um sinn. Stefnt er að því að félagið verði um sinn að minnsta kosti rekið sem sjálfstætt félag með sömu stjórnendum. Þá er einnig talið líklegt að hluti kaupverðsins verði greiddur með hlutafé í FL Group. Verði niðurstaðan sú mun það að öllum líkindum hafa áhrif á eignarhald Iceland Express sem er í eigu sömu aðila og Sterling.

Með kaupum á Sterling kæmist FL Group með fótinn inn fyrir dyrnar á lággjaldamarkaði í flugi, en væntingar eru um að sá geiri muni vaxa hraðar en annar flugrekstur í heiminum. -hh

Útrásarvísitalan lækkar:

# NWF hækkar mest

Breska iðnaðarfyrirtækið NWF Group, sem Atorka á hlut í, hækkaði mest allra félaga í útrásarvísitölunni milli vikna eða um 2,64 prósent. Útrásarvísitalan lækkar um 4,93 prósent á milli vikna og mælist nú 108,79 stig. Mest lækkar danska fasteignafélagið Keops, sem Baugur á verulegan hlut í, eða um 8,98 prósent. Keops hafði verið hástökkvari síðustu tveggja vikna en lækkar nú og var lokagengi þess í Kauphöllinni í Kaupmannahöfn á mánudag 20,2.

Aðeins tvö félög hækkuðu á milli vikna í útrásarvísitölunni en auk NWF hækkaði deCode um 1,67 prósent.

## FRÉTTIR VIKUNNAR

**Svava kaupir Sautján** | Svava Johansen hefur fest kaup á hlut Bolla Kristinssonar í verslunarkeðjunni NTC og á því fyrirtækið að fullu. NTC er ein stærsta tískuverslanakeðja landsins og rekur meðal annars fjórtán verslanir í Kringlunni, við Laugaveginn og í Smáralind.

**Yfir meðaltali OECD** | Skattbyrði á Íslandi sem hlutfall af landsframleiðslu hefur hækkað um þrjú prósentustig frá árinu 2002. Skattbyrði hins opinbera á Íslandi var 41,9 prósent af landsframleiðslu árið 2004. Meðaltal OECD-ríkjanna er 40,2 prósent af landsframleiðslu. Á hinum Norðurlöndunum er hlutfallið að meðaltali 47,4 prósent.



**Þórólfi sagt upp** | Þórólfi Árnasyni hefur verið sagt upp sem forstjóra Icelandic Group. Uppsögn Þórólfs kom í kjölfar þess að Straumur-Burðarás, Landsbankinn og fleiri selja yfir helming hlutafjár í Icelandic.

**Leiddi samruna** | Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka í London var aðalráðgjafi breska matvælaframleiðandans Premier Foods sem seldi Typhoo, tedeild sína, til Apeejay International Tea Limited fyrir 8,6 milljarða króna. Þetta er í fyrsta skipti sem íslenskur banki hefur milligöngu um sölu á fyrirtæki milli tveggja erlendra fyrirtækja án þess að tengjast fjármögnun verkefnisins.

**Bakkavör kaupir** | Bakkavör Group hefur keypt breska fyrirtækið Hitchen Foods fyrir 4,7 milljarða króna. Hitchen Foods framleiðir ferskt niðurskorið grænmeti og salat. Gert er ráð fyrir að rekstrarhagnaður Hirtchen Foods verði 911 milljónir króna á þessu ári og veltan um 5,1 milljarður króna.




## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis Group | 10% | 14% |
| Bakkavör Group | 3% | 80% |
| Flaga Group | 27% | -38% |
| FL Group | 4% | 45% |
| Grandi | 1% | 16% |
| Íslandsbanki | 4% | 35% |
| Jarðboranir | 6% | 9% |
| Kaupþing Bank | 3% | 36% |
| Kögun | 2% | 17% |
| Landsbankinn | 3% | 81% |
| Marel | -1% | 30% |
| SÍF | 0% | -9% |
| Straumur | 4% | 38% |
| Össur | 11% | 24% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

# Engin evra án ESB

### Davíð Oddsson varar við upptöku evrunnar.

Það yrði þröng fyrir dyrum ef ekki óbærilegt ef evran yrði tekin upp á Íslandi og vaxtastefna Seðlabanka Evrópu gengi þvert á aðstæður í efnahagslífinu, sagði Davíð Oddsson, fráfarandi formaður Sjálfstæðisflokksins, á landsfundi í síðustu viku. Vísaði hann til ummæla Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, formanns Samfylkingarinnar, um að Íslendingar ættu að kasta krónunni fyrir evru og fjallað var um í úttekt í Markaðnum í síðustu viku.

„Er það virkilega svo að það hafi farið fram hjá einhverjum að evra verður ekki tekin upp án aðildar að ESB? Vita menn ekki að það tæki mörg ár að ganga í ESB? Hefur enginn sagt þeim að eftir að í ESB er komið þarf íslenska myntin að fylgja skráningu evrunnar í tvö ár áður en evran verður tekin upp sem gjaldmiðill þjóðarinnar?“ spurði Davíð. „Og auðvitað voru ekki nefnd glötuð yfirráð yfir fiskimiðunum og ekki orð um milljarðana sem greiða þyrfti árlega fyrir aðildina.“ -bg

# Stefnt á einn milljarð

Guðmundur Huginn Guðmundsson, skipstjóri á Hugin VE-55, stefnir að því að veiða fyrir einn milljarð króna á þessu ári. Þetta kemur fram í viðtali sem Eyjablaðið Vaktin tók við hann. Það yrði Eyjamet í aflaverðmæti.

Veiðar skipsins í síldarsmugunni í sumar og haust hafa gengið mjög vel en kolmunnaveiðar treglega þótt verð á kolmunna hafi farið heldur hækkandi. Skipið hefur nú haldið til loðnuleitar.

Guðmundur Huginn og Gylfi, bróðir hans, reka fyrirtækið Huginn sem gerir út Hugin VE-55 og þrjú önnur skip. Guðmundur Ingi Guðmundsson – faðir þeirra – stofnaði fyrirtækið árið 1959. - eþa



**LOÐNULÖNDUN** Huginn VE-55 stefnir að því að fiska fyrir einn milljarð á árinu. Það yrði met í sögu Eyjaflotans.

# Útvíkkun EES lokið

### EES verður sameiginlegt efnahagssvæði 28 Evrópuríkja með yfir 450 milljónir íbúa.

Útvíkkun Evrópska efnahagssvæðisins til þeirra tíu landa sem fengu aðild að Evrópusambandinu þann 1. maí á síðasta ári hefur nú formlega tekið gildi. Ítalía, sem var síðasta landið til að fullgilda samninginn, hefur gengið frá öllum formsatriðum.

Í vefriti viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins segir að fullgildingarferli samningsins sé með því lokið og EES sé nú sameiginlegt efnahagssvæði 28 Evrópuríkja með yfir 450 milljónir íbúa.

„Þótt ekki hafi verið búið að fullgilda stækkunarsamning EES þegar stækkun ESB átti sér stað árið 2004 tók samningurinn um stækkun EES samtímis gildi til bráðabirgða. Nú er fullgildingarferlinu hins vegar formlega lokið og stækkun EES sömuleiðis,“ segir í vefritinu.

Nýju ríkin eru Eistland, Kýpur, Lettland, Litháen, Malta, Pólland, Slóvenía, Slóvakía, Tékkland og Ungverjaland. Talið er líklegt að Búlgaría og Rúmenía gerist aðilar að EES-samningnum í náinni framtíð. – bg

# Íslensk fyrirtæki skuldsett

### Fyrirtæki á Íslandi skulda mun meira en fyrirtæki á hinum Norðurlöndunum.

Skuldir íslenskra fyrirtækja námu í fyrra 160 prósent af landsframleiðslu. Hefur þetta hlutfall hækkað hratt frá árinu 1997 þegar skuldirnar námu 80 prósent af landsframleiðslu. Þetta kemur fram í skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um íslenskt efnahagslíf. Segja höfundar að þetta hafi verið umhugsunarefni fyrir íslensk stjórnvöld og erlenda aðila sem fylgjast með íslensku atvinnulífi.

Í skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins segir að sama hvaða mælikvarðar séu notaðir þá sé skuldsetning íslenskra fyrirtækja sú mesta á Norðurlöndum. Skuldir sem hlutfall af eignum séu tæplega þrisvar sinnum meiri á Íslandi en í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku. Skuldir sem hlutfall af eigin fé sé 3,6 sinnum meira en í sömu löndum. Þessi hlutföll séu ekki einkennandi fyrir eina atvinnugrein heldur öll fyrirtækin í landinu. Þá séu lánin til skemmri tíma en á öðrum Norðurlöndum.

Skýringar á þessum mikla mun sem gefnar eru í skýrslunni eru nokkrar. Þar kemur fram að hagstæðara sé að skulda á Íslandi vegna skattareglna, möguleikar á vexti fyrirtækja eru meiri og alþjóðavæðingin kalli á aukið fjármagn. – bg

# Bað Icelandic Group afsökunar

Þýska fjármálaráðuneytið sendi nýverið frá sér afsökunarbeiðni vegna deilu sem upp kom hjá Icelandic Group og þýskum tollyfirvöldum. Þetta kemur fram í Stiklum, vefriti viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

Forsaga málsins var sú að forsvarsmenn Icelandic Group höfðu leitað til utanríkisráðuneytisins vegna þess að upp var kominn ágreiningur milli þýskra tollayfirvalda og Icelandic Group. Útlit var fyrir að fyrirtækið þurfti að breyta verulega vinnulagi við útflutning frá Íslandi til Þýskalands og mögulega til aðildarríkja Evrópusambandsins. Þýsk tollyfirvöld gerðu kröfu um að Icelandic Group greiddi innflutningstolla aftur í tímann fyrir nokkur hundruð milljónir. Eftir nokkurra mánaða þref leituðu forsvarsmenn fyrirtækisins til viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins og sendiráðs Íslands í Berlín. Eftir aðeins tíu daga fékkst niðurstaða í málið og baðst þýska fjármálaráðuneytið afsökunar á framferði tollyfirvalda í Hamborg og þau sögð hafa verið í órétti í málinu. - hb

# Samningur Þórðar Más hundruð milljóna virði

### Ríkisskattstjóri skoðar hvernig skattleggja eigi söluréttarsamninga starfsmanna. Slíkir samningar kosta milljónir á frjálsum markaði.

**Björgvin Guðmundsson**
skrifar

Verðmæti söluréttarsamnings sem Þórður Már Jóhannesson, forstjóri Straums–Burðaráss Fjárfestingarbanka, gerði við stjórn bankans nemur hundruðum milljóna króna samkvæmt sérfræðingum á fjármálamarkaði sem Markaðurinn talaði við. Samningurinn nær til tveggja ára og tryggir að Þórður tapi ekki á því að kaupa 150 milljón hluti í Straumi–Burðarási. Lækki gengið fær hann kaupverðið að fullu greitt til baka auk kostnaðar vegna lána sem hann kann að hafa tekið. Miðað við gengið 13,5 er verðmæti 150 milljóna hluta um tveir milljarðar króna.

Hægt er að kaupa sölurétt eins og Þórður gerði af stjórn Straums á markaðnum. Sérfræðingar segja að verðmæti slíks samnings sé á milli 200 og 300 milljónir króna. Þar sem bankinn tryggi líka fjármögnunarkostnað sé hann dýrari. Hins vegar sé ekki hægt að fá nákvæma niðurstöðu nema vita á hvaða kjörum Þórður fær lánað til að kaupa hlutabréfin og að hve miklu leyti hann fjármagnar kaupin sjálfur með eigin fé.

Indriði H. Þorláksson, ríkisskattstjóri, segist ekki geta tjáð sig um einstaka samninga sem gerðir eru við starfsmenn. Almennt séð segir hann að öll verðmæti sem menn fá við gerð samninga, eins og söluréttarsamninga, geti verið skattskylt. Verið sé að skoða hjá embætti ríkisskattstjóra hvernig skattleggja eigi slíka samninga. „Svona samningur felur í sér afhendingu á verðmætum og þá eru það skattskyldar tekjur,“ segir Indriði. Af slíkum tekjum greiða menn tekjuskatt sem er hærri en fjármagnstekjuskattur.

Hin allra síðustu ár hafa starfsmenn frekar gert söluréttarsamning við vinnuveitendur sína en kaupréttarsamning til að komast hjá skattgreiðslum. Samningur Þórðar Más er ekkert einsdæmi á markaðnum. Ef ársskýrslur fjármálafyrirtækja fyrir árið 2004 eru skoðaðar sést að stjórnarformaður, forstjóri og framkvæmdastjórar KB banka hafa gert söluréttarsamninga fyrir 6,1 milljón hluta í bankanum. Einar Sveinsson, formaður bankaráðs Íslandsbanka, er með sölurétt á 10 milljónum hluta.

Þessir samningar eru nú verðlausir þar sem gengi Íslandsbanka og KB banka hefur hækkað langt umfram það sölugengi sem kveðið er á söluréttarsamningunum.



Fréttablaðið/GVA

**BJARNI ÁRMANNSSON OG EINAR SVEINSSON** Bæði forstjóri Íslandsbanka og stjórnarformaður hafa gert söluréttarsamninga við bankann vegna kaupa á hlutabréfum. Söluréttur Bjarna féll niður í fyrra en Einar getur nýtt sinn sölurétt á árunum 2006 til 2008.

# Ná 40 prósent markaðshlutdeild

### Sala á salati og grænmeti eykst og Bakkavör tekur þátt í vextinum.

Ágúst Guðmundsson, stjórnarformaður Bakkavarar Group, segir fyrirtækið nálgast það að vera með 40 prósent markaðshlutdeild í Bretlandi í sölu á niðurskornu grænmeti og salati eftir kaupin á Hitchen Foods. Þessi markaður hafi vaxið um 80 prósent frá árinu 2000 og miklir vaxtarmöguleikar séu fyrir hendi. Þó sé ekki búið að taka ákvörðun um að stækka verksmiðju Hitchen strax þó þeir möguleikar séu fyrir hendi. Verksmiðjan í Wigan í Bretlandi stendur á stórri eignarlóð sem fylgdi með í kaupunum.

Sagt var frá því í Fréttablaðinu í gær að Bakkavör hefði keypt Hitchen Foods á 4,7 milljarða króna, sem Ágúst segir mjög hagstætt verð fyrir vel rekið fyrirtæki. Rekstrarhagnaður Hitchen er áætlaður 911 milljónir og veltan 5,1 milljarður á þessu ári.

Hitchen Foods selur meðal annars niðurskorið grænmeti og salat í stórmarkaði í Bretlandi. Áherslan á bætt mataræði hefur aukið sölu á tilbúnu salati sem neyta má beint úr umbúðunum. Bakkavör hefur framleitt slíkar vörur en Ágúst segir þetta styrkja stöðu þeirra á markaðnum með aukinni stærðarhagkvæmni. – bg

Við færum þér fjármálaheiminn

E*TRADE



Nú býðst þér að eiga milliliðalaus verðbréfaviðskipti með E*TRADE í gegnum netið á stærsta verðbréfamarkaði heims, Wall Street í Bandaríkjunum, og á mörkuðum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku.
Kynntu þér málið á www.landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is




## Fáðu sent lykilorð svo að þú getir nýtt þér vottun VISA (Verified by VISA)

Ef þú verslar á Netinu getur þú búist við að verða beðin/n um lykilorð til að staðfesta að þú sért réttur eigandi að VISA-korti þínu. Notkun á vottun VISA er einföld og ókeypis. VISA veitir þjónustuna til að auka öryggi í verslun á Netinu. Það eina sem þú þarft að gera er að sækja um vottun VISA á heimasíðunni **http://www.visa.is** og þú færð lykilorðið sent heim.

VISA
Öryggi og þægindi!

**VISA Ísland** - Greiðslumiðlun hf.   Sími 525 2000   525 2020   visa@visa.is   www.visa.is

# Metur ekki tilboð

## Yfirtökutilboð Skipta ehf í Símann rennur út þriðjudaginn 25. október.

Stjórn Símans telur ekki efni til þess að hún leggi mat á hvort vænlegra sé fyrir einstaka hluta-hafa að samþykkja yfirtökutilboð Skipta ehf. eða hafna því. Þetta kemur fram í greinargerð stjórn-arinnar sem send var Kauphöll Íslands á mánudaginn.

Stjórninni er skylt að gera slíka greinargerð samkvæmt lögum eins og Skipti ehf. var skylt að gera öðrum hluthöfum Símans yf-irtökutilboð. Gangi hluthafar að tilboðinu fá þeir hlutina greidda á sama gengi og Skipti keypti tæp 99 prósent hlutafjár.

Stjórn Símans telur tilboð Skipta eðlilegt. „Þá telur stjórnin aðra skilmála tilboðsins eðlilega, en hluthöfum býðst að fá kaup-verð hlutabréfanna greitt í pen-ingum innan fimm daga frá lokum gildistíma tilboðsins," segir í greinargerðinni.

Lýður Guðmundsson, sem er fulltrúi stærsta hluthafa Skipta, hefur sagt að hann voni að sem fæstir hluthafar taki tilboðinu. **– bg**

# Hætti rekstri Íbúðalánasjóðs



Á landsfundi Sjálfstæðisflokks-ins á sunnudaginn var samþykkt ályktun þar sem lagt var til að ríkið hætti að reka Íbúðalánasjóð.

„Tímabært er að ríkið hætti að reka lánasjóð til húsnæðiskaupa þó að það geti eftir sem áður haft hlutverki að gegna til að aðstoða þá sem ekki geta fengið lánafyr-irgreiðslu til húsnæðiskaupa í bankakerfinu," segir í ályktun landsfundarins.

Þá segir að leggja eigi áherslu á að flytja verkefni úr höndum ríkis og sveitarfélaga til einkaað-ila til að draga úr umsvifum hins opinbera og auka þar með sam-keppni á markaðnum. **– bg**

# Lítið atvinnuleysi

Í september voru skráðir 49.897 atvinnuleysisdagar á landinu öllu sem jafngilda því að 2.267 manns hafi að meðaltali verið á atvinnu-leysisskrá í mánuðinum. Það eru 1,4 prósent af áætluðum mann-afla á vinnumarkaði.

Atvinnuleysi hefur ekki mælst minna í einstökum mánuði síðan í október 2001, en til samanburðar mældist það 1,8 prósent í ágúst síðastliðnum og 2,6 prósent í september 2004. Vegna árstíða-sveiflu eykst atvinnuleysi yfir-leitt frá september til október og reiknar Vinnumálastofnun með 1,4 til 1,7 prósent atvinnuleysi í október. **- bg**



**HLUTHAFAR Í ICELANDIC GROUP** Hluthafar hafa ekki fengið lögbundnar upplýsingar um Serafin Shipping sem varð sjötti stærsti eigandinn eftir sameiningu SH og Sjóvíkur.

# Engin svör frá FME

## Hluthafar Icelandic Group hafa ekki fengið lög-bundnar upplýsingar eftir sameiningu við Sjóvík.

Ekki fást upplýsingar hjá Fjár-málaeftirlitinu hvernig gangi að afla upplýsinga um Serafin Shipp-ing, sem eignaðist meira en sex prósent hlut í Icelandic Group við sameiningu Sjóvíkur og Sölumið-stöðvar hraðfrystihúsanna. Þrátt fyrir að rjúfa fimm prósent eign-armúrinn gáfu forsvarsmenn Ser-afin Kauphöllinni ekki lögbundn-ar upplýsingar. Í staðinn var hlutnum skipt strax á milli tveggja félaga, Fordace Limited og Deeks Associates.

Serafin varð við sameininguna sjötti stærsti hluthafinn í Iceland-ic Group. Hluthafar í Icelandic Group og aðrir fjárfestar hafa engar upplýsingar fengið um hver eigandi félagsins var. Sam-kvæmt lögum um verðbréfavið-skipti varðar það sektum að brjóta gegn ákvæðum laga um flöggunarskyldu, sem myndast þegar aðili eignast meira en fimm prósent í fyrirtæki í Kauphöllinni.

Komið hefur fram í Markaðn-um að eigandi Serafin var Ólafur Ólafsson, stjórnarformaður Sam-skipa. **– bg**

# Viðskipti með Flögu könnuð af Kauphöll

## Skipulagsbreytingar sem eiga að styrkja fyrirtækið kynntar.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Kauphöllin hafði frumkvæði að því að óska eftir upplýsingum frá Flögu Group vegna mikillar hækkunar á bréfum félagsins síðustu dagana án þess að nokkr-ar fréttir hafi komið frá félaginu.

Viðskipti með hlutabréf í Flögu voru stöðvuð í gær meðan beðið var eftir frétt frá félaginu. Flaga ætlar að kynna í dag skipulagsbreytingar „sem miða að því að styrkja langtímahag fyrirtækisins," eins og kemur fram í tilkynningu til Kauphallar. Kauphöllin ætlar einnig að kanna viðskipti með hlutabréf Flögu undanfarna daga.

Á fimmtudaginn í síðustu viku hækkuðu bréf í Flögu um átta prósent. Daginn eftir hækkuðu þau um sex prósent og um tíu prósent á mánudaginn.

Hlutabréfin hafa verið færð á athugunarlista.



**BAÐ UM SKÝRINGAR** Vegna mikilla hreyfinga á gengi hlutabréfa í Flögu óskaði Kauphöll-in eftir skýringum frá félaginu. Flaga tilkynnir um skipulagsbreytingar í dag.

Þórður Már Friðjónsson, for-stjóri Kauphallarinnar, staðfesti að óskað hafi verið eftir svörum frá Flögu og sagði að um hefð-bundið verklag Kauphalllarinnar væri að ræða þegar snarpar verðbreytingar ættu sér stað á markaði.

Flaga hefur hækkað um fjórð-ung frá því í síðustu viku en miklar sveiflur hafa verið á gengi félagsins undanfarna mán-uði í litlum viðskiptum.


SKAMMTÍMASJÓÐUR

9,55%*

Skammtímasjóður er góður kostur fyrir þá sem vilja áhættulitla fjárfestingu og verja sig gegn verðbólgu.
Enginn munur er á kaup- og sölugengi eftir 30 daga.
Innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

ENNEMM / SIA / NM185

* Nafnávöxtun sl. 12 mánuði m.v. 30.09.2005

Skammtímasjóður er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins í útibúum KB banka eða á www.kbbanki.is.

KB BANKI – kraftur til þín!


# Afgangur ríkissjóðs getur valdið auknum útgjöldum

## Aðhald ríkisfjármála minna en stefnt var að.

Samtök atvinnulífsins velta því upp í frétt á heimasíðu samtak-anna hvort afgangur af ríkis-rekstri geti valdið auknum ríkis-útgjöldum. „Öll undangengin ár hafa fjárlög íslenska ríkisins gert ráð fyrir myndarlegum afgangi. Raunin hefur oftast orðið önnur," segir í fréttabréfinu.

**REKSTRARAFKOMA RÍKISSJÓÐS Í MILLJÖRÐUM KRÓNA**

| | Fjárlög | Niðurstaða |
|---|---|---|
| 2000 | 16,7 | -4,3 |
| 2001 | 33,8 | 8,7 |
| 2002 | 18,5 | -8,1 |
| 2003 | 9,4 | -6,1 |
| 2004 | 6,7 | 2,0 |
| **Samtals** | **85,1** | **-7,8** |

Undanfarin fimm ár hefur ver-ið gert ráð fyrir um 85 milljarða afgangi af rekstrarafkomu ríkis-sjóðs en staðreyndin hefur hins vegar verið sú að tæplega 8 millj-arða tap hefur verið á rekstraraf-komu ríkissjóðs.

Samtökin benda á að þeirri kenningu hefur oft verið haldið á lofti að afgangur af rekstri ríkis-sjóðs valdi því að viðspyrna þing-manna og fjármálaráðuneytis gegn því að útgjöld aukist til til-tekinna málaflokka, verði minni ef jafnvægi er milli tekna og gjalda eða halli. Auk þess sem kjarasamningar ríkisstarfsmanna kosti ríkið meira en annars því af nógu sé að taka ef afgangur er af rekstri ríkissjóðs. **- hb**

# Vill heildsölubanka

## Styrkja þarf samkeppnisaðstöðu viðskiptabanka.

Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn hvetur íslensk stjórnvöld til að breyta fyrirkomulagi á húsnæð-islánakerfinu með það að mark-miði að viðskiptabankar og spari-sjóðir geti keppt á íbúðaláná-markaði með hagkvæmum hætti. Stofnunin vill þó halda í ýmsa þætti sem reynst hafa vel.

Sjóðurinn leggur til að haldið verði í þá sérfræðiþekkingu sem er til staðar hjá Íbúðalánasjóði og honum breytt í heildsölubanka sem kaupi innlenda lánasamn-inga og fari í skuldabréfaútboð á alþjóðlegum vettvangi. Við nú-verandi samkeppni banka og Íbúðalánasjóðs er hætta á því að bankar taki óþarflega áhættu við lántökur. - eþa

# VIÐ HÖNNUM VEFSÍÐUR

**sem vekja athygli**

Við hönnum vefsíður fyrir fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum. Við bjóðum þér framtíða vefsíðulausnir sem eru notendavænar og hagkvæmar !



# 8.is

**HAFÐU STRAX SAMBAND!**

**og fáðu gott tilboð í glæsilega vefsíðu!**

ALLRA ÁTTA | SÍMI 588 8885 | 8@8.iS

**ÚTRÁSARVÍSITALA 108,79 -4,93%**

| Fyrirtæki | Land | Gengi | Gjald-miðill | (Gengi gjaldmiðils) | Breyting |
|---|---|---|---|---|---|
| BTC | Búlgaría | 10,52 | Lev | 37,37 | -6,64% |
| Carnegie | Svíþjóð | 97,00 | SEK | 7,76 | -3,46% |
| Cherryföretag | Svíþjóð | 29,50 | SEK | 7,76 | -0,78% |
| deCode | Bandaríkin | 8,17 | USD | 60,97 | 1,67% |
| EasyJet | Bretland | 2,81 | Pund | 107,21 | -5,47% |
| Finnair | Finnland | 10,60 | EUR | 73,38 | -4,21% |
| French Connection | Bretland | 2,51 | Pund | 107,21 | -1,48% |
| Intrum Justitia | Svíþjóð | 67,25 | SEK | 7,76 | -6,96% |
| Keops | Danmörk | 20,20 | DKR | 9,83 | -8,98% |
| Low & Bonar | Bretland | 1,09 | Pund | 107,21 | -4,96% |
| NWF | Bretland | 6,35 | Pund | 107,21 | 2,64% |
| Sampo | Finnland | 12,70 | EUR | 73,38 | -6,10% |
| Saunalahti | Finnland | 2,39 | EUR | 73,38 | -4,90% |
| Scribona | Svíþjóð | 15,70 | SEK | 7,76 | -6,06% |
| Skandia | Svíþjóð | 39,90 | SEK | 7,76 | -2,71% |

Miðað við gengi bréfa og gjaldmiðla á mánudag

# Fljúgast á í háloftunum

## Lítil flugfélög ögra flugrisunum BA og Virgin Atlantic

Baráttan um flugfarþega hefur nú tekið nýja stefnu. Þetta kemur fram á viðskiptasíðu BBC. Hún hefur hingað til að mestu staðið um lággjaldaflugið en er nú að færast yfir á dýrari endann. Flugfélögin Eos og Maxjet hafa tilkynnt að þau ætli að hefja flug milli JFK og Stansted þar sem eingöngu er boðið upp á viðskiptafarrými. Verður fyrsta slíka ferðin farin á fimmtudag. Flugfélögin vonast með þessu til þess að krækja í vænan hluta viðskiptavina British Airways og



**BRITISH AIRWAYS MÁ VARA SIG.** Tvö flugfélög eru að hefja flug milli JFK og Stansted þar sem eingöngu er boðið upp á viðskiptafarrými.

Virgin Atlantic sem hingað til hafa nánast verið ein um hituna í flugi á viðskiptafarrými á þessari flugleið.

Hugmyndir fyrirtækjanna tveggja eru ekki að öllu leyti þær sömu. Eos segir að tilfinning viðskiptavinarins verði að hann sé staddur í einkaþotu. Maxjet segist hins vegar vera að hefja fyrsta lággjalda viðskiptaflugið. Sérfræðingar eru mishrifnir af hugmyndunum og telja að ýmsar hindranir verði á vegi flugfélaganna. Líklegt sé að viðskiptaferðalangar setji það fyrir sig að fara á Stansted, aðeins eitt flug á dag sé ekki nógu sveigjanlegur kostur og það skorti einhvers konar punktakerfi sem þessi hópur nýtir sér að miklu leyti. **- hhs**

**SÖGUHORNIÐ**

# Svarti mánudagurinn

19. október árið 1987 hefur oft verið kallaður „svarti mánudagurinn“. Á þeim degi hrundi Dow Jones-vísitalan skyndilega um 22,6 prósent sem er mesta lækkun á einum degi í sögu verðbréfamarkaða. Lækkunin einskorðaðist ekki bara við Bandaríkin heldur endurspeglaðist hún í mörkuðum um allan heim. Í lok október þetta ár höfðu verðbréfamarkaðir í Ástralíu fallið um 41,8 prósent, í Kanada um 22,5 prósent, í Hong Kong um 45,8 prósent og Bretlandi um 26,4 prósent.

Hrunið þennan dag er svipað nokkurri dulúð þar sem engar sérstakar fréttir komu upp í aðdraganda þess. Menn rökræða enn nú, átján árum síðar, um ástæður fyrir hruninu en enn sem komið er er ekki hægt að benda á eina ákveðna ástæðu fyrir atburðinum. Ofmat bréfanna, lítill seljanleiki og sálfræði markaðarins eru meðal þeirra skýringa sem voru nefndar. Sú vinsælasta var kerfisbundnar fjárfestingar þar sem tölvur voru notaðar við að selja eða kaupa mikið magn bréfa á kerfisbundinn hátt. Einhverjar þessara tilgáta eru taldar hljóta að skýra það hvers vegna hrunið varð þennan dag. Hins vegar ber



**HRUN DOW JONES-VÍSITÖLUNNAR 19. OKTÓBER 1987.** Hrun vísitölunnar endurkastaðist um heim allan og hafði mikil áhrif á verðbréfamarkaði í Ástralíu, Kanada, Hong Kong og Bretlandi.

mönnum ekki saman um ástæður þess af hverju það gerðist ekki einhvern annan dag, hvers vegna þetta gerðist svo hratt og hvers vegna það teygði sig yfir á markaði annarra landa en einskorðaðist ekki við Bandaríkin.

Í kjölfar hrunsins voru hömlur settar á viðskipti á mörkuðum, að miklum hluta til vegna þess að tölvukerfi þessa tíma voru ekki nógu sterk til að anna hrönnuðust upp við tíðindin. Það gaf seðlabönkum tíma til að spýta fjármagni inn á markaðinn til að hægja á frekari lækkunum. Menn velta því fyrir sér hvað myndi gerast ef slíkt hrun ætti sér stað í dag, nú þegar tölvutækninni hefur fleygt nægilega fram til að valda slíku álagi. **- hhs**

# Philips fram úr væntingum

Evrópskir hlutabréfamarkaðir hækkuðu á mánudag. Þar átti hollenski raftækjaframleiðandinn Philips hlut að máli eftir að hafa farið fram úr spám fyrir þriðja ársfjórðung. Hlutabréf í félaginu hækkuðu um þrjú prósent við fréttirnar. Hlutabréf í olíufyrirtækjunum Royal Dutch Shell og Total hækkuðu hjá hvoru um sig um 2 prósent eftir að hráolíuverð hækkaði vegna hræðslu um yfirvofandi storm í Mexíkóflóa. Auk þess hækkuðu bréf írska lyfjaframleiðandans Elan Corp um níu prósent í kjölfar fregna um að lyfið Tysabri hafi staðist öryggispróf. **- hhs**



# Ríkastir í heimi

## Financial Times hefur valið 25 ríkustu menn heims

**Hólmfríður Helga Sigurðardóttir**
skrifar

Viðskiptatímaritið Financial Times birti í síðasta riti sínu lista yfir 25 ríkustu menn heims. Heildarverðmæti eigna milljarðamæringanna er 320 milljarðar bandaríkjadala. Í umfjöllun blaðsins kemur fram að þeir einstaklingar sem valdir voru eru ekki einungis ríkir og valdamiklir heldur hafi þeir stuðlað að því að breyta hugsunarhætti, lífsháttum og vinnuháttum fólks.

Eftir sem áður trónir Bill Gates á toppi listans sem langríkasti maður heims og mikill mannvinur. Steve Jobs, stofnandi Apple, færist hratt nærri honum og fer upp úr sjötta sæti í fyrra. Það er velgengni iPod-spilarans sem kemur honum þangað. Ekki sér fyrir endann á þeirri velgengni og því gæti hann fljótlega farið að gera tilkall til fyrsta sætisins. Listinn sýnir sem fyrr að bandarísku tölvufyrirtækin eiga vinninginn en fyrstu fjögur sætin verma milljarðamæringar beint út úr Silicon Valley. Nýir á listanum eru einmitt vinirnir Larry



**BILL GATES ER RÍKASTUR** Stofnandi, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Microsoft. Eignir hans eru metnar upp á 51 milljarð bandaríkjadala.

Page og Sergey Brin sem stofnuðu Google-leitarvélina.

Annað sem vekur athygli og hefur breyst frá árinu 2004 er að það eru helmingi fleiri Evrópumenn á listanum, helmingi færri pólitíkusar og engin kona. Aðferðirnar við að mæla eignir auðjöfra eru misjafnar og því ber ekki öllum saman um hverjir skulu verma sæti lista sem þessa. Víst þykir þó að auður og áhrif þeirra allra eru óneitanlega mikil.



**STEVE JOBS ER RÍKARI** Framkvæmdastjóri Apple. Virði eigna hans er 3 milljarðar bandaríkjadala.



**PIERRE OMIDYAR ER RÍKUR** Stofnandi og stjórnarformaður eBay. Heildarverðmæti eigna hans er 10 milljarðar bandaríkjadala.

**25 ríkustu menn heims**

1. Bill Gates, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Microsoft
2. Steve Jobs, einn stofnenda og framkvæmdastjóri Apple
3. Pierre Omidyar, stofnandi og stjórnarformaður eBay
4. Sergey Brin og Larry Page, stofnendur Google
5. Rupert Murdoch, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri News Corporation
6. Michael Bloomberg, borgarstjóri New York og stofnandi Bloomberg
7. Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu og stofnandi of Fininvest
8. George Soros, vogunarsjóðsstjóri og mannvinur
9. Carlos Slim Helu símaauðjöfur
10. Azim Premji, stjórnarformaður Wipro
11. Lakshmi Mittal, stjórnarformaður Mittal Steel Company
12. Warren Buffett, framkvæmdastjóri Berkshire Hathaway
13. Richard Mellon Scaife, útgefandi og mannvinur
14. Thaksin Shinawatra, forsætisráðherra Taílands
15. Gordon Moore, fyrrum stjórnarformaður Intel
16. Roman Abramovich, rússneskur kaupsýslumaður og eigandi Chelsea
17. Ted Turner, fjölmiðlakóngur og mannvinur
18. Bernard Arnault, stjórnarformaður, framkvæmdastjóri og stærsti hluthafi LVMH
19. John de Mol, fjölmiðlastórlax
20. Larry Ellison, einn stofnenda og framkvæmdastjóri Oracle
21. Michael Dell, stjórnarformaður Dell
22. Ingvar Kamprad, stofnandi IKEA
23. Lee Kun-hee, stjórnarformaður Samsung Group
24. Hasso Plattner, einn stofnenda og stjórnarformaður SAP
25. Li Ka-shing, stjórnarformaður Hutchison Whampoa

Galdurinn er að láta okkur vinna fyrir þig




JÓNAR TRANSPORT bjóða alhliða flutningsþjónustu í samstarfi við bestu flutningsaðila sem völ er á, bæði hérlendis og erlendis. Þéttriðið þjónustunet um allan heim tryggir flýti, öryggi, hagstæð gjöld og góða vörumeðhöndlun frá verksmiðjuvegg og heim í hlað.

JÓNAR TRANSPORT
-um víða veröld
Kjalarvogi • Sími 535 8000
jonar@jonar.is • www.jonar.is

# Samningar út um þúfur

## Samsung framleiðir ekki minniskubb í iPod



**SAMSTARF APPLE OG SAMSUNG UNDIR SMÁSJÁNA.** Suður-kóreskir MP3-framleiðendur segja samkeppnisstöðu sína slæma vegna lágs verðs iPod nano.

**Samningaviðræður milli hins kóreska Samsung og Apple um framleiðslu Samsung á flassminniskubbi fyrir Apple eru farnar út um þúfur. Minniskubburinn er notaður í MP3-spilara, digitalmyndavélar og ekki síst í hinn hárþunna iPod nano frá Apple sem flestum er kunnugt um að hefur notið gríðarlegra vinsælda.**

**Samkvæmt Korean Times hefur Apple dregið sig út úr samstarfinu. Það gerðist eftir að orðrómur fór á kreik um að viðskiptaráð Kóreu hygðist rannsaka samstarf tölvurisanna tveggja. Suðurkóreskir fjölmiðlar hafa sakað Samsung um að selja minniskubbinn vel undir markaðsvirði og suður-kóreskir MP3-framleiðendur segja samkeppnisstöðu sína mjög slæma vegna lágs verðs hins vinsæla iPod nano. Virði samstarfs Apple og Samsung hefði verið um 3,8 milljarðar bandaríkjadala.** - hhs

# Galli í rafhlöðum HP

Hewlett Packard hefur innkallað 135 þúsund rafhlöður fyrir fartölvur af gerðinni HP Pavilion og Compaq Evo og Presario. Þar af eru 50 þúsund stykki sem seld voru utan Bandaríkjanna. Framleiðslugalli í rafhlöðunum getur valdið skammhlaupi sem verður til þess að þær ofhitna og bræða umlykjandi plasthylkið. Af þeim getur því stafað eldhætta en HP hefur fengið kvartanir um sextán galla af þessu tagi. Engin dæmi eru þó um slys á fólki. Ekki er vitað til þess að rafhlöður af þessu tagi hafi ratað hingað til lands en strikamerki þeirra sem gallaðar eru byrja á GC, IA, L0 eða L1.



- hhs

# Siðferðisleg lausn í sjónmáli

## Vísindamönnum hefur tekist að fjarlægja stofnfrumur úr fósturvísi músa án þess að lífi sé fórnað.

**Hólmfríður Helga Sigurðardóttir**
skrifar

Tveir hópar bandarískra vísindamanna hafa í sameiningu fundið leið til þess að fjarlægja stofnfrumur úr fósturvísi músa án þess að fórna lífi í leiðinni. Sé hægt að gera slíkt hið sama þegar kemur að manneskjum myndi það slá á hið mikla siðferðislega og pólitíska ósætti sem ríkir þegar kemur að stofnfrumurannsóknum í fósturvísum.

Stofnfrumur fósturvísa eru lykilinn að rannsóknum á frumum sem geta endurnýjað sig. Vísindamenn hafa barist við það að komast framhjá þeim siðferðilegu hindrunum sem hafa gert rannsóknirnar umdeildar og bundnar reglugerðum. Stofnfrumur geta orðið að öllum þeim mismunandi vefjum sem mannslíkaminn samanstendur af. Fram til þessa var eina leiðin til að komast að stofnfrumunum að sækja þær í innri hluta tilvonandi fósturvísis sem við það eyðileggst. Það jafngildir morði samkvæmt þeim sem trúa því að nýtt líf hefjist við getnað.

Vísindamennirnir sem standa að rannsóknunum hafa nú sýnt fram á að ef þeir sækja frumu í fósturvísi sem samanstendur einungis af átta frumum geti fósturvísirinn bjargast. Hægt sé að koma honum fyrir í legi og úr verði venjuleg meðganga. Hingað til hafa stofnfrumur verið teknar úr fósturvísum sem samanstanda af um það bil 256 frumum. Ekki var vitað til þess að frumur á fyrri stigum hefðu sömu eiginleika og frumurnar á síðari stigum. Vísindamenn hafa nú sýnt fram á að sú er raunin, að minnsta kosti hjá músum.



**NÝJAR RANNSÓKNIR Á STOFNFRUMUM FÓSTURVÍSA MÚSA LOFA GÓÐU.** Vísindamenn hafa lengi reynt að komast framhjá þeim siðferðilegu hindrunum sem hafa gert slíkar rannsóknir umdeildar.




VOLVO S40 VOLVO V50 VOLVO S60 VOLVO V70 VOLVO S80 VOLVO XC70 AWD VOLVO XC90 AWD



# VELDU RÉTTU FORMÚLUNA. STÝRÐU VOLVO S60.

Formúla Alberts Einstein um orkuígildi massa er ein frægasta formúla allra tíma. Áratugum saman hefur Volvo leitað sannleikans líkt og Einstein, rannsakað bíla við ólíkar aðstæður, reiknað út og safnað þekkingu. Eðlisfræði og eiginleikum formúlunnar eru stærðfræðingum Volvo vel ljósar enda býr Volvo yfir fullkomnustu öryggisrannsóknarmiðstöð á sviði bílaþróunar. Volvo er frumkvöðull og leiðandi á sviði öryggismála sem aðrir bílaframleiðendur taka mið af. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo.

### Volvo er fögur stærðfræði

Þrautir stærðfræðinnar eru sport í huga hönnuða Volvo og sú allra sportlegasta er formúla eitt af fjölskyldubílnum Volvo S60 - Volvo S60R. Prófaðu sportlega eiginleika Volvo S60 og þú skilur hvað átt er við með réttri formúlu. Reiknaðu út smáatriðin, vökvastýrt velti- og aðdráttarstýrið, ABS hemlakerfið sem búið er EBD hemlajöfnun auk SIPS hliðarárekstrarvarnar. Kynntu þér WHIPS bakhnykksvörnina, sætin, rafeindastýrðu DSTC stöðugleikastýringuna og spólvörnina, sjálfvirka hleðslujafnarann, tölvustýrða loftkælinguna, hitastýringuna og lofthreinsikerfið, hraðastillinn, rafstýrðu bílbeltastrekkjarana og allan annan staðalbúnað Volvo S60, sem hinir vandlátu gera skýlausa kröfu um vegna öryggis, gæða og þæginda fyrir sig og fjölskylduna. Veldu rétt. Komdu í Brimborg.

Skoðaðu 5 strokka 180 hestafla vélina með forþjöppu. Og verðið! Meðal staðalbúnaðar eru atriði sem aðeins eru boðin sem aukabúnaður í sumum tegundum annarra bílamerkja sem bera sig saman við Volvo S60. Volvo S60 er engum öðrum líkur, hann uppfyllir þarfir þínar sem gerir kröfu um sportlegan og öruggan fjölskyldubíl á skynsamlegu verði án þess að þurfa að fórna gæðum og þægindum lúxusbílsins. Veldu Volvo S60.

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.



*Þrautir stærðfræðinnar eru sport í huga hönnuða Volvo og sú allra sportlegasta er formúla eitt af Volvo S60 - Volvo S60R sem er öðruvísi að innan sem utan.*

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

**Volvo S60 bensín.**
**Verð frá 3.520.000 kr.***

**Volvo S60 dísil.**
**Verð frá 3.970.000 kr.***



* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Gates-hjónin gjafmild

Bill Gates, stofnandi og framkvæmdastjóri Microsoft, og kona hans, Melinda Gates, hafa í gegnum styrktarsjóð í eigin nafni veitt tölvusafni í Kaliforníu fimmtán milljóna bandaríkjadala styrk. Það jafngildir um 916 milljónum íslenskra króna. Þetta kemur fram á vefsíðu BBC. Styrknum verður meðal annars varið til að setja upp gagnvirka sýningu um tölvubyltinguna og áhrif hennar á samfélagið. Þrátt fyrir rausnarlegan styrk Gates-hjónanna skortir safnið enn 50 milljónir bandaríkjadala eða rúmlega 3 milljarða íslenskra króna til að takast ætlunarverk sitt. - hhs



**MELINDA OG BILL GATES** Hafa styrkt tölvusafn í Kaliforníu um 916 milljónir íslenskra króna.

# Ný not fyrir farsíma



**Farsímanotkun í Afríku hefur aukist mjög á síðastliðnum árum og auðveldað líf margra. Sem dæmi um ný not fyrir farsíma má nefna að dýralífsfræðingar í Kenía og Suður-Afríku nýta sér nú farsíma til að rekja staðsetningu fílahjarða. Farsíma er komið fyrir í hálsól fíls og sendir frá sér skilaboð á klukkutíma fresti og segir til um hvar fíllinn er staddur. Segja sérfræðingar að aðferðin lækki kostnað við að rekja slóðir fíla um allt að 60 prósent.**

# Klekkja á svikahröppum

## Tölvurisinn Microsoft og ríkisstjórn Nígeríu vinna saman.

Ríkisstjórn Nígeríu og tölvurisinn Microsoft vinna nú saman að því klekkja á svikahröppum sem nota Internetið við iðju sína samkvæmt netsíðu BBC. Svikahrappar sem þessir eru talsvert algengir Nígeríu. Langalgengast er að sendur sé tölvupóstur þar sem viðtakandi er beðinn um að borga ákveðna summu eða gefa upp bankanúmer til þess að hjálpa til við að færa stórar fjárhæðir milli landa. Í staðinn er honum lofaður hluti upphæðarinnar sem laun fyrir greiðann. Einhverjir láta glepjast en greiðslan berst þeim að sjálfsögðu aldrei.

Samstarfið felur í sér tölvuþjálfun og upplýsingamiðlun. Microsoft hjálpar Nígeríumönnum með tæknileg atriði við að rekja slóð tölvuþrjótanna. Ríkisstjórnin sér svo um framhaldið en í Nígeríu stendur nú yfir rannsókn á mörg hundruð grunuðum svikahröppum. Samstarfið milli Microsoft og ríkisstjórnarinnar hófst fyrir um sex mánuðum. Nú þegar hafa nokkrir aðilar verið sóttir til saka, sem beint má leiða til samstarfsins. - hhs



**SVIKAHRAPPAR NOTA INTERNETIÐ TIL STARFA SINNA** Microsoft og ríkisstjórn Nígeríu vinna nú saman að því að klekkja á tölvuþrjótum.







VOLVO
for life

*Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!*

brimborg
**Öruggur staður til að vera á**

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.volvo.is



Fréttablaðið/Heiða

**SAMEINAÐIR** Róbert Wessman, forstjóri Actavis og Fred Lynch, framkvæmdastjóri samheitalyfjasviðs Alpharma. Fyrirtækin falla vel saman og skörun er tiltölulega lítil. Með sameiningunni njóta félögin mismunandi styrks hvors um sig á ólíkum mörkuðum. Actavis nýtur mikillar framleiðslugetu Alpharma og breidd vöruframboðs sameinaðs félags er mikil.

**Árið 1999 velti félagið 57 milljónum evra, var einungis með starfsemi á Íslandi. Starfsmenn voru 146. Þegar kaupin verða endanlega frágengin í lok þessa árs blasir við eitt af leiðandi fyrirtækjum heimsins í samheitalyfjaiðnaðnum. Áætluð velta næsta árs er 1,2 milljarðar evra og starfsmenn verða tíu þúsund í 32 löndum.**

# Breytt ásýnd Actavis

Actavis hefur á sex árum breyst úr litlu íslensku samheitalyfjafyrirtæki með 146 manns í vinnu í alþjóðlegt stórfyrirtæki með tíu þúsund starfsmenn og áætlaða veltu upp á hátt í hundrað milljarða. Actavis er nú fjórða stærsta samheitalyfjafyrirtæki heims og þriðja sætið er ekki langt undan. *Hafliði Helgason* kynnti sér nýjustu fyrirtækjakaup Actavis sem eru þau stærstu hingað til.

Með kaupum Actavis á samheitalyfjastarfsemi Alpharma er Actavis orðið fjórða stærsta samheitalyfjafyrirtæki í heimi. Ásýnd fyrirtækisins breytist einnig talsvert við kaupin og vægi Mið- og Austur Evrópu minnkar í sölu félagsins. „Við verðum eftir kaupin með um 40 prósent af sölunni í Vestur-Evrópu og um 35 prósent í Bandaríkjunum," segir Róbert Wessman, forstjóri Actavis.

Kaupin eru þau stærstu sem Actavis hefur gert. Um fimmtíu milljarðar eru greiddir fyrir fyrirtækið, en heildarfjármögnun með skuldum félagsins nemur um hundrað milljörðum króna. Þetta eru sjöttu kaup fyrirtækisins á árinu. Fyrirtækið hefur vaxið hratt á undanförnum árum. Bæði með innri vexti og með kaupum á fyrirtækjum. Upp á síðkastið hefur hægt á innri vexti, en áætlanir félagsins gera ráð fyrir góðum vexti á næstu tveimur árum. Breytingin á fyrirtækinu er mikil á skömmum tíma. Árið 1999 velti félagið 57 milljónum evra, var einungis með starfsemi á Íslandi. Starfsmenn voru 146. Þegar kaupin verða endanlega frágengin í lok þessa árs blasir við eitt af leiðandi fyrirtækjum heimsins í samheitalyfjaiðnaðnum. Áætluð velta næsta árs er 1,2 milljarðar evra og starfsmenn verða tíu þúsund í 32 löndum.

**FÓTFESTA Á STÆRSTA MARKAÐNUM**

Actavis hefur lengi haft það á stefnuskránni að koma sér fyrir á Bandaríkjamarkaði sem er stærsti markaður í heimi fyrir samheitalyf. Fyrstu skrefin voru stigin í maí þegar félagið keypti samheitalyfjafyrirtækið Amide. Með kaupunum nú verður Actavis í áttunda sæti hvað varðar markaðshlutdeild á Bandaríkjamarkaði. Félagið er á öllum markaðssvæðum sínum meðal tíu efstu. Stækkun fyrirtækisins og sterkari markaðsstaða skiptir miklu. Þróunin í samheitalyfjageiranum er eins og í mörgum öðrum greinum sú að fyrirtækin verða færri og stærri. Markaðshlutdeildin á heimsvísu verður eftir kaupin 3,9 prósent. Langur vegur er í tvö stærstu félögin sem eru Teva & Ivax með 12,8 prósenta markaðshlutdeild á heimsvísu og Sandoz sem er með 11,1 prósent hlutdeild. Þriðja sætið er ekki svo langt undan þar situr Merck Kgaa sem er með 5,1 prósent markaðshlutdeild. Ef horft er til vaxtar Actavis annars vegar og Merck Kgaa hins vegar er ekki óvarlegt að álykta að barátta um þriðja sætið gæti harðnað áður en langt um líður. „Við erum að komast í toppendann á öllum mörkuðum sem er mikilvægt fyrir okkur," segir Róbert. Hann segir verðið sem greitt var fyrir fyrirtækið gott. Ef miðað er við veltu og framlegð síðasta árs er verðið hátt, en reksturinn hefur batnað verulega og miðað við rekstur þessa árs er verðið hagstætt fyrir Actavis. Róbert vill hins vegar ekki tjá sig frekar um það.

**MINNI ÁHÆTTA**

Alpharma er með framleiðslu í Bandaríkjunum, Noregi, Bretlandi, Kína og Indónesíu. Róbert segir að framleiðsla Alpharma sé hagkvæm. Stærð verksmiðjunnar í Bretlandi geri hana álíka hagkvæma og verksmiðju Actavis á Möltu, þar sem launakostnaður er mun lægri. Róbert segir ljóst að samlegð og hagræðing sé talsverð í lyfjaframleiðslunni. Afkastagetan verða 24 milljarðar taflna. Vöruframboðið breikkar, en með sameiningu verður til félag með 600 lyf í sölu og önnur

**„Við erum að þynna út hlutféð, en getum kippt því til baka. Miðað við arðsemi og sjóðstreymi félagsins gerum við ráð fyrir að félagið þoli þessa skuldsetningu án þess að auka hlutafé innan næstu átján mánaða."**


ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!
460 4700 · www.iv.is

Verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003

Góð ávöxtun vegur þungt
– og þar erum við á toppnum!
12,7%*
Peningamarkaðssjóður ÍV
*Nafnávöxtun frá 1. sept. 2005 - 30. sept. 2005 á ársgrundvelli
Besta ávöxtun peningamarkaðssjóða síðustu 1, 3, 6 og 12 mánuði skv. sjodir.is
Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf.



200 í þróun. Næmi fyrirtækisins fyrir árangri einstakra lyfja minnkar, auk þess sem fleiri markaðir draga úr áhættu í rekstrinum. Auk þess opnast nýir markaðir svo sem Kína og Indónesía.

Með kaupunum ríflega tvöfaldast velta Actavis. Framundan er samþætting starfsemi fyrirtækjanna og mun nýráðinn aðstoðarforstjóri Actavis, Svafa Grönfeld, leiða þá vinnu. „Við reiknum með að tíu manns frá hvoru fyrirtæki fyrir sig muni einbeita sér að samþættingu starfseminnar.“ Róbert segir uppbyggingu fyrirtækjanna líka sem ætti að einfalda þá vinnu. Hann vill ekki gefa neitt út á framtíð stjórnenda Alpharma. Það sé seinni tíma ákvörðun.

Fred Lynch, framkvæmdastjóri samheitalyfjasviðs hjá Alpharma, tók við félaginu á erfiðum tímum. Honum hefur tekist á undanförnum misserum ásamt sínu fólki að bæta rekstrarárangurinn talsvert sem meðal annars hefur birst í miklum hækkunum á gengi félagsins sem er skráð á New York Stock Exchange. Talið er líklegt að áfram verði sóst eftir kröftum hans og annarra lykilstjórnenda. Fred Lynch segir að til hafi staðið að selja þennan hluta fyrirtækisins um langt skeið. „Salan til Actavis gekk hins vegar fremur hratt fyrir sig.“ Hann segir að fyrirtækin falli mjög vel saman. „Við höfum sterka stöðu í Vestur-Evrópu og í Bandaríkjunum, meðan Actavis er með sterka stöðu í Mið-Evrópu og Austur-Evrópu.“

**NÝUNG Í FJÁRMÖGNUN**

Heildarfjármögnun nemur 105 milljörðum króna og er stærstur hlutinn lán sem tryggð eru af alþjóðlega fjárfestingarbankanum UBS. Lánin eru með 0,9 prósenta álagi á millibankavexti í evrum og geta lækkað ef tilskilinn rekstrarárangur næst. Athygli vekur að fjármögnun íslensku bankanna, Íslandsbanka og Landsbankans er í formi hlutabréfa sem Actavis hefur kauprétt að næstu fimm og hálft ár. Bréfin bera 11 prósenta vexti sem hækka um eitt prósent á ári eftir fyrsta árið. Búast má við því að vilji sé til þess hjá stjórn félagsins að nýta kaupréttinn. Verði enginn kaupréttur nýttur munu bankarnir eignast 39 prósenta hlut í fyrirtækinu. „Við erum að þynna út hlutféð, en getum kippt því til baka. Miðað við arðsemi og sjóðstreymi félagsins gerum við ráð fyrir að félagið þoli þessa skuldsetningu án þess að auka hlutafé innan næstu átján mánaða,“ segir Róbert.

**STÆRSTU SAMHEITALYFJAFYRIRTÆKI HEIMS**
EFTIR MARKAÐSHLUTDEILD

| | |
|---|---|
| Teva & Ivax | 12,8% |
| Sandoz | 11,1% |
| Merck Kgaa | 5,1% |
| Alpharma & Actavis | 3,9% |
| Ratiopharm | 3,8% |

**STAÐA SAMEINAÐS FÉLAGS Í MISMUNANDI LÖNDUM**

| | |
|---|---|
| Ísland | 1. sæti |
| Noregur | 2. sæti |
| Danmörk | 3. sæti |
| Svíþjóð | 4. sæti |
| Finnland | 4. sæti |
| Búlgaría | 1. sæti |
| Tyrkland | 5. sæti |
| Þýskaland | 6. sæti |
| Bretland | 4. sæti |
| Bandaríkin | 8. sæti |
| Rússland | 10. sæti |
| Serbía | 3. sæti |

# 300 stærstu

Frjáls verslun gaf á dögunum út lista sinn yfir 300 stærstu fyrirtæki landsins. Athygli vekur að Kaupþing banki trónir á toppnum og er það í fyrsta sinn sem sjávarútvegsrisarnir sitja ekki í toppsætinu. Íslandsbanki vermir fjórða sætið og Landsbankinn það fimmta og sýnir þetta hversu mikill drifkraftur hefur leyst úr læðingi við einkavæðingu þeirra.

Mikill vöxtur einkennir stærstu fyrirtæki landsins og nam velta þeirra stærstu 789 milljörðum árið 2004 en var 607 milljarðar árið á undan. 28 fyrirtæki velta yfir tíu milljörðum króna en á síðasta ári voru 25 fyrirtæki á aðallistanum sem höfðu slíka veltu.

**ÞAU TÍU FYRIRTÆKI SEM GREIÐA HÆSTU LAUNIN**

| | Meðallaun í þús. |
|---|---|
| 1. Huginn ehf. útgerð | 8.225 |
| 2. Skagstrendingur hf. | 7.877 |
| 3. MP Fjárfestingabanki | 7.612 |
| 4. Kaupþing banki hf. | 7.583 |
| 5. Bergur – Huginn ehf. | 7.525 |
| 6. Stálskip ehf. | 7.509 |
| 7. Fasteignafélagið Stoðir hf. | 7.364 |
| 8. Ocean Direct (Sæberg SH) | 6.660 |
| 9. G.Guðmundsson hf. (Ólafsfirði) | 6.600 |
| 10. Útgerðarfélagið Frigg ehf. | 6.142 |

**ÞAU TÍU FYRIRTÆKI SEM SKILA MESTUM HAGNAÐI**

| | Hagnaður í millj. f. skatta |
|---|---|
| 1. Kaupþing banki hf. | 22.495 |
| 2. Landsbanki Íslands | 14.740 |
| 3. Íslandsbanki hf. | 13.689 |
| 4. Burðarás hf. | 11.538 |
| 5. Straumur fjárfestingarbanki hf. | 7.745 |
| 6. Baugur Group hf. | 7.344 |
| 7. Landsvirkjun | 7.195 |
| 8. Actavis Group hf. | 6.837 |
| 9. Ker hf. (ESSO) | 4.819 |
| 10. Sjóvá – Almennar tryggingar hf. | 4.332 |






**JÓLAVERSLUN Í REYKJAVÍK** Jólaverslunin er hafin í Reykjavík og jólaskrautið komið í glugga. Ef að líkum lætur má allt eins búast við því að veltuaukning í smásöluverslun milli ára verði um fimm milljarðar króna.

# Spá *metári* í jólaverslun

**Jólin eru ekki síst hátíð verslunarmanna. Fjör fer að færast í leikinn á næstu vikum þegar landsmenn fara að huga að jólainnkaupum. Margir búast við því að jólaverslunin í ár verði með meira móti og margir spá veltumeti í jólaverslun. *Hjálmar Blöndal* kannaði hug verslunarmanna til jólanna.**

Enda þótt rétt rúmir tveir mánuðir séu í jól, eru kaupmenn löngu byrjaðir að undirbúa jólaverslunina. Vörukaup hefjast síðla sumars hjá flestum þeirra enda þótt vörurnar komi ekki í búðirnar fyrr en nokkrum mánuðum síðar. Jólaverslunin eru hátíð kaupmannanna ekki síður en annarra og verslunin nær hámarki á næstu vikum. Viðmælendum Markaðarins bar almennt saman um að framundan væri einhver mesta hátíð sem sögur færu af í jólaverslun. Öll skilyrði fyrir verslunina væru hagstæð og svo hagstæð að líta þurfi langt aftur til að finna álíka tíma.

**GENGI OG KAUPMÁTTUR AFAR HAGSTÆÐ**

Það er ekki bara einn áhrifaþáttur sem virðist setja árið í ár í hæstu hæðir. Væntingarnar til ársins miðast við ýmsa þætti sem verslunarmenn þekkja manna best. Gengi íslensku krónunnar gagnvart gjaldmiðlum helstu viðskiptalandanna hefur ekki verið jafn hagstætt í mörg ár. Frá því í byrjun ársins hefur gengi krónunnar gagnvart þessum gjaldmiðlum hækkað um 10-15 prósent sem þýðir aðeins eitt: lægra innkaupsverð og í framhaldinu lægra vöruverð. Þá hefur almenningur sífellt fleiri krónur eftir í launaumslaginu því bæði hafa laun hækkað og skattar lækkað. Einhvers staðar verður að eyða peningunum enda þótt sparnaður landsmanna virðist að einhverju leyti vera til staðar þá fórna flestir einhverju fyrir jólin. Einkaneysla hefur að sama skapi aukist ár frá ári og er að hluta til fjármögnuð með lánum sem ráða má af aukningu hennar umfram aukningu kaupmáttar.

Ef litið er á söguleg gögn um veltu í smásöluverslun hefur orðið veltuaukning á hverju ári frá því árið 1998 þegar fyrstu tölur um slíka verslun voru teknar saman sam-

**FATAVERSLUN**




**SMÁSÖLUVERSLUN**




**SMÁSÖLUVERSLUN Í NÓV.–DES.**





## HÁMARKSÁRANGUR ER MARKMIÐIÐ

*Practical er nýtt þjónustufyrirtæki* SJÁ BLS. 10

## UNDIRBÚNINGUR SKIPTIR ÖLLU

*Fimm ráð til að hitta í mark* SJÁ BLS. 10

[ SÉRBLAÐ UM RÁÐSTEFNUR OG HVATAFERÐIR – 19. október 2005 ]

# liðsheild



FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTOS/GETTY

## EFNISYFIRLIT



Norðurljósin dansa ofan við húsið
BLS. 2 Sveitasetrið Grímsá

Meira en myndvarpi og húsnæði
BLS.4 Skipulag á ráðstefnum

Ráðstefna á þjóðvegi 1
BLS.6 Margvísleg þjónusta Hópbíla

Vertu góður liðsmaður
BLS. 7 Nokkur góð ráð



Adrenalín og upplifun
BLS. 8 M16-leikjakerfið

Friður til að vinna
BLS.9 Fundir í Bláa lóninu

Stefnt að hámarksárangri
BLS. 10 Nýtt þjónustufyrirtæki

Vertu góður yfirmaður
BLS. 11 Hlúð að góðum starfsmönnum

Glaður maður gengur hraðar
BLS. 12 Hópefli hjá IMG

Skemmtilegt fundarými
BLS. 13 Hótel Rangá

Nýta stressið í púltinu
BLS. 14 Ræðumennska

## Hvernig á að haga sér í vinnupartíinu

MIKILVÆGT ER AÐ SÝNA SÍNAR BESTU HLIÐAR OG MISSA SIG EKKI Í DRYKKJU

Hvataferðir enda oft á góðum kvöldsverði þar sem áfengi er haft um hönd. Mikilvægt er að hafa það í huga að þá er maður að skemmta sér með vinnufélögunum, og því á maður að haga sér vel. Varastu að drekka of mikið, því þú gætir sagt eða gert eitthvað sem þú sérð eftir. Fljótt flýgur fiskisaga og næsta dag munu flestir í vinnunni vita af glöpum þínum. Klæddu þig á viðeigandi máta, og ekki vera í of ögrandi fatnaði. Gerðu þér far um að spjalla við sem flesta, ekki bara þá sem þú talar við á hverjum degi í vinnunni. Tilgangurinn með kvöldinu er að þjappa hópnum saman og fá fólk til að kynnast betur. Spjallaðu við fólk sem þú færð nánast aldrei tækifæri til að spjalla við.

Ekki daðra. Saklaust daður getur komið í bakið á þér í vinnunni næsta dag. Það er óviðeigandi á vinnuskemmtun.

Ferðir sem þessar eru kjörnar til að sýna þínar bestu hliðar. Sýndu að þú getir verið glaðlynd og skemmtileg manneskja og átt í vitrænum og skemmtilegum samræðum við fólk. Hafðu vit á því að fara ekki of seint heim, og sýndu með því að þú sért manneskja sem berð ábyrgð á sjálfri þér.



# Norðurljósin dansa ofan við húsið

*Sveitasetrið Grímsá stendur við Grímsá í Borgarfirði, sem hefur verið ein eftirsóttasta laxveiðiá landsins. Setrið, sem er stærsta timburhús landsins, stendur alveg við ána og býður upp á einstaklega fagurt útsýni og náttúrufegurð og er tilvalið fyrir fundi, samkomur, hvataferðir og námskeið.*



„Fólk talar um þegar það kemur á svona stað úti í sveit, að það sé svo lítil truflun og það verður mikið úr vinnunni," segir Egill Kristjánsson á Sveitasetrinu Grímsá, sem leigir út aðstöðu til fundahalda, námskeiðshalda, fyrir ráðstefnur, hvataferðir og ýmsar samkomur. „Fólk er að komast burt frá skarkalanum í borginni og fer í annan gír. Umhverfið hefur þau áhrif að fólki líður óskröp vel hérna," segir Egill. Góð aðstaða er á staðnum til fundahalda, auk þess sem þar er góður veitingasalur og góð gistiaðstaða.

Umhverfið í kringum húsið er einstakt, þar sem það stendur við Grímsá í Borgarfirði og hægt er að sjá Laxfoss út um gluggann. Á kvöldin er hægt að sitja í heita pottinum, njóta norðurljósa eða horfa á fossinn upplýstan yfir vetrartímann, en húsið stendur alveg upp við ána.

„Húsið var mjög umdeilt á sínum tíma," segir Egill. Helst segir hann staðsetninguna hafa lagst illa í menn þegar til stóð að reisa húsið, og Steingrími Hermannssyni hafa bæði þótt það of stórt og standa of nálægt ánni. Húsið reis þó árið 1973 og er afar glæsilegt. Þetta er stærsta veiðihús landsins, með 22 herbergjum fyrir utan stofu og fundasal.

Sveitasetrið sinnir eingöngu hópum og fyrirtækjum. Hann segist jafnframt vera í samstarfi við fyrirtæki sem skipuleggur ráðstefnur og einnig afþreyingu. „Hvort sem það er farið upp á jökul, í hellaskoðun, hestaferðir eða á fjórhjól. Svo er að sjálfsögðu hægt að veiða í ánni," segir Egill.






GLÆSILEGUR SALUR TIL VEISLUHALDA & VEISLUÞJÓNUSTA Í HEIMAHÚSUM

Árshátíðir • Giftingar • Þorrablót • Móttökur

- Hlaðborð
- Brauðveislur
- Brunch
- Matseðlar
- Tapas
- Sushi
- Grill matseðlar
- Samlokubakkar
- Brauð og kökur
- Smörrebröd



Kokkarnir
VEISLUÞJÓNUSTA
JÓNS ARNARS & RÚNARS
www.kokkarnir.is


# Brýtur niður varnir manna á milli

*Ævintýraferðir Eskimo vinna að því að efla liðsandann með fjörefli sem samanstendur af skemmtilegum leikjum og spennandi afþreyingu.*

„Við höfum langa reynslu og hópefli og erum með margar tegundir af hópefli fyrir fyrirtæki. Síðustu ár höfum við verið að sérhæfa okkur og aðskilja frá þessu hefðbundna hópefli og þróa nokkuð sem við köllum fjörefli," segir Friðrik Bjarnason hjá Ævintýrasmiðjunni Eskimos sem hann rekur ásamt Ingólfi Stefánssyni. Hann segir þá sérhæfa sig í að aðstoða fyrirtæki við að byggja upp góðan liðsanda og styrkja liðsheildina. „Fjörefli er ákveðin útgáfa af hópefli, þar sem lögð er áhersla á skemmtun en hin hefðbundu hópeflisnámskeið hafa oft þótt frekar þung og leiðinleg. Við náum miklum árangri í hópefli með því að búa til skemmtilegan dag þar sem fólk leysir þrautir og keppir í skemmtilegum leikjum," segir Friðrik.

Hann segir þá til að mynda fara með fólk í ættbálkaleiki, hálandaleiki, bændaleiki og ratleiki og margt fleira. Til frekari útskýringar segir hann til dæmis ættbálkaleiki byggjast á því að skipta hópnum í lið sem keppa sín á milli. Þá eru lagðar fyrir hópana skemmtilegar þrautir eins og axarskaft, gladiatior, sumo-glíma, klifurveggur, blindraþrautir og fleira í þeim anda.

„Áhersla er lögð á skemmtilega keppni og æsingur er í hópnum þegar fólk tekst á við keppnina. Markmiðið er að efla andann og brjóta niður varnir manna á milli og auka samskiptin," segir Friðrik og bætir við að oftast sé farið með fólk út úr bænum þar sem umhverfið er líflegt og skemmtilegt. „Það er mjög dýrmætt þegar starfsmenn upplifa eitthvað skemmtilegt saman utan við vinnustaðinn. Það brýtur niður hindranir og eykur samskiptaflæðið manna á milli," segir Friðrik.



**FRIÐRIK BJARNASON** hjá Ævintýraferðum Eskimo, segir það mjög dýrmætt þegar starfsmenn upplifa eitthvað skemmtilegt saman utan við vinnustaðinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Jólahlaðborð 2005

**Við minnum á okkar rómuðu jólahlaðborð fyrir litla sem stóra hópa, hvort sem er í salarkynnum okkar eða út í bæ**

- **Munið að panta tímanlega**

Jólahlaðborð Gaflsins byrja 18.nóv. 2005






GAFLINN

VEISLUÞJÓNUSTA

S.555-4477 og 555-1857 • gaflinn@gaflinn.is • gaflinn.is

ráðleggingar }

## Öll þekking hefst á spurningu

Yfirleitt er gefinn tími til fyrirspurna eftir fyrirlestra á ráðstefnum. Ef það er eitthvað sem þú átt erfitt með að skilja skaltu ekki hika við að spyrja, og ekki örvænta þótt þú hafir ekki skilið allt. Skrifaðu hjá þér spurningar meðan á fyrirlestrinum stendur, svo þú gleymir þeim ekki að honum loknum. Engu skiptir þótt allir í kringum þig virðast hafa náð innihaldinu, og ekki hafa áhyggjur af því að spurningar þínar séu kjánalegar. Öll þekking hefst á spurningu og því er mikilvægt fyrir þig að spyrja. Ef málið vekur sérstakan áhuga þinn skaltu spyrjast fyrir um lesefni eða annað efni sem þú gætir nýtt þér til að skilja málið enn betur.


FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTO/GETTY IMAGES


„Það er orðið minna um norrænar ráðstefnur, og eftir að Norðurlöndin hafa sameinast Evrópusambandinu erum við frekar að fá evrópskar ráðstefnur hingað. Sem eru þá stærri fyrir vikið,“ segir Matthías Kjartansson. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Meira en myndvarpi og húsnæði

***Ráðstefnu þarf oft að skipuleggja með nokkurra ára fyrirvara, enda í mörg horn að líta. Fyrirtækið Ráðstefnur og fundir í Kópavoginum hefur sérhæft sig á þessu sviði í ein sautján ár.***

„Við þjónustum þá sem halda sérstakar erlendar ráðstefnur hérlendis. Í flestum tilfellum erum við að setja upp erlenda ráðstefnu sem skipulögð er af íslenskum aðilum, sem eru hér á landi í framkvæmda- eða vísindanefnd,“ segir Matthías Kjartansson framkvæmdastjóri fyrirtækisins Ráðstefnur og fundir, sem starfað hefur í ein 17 ár.

Hann segir Ráðstefnu og fundi sjá um alla skipulagningu ráðstefnunnar, nema á faglega hlutanum. „Við bókum ekki fyrirlesara eða skipuleggjum innihald ráðstefnunnar, það er utan okkar þekkingarsviðs,“ segir Matthías. Aðspurður hversu langan tíma þurfi til að skipuleggja erlenda ráðstefnu, segir hann það vera allt að þrjú til fimm ár. Hann segir það vera í mörg horn að líta og það sé mesti misskilningur að þetta sé eitthvað auðvelt. „Margir halda að það þurfi lítið annað en húsnæði og myndvarpa, en það er mun meira sem felst í því að halda ráðstefnu og þær eru alltaf að verða flóknari og flóknari,“ segir Matthías.

Hann segir til að mynda að fyrirtækið sjái um samskiptin við alla ráðstefnugesti og getur það verið mikil vinna þegar ráðstefnurnar eru stórar.

Á þeim sautján árum sem fyrirtækið hefur starfað segir hann eitt og annað hafa breyst. „Það er orðið minna um norrænar ráðstefnur, og eftir að Norðurlöndin hafa sameinast Evrópusambandinu erum við frekar að fá evrópskar ráðstefnur hingað, sem eru þá stærri fyrir vikið,“ segir Matthías.

Til viðbótar skipulagningu og umsjón með ráðstefnum og fundum, sér fyrirtækið um að skipuleggja hvataferðir. „Við setjum upp hvataferðir fyrir erlend fyrirtæki sem vilja koma hingað. Um tíma var þetta mjög stórt en það hefur aðeins dregið úr því sökum nýrra Evrópulanda sem eru að opnast og eru með hagstæðara verðlag. Því miður sjáum við það hér að gengi krónunnar er að íþyngja okkur,“ segir Matthías. Hann segir þó vaxtabrodd vera í sérstökum fyrirtækjafundum þar sem hópur innan sama fyrirtækis kemur hingað sérstaklega til að funda. Auk þess komi hingað lyfjafyrirtæki og bílafyrirtæki með kynningar. „Menn eru að leita að stað sem er öðruvísi, og þar höfum við sérstöðu hér á Íslandi,“ segir Matthías.

PARTÝ BÚÐIN
ALLT FYRIR VEISLUNA
STARFSMANNA- OG FYRIRTÆKJAPARTÝ
Grensásvegi 8 108 Reykjavík Sími: 5340534


Hótel Hérað á Austurlandi.

# Hótel Hérað á Egilsstöðum

***Fundarrými fyrir rúmlega 200 gesti.***

Hótel Hérað á Egilsstöðum býður upp á margvíslega þjónustu við ráðstefnuhaldara. Á hótelinu eru fjórir fundarsalir: Einn stór fundarsalur á jarðhæð sem rúmar um 100 manns, minni tólf manna salur og tveir aðrir salir, annar rúmar um 35 manns og hinn um 75 manns. Þrjá minni salina má sameina í einn stóran sal sem myndi þá rúma um 120 til 130 manns. Allur helsti tækjabúnaður er til reiðu á hótelinu, sjónvarp, tölvuskjávarpi, myndbandstæki, tjald, myndvarpi, hljóðkerfi, flettitöflur, míkrafónar á standi og þráðlausir, tússtafla, ponta, sími, pennar og skrifblokkir og myndsenditæki. Annan búnað, er ráðstefnuhaldarar þurfa á að halda, getur hótelið útvegað. Hægt er að semja við staðarhaldara um hádegismat eða kaffi og hægt er að fá hópafslátt af gistingu ef óskað er eftir.

Hótel Hérað er í nálægð við aðra kaupstaði á Austurlandi og í 155 kílómetra fjarlægð frá Kárahnjúkum. Einnig eru Hallormsstaðaskógur og Snæfell ekki langt frá, en það má ganga á fellið og hægt að fara í ævintýraferðir upp að jökulrönd Vatnajökuls.





# VILLIBRÁÐAR-HLAÐBORÐ

**13. október – 9. nóvember**

Matreiðslumeistarar Perlunnar velja hráefni frá öllum heimshornum
til að útbúa bestu villibráð sem hægt er að bjóða upp á.
Nú getur þú notið þess í besta villibráðarhlaðborði landsins.

## Aðeins 6.250 kr.

*Innifalið í verði er vínkynning.*

Tilboð mánudaga – miðvikudaga: 5.250 kr.

---

## Jólahlaðborð sem enginn leikur eftir

**10. nóvember – 30. desember**

Hið óviðjafnanlega jólahlaðborð Perlunnar hefst í nóvember.
Þann 24. nóvember hefst þakkargjörðarhátíðin sem stendur í 4 daga.

---

## Skötuhlaðborð Perlunnar

**23. desember, Þorláksmessa**

Sérstök stemmning ríkir í Perlunni frá hádegi Þorláksmessu og fram eftir degi
þegar boðið er upp á skötu að fornum sið. Auðvelt er að borða sig mettan af alls kyns fiskréttum
á hinu glæsilega 14 fermetra skötuhlaðborði. Jólahlaðborð Perlunnar er einnig opið á meðan.

---

Hringbrot

PERLAN

Perlan · Öskjuhlíð · Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207 · Tölvupóstur: perlan@perlan.is · Vefur: www.perlan.is



# Ráðstefna á þjóðvegi 1

*Hópbílar bjóða upp á margvíslega þjónustu fyrir ráðstefnu- eða hvatahópa. Fyrirtækið stendur framarlega hvað varðar tæknibúnað í rútum sínum, öryggi og skemmtanagildi.*

Bílstjórar Hópbíla tilbúnir í langferð með hópsöng og fróðleik

Fyrirtækið Hópbílar veitir afbragðs þjónustu fyrir ráðstefnu- hvataferðahópa. Allir bílar fyrirtækisins eru vel búnir og henta sérstaklega vel fyrir skipulagðar hópaferðir. Fyrirtækið er með um 30 bíla á sínum snærum og tekur hópa af öllum stærðum og gerðum. Þorvaldur Daníelsson, almannatengslafulltrúi hjá Hópbílum segir fyrirtækið sífellt vera að leita nýrra leiða til að auka þjónustu við viðskiptavini sína. „Við erum til að mynda með samtengjanleg hljóðkerfi í bílunum, þannig að ef það er einn leiðsögumaður með í för þá getur hann talað við alla gestina úr einum bíl,“ segir Þorvaldur, „við erum einnig með bíla þar sem hægt er að tengja fartölvur við skjái til að styrkja fyrirlestrana, sem hentar vel þegar farið er í vinnuferðir út úr bænum. Þá er hægt að spara tíma, koma fyrirlestrinum af stað og byrja vinnuna.“

Ráðstefnuferðir snúast ekki alltaf eingöngu um hið alvarlega heldur er markmið þeirra oftar en ekki það að hrista fólk saman og skapa skemmtilegan anda. Hópbílar hafa karókítæki í nokkrum bíla sinna sem veita skemmtun og gleði hjá rútugestum. „Karókítækin hafa mikið verið notuð í hvataferðum og eru líka kjörin fyrir Íslendingana sem vilja skemmta sér. Þá er ferðalagið heim ekki þetta þurra ferðalag þar sem starað er út í myrkrið, heldur geta menn tekið lagið. Þá er það yfirleitt gert þannig að sá sem er í forsvari fyrir hópnum, greiðandi, skipuleggjandi eða forstjóri er látinn byrja,“ segir Þorvaldur.

Hópbílar leggja einnig mikið upp úr umferðaröryggi og var fyrst fyrirtækja til að hafa öryggisbelti í bílum sínum. „Við höfum einnig látið útbúa fyrir okkur öryggismyndband sem við spilum fyrir rútugesti í upphafi ferðar og bílstjórarnir eru svo duglegir við að minna fólk á að gæta öryggis.“ Hópbílar leigja einnig út ýmsan aukabúnað gegn vægu gjaldi, „kannski eru gestirnir að fara prúðbúnir á Þingvöll í íslensku veðri og þá lánum við regnhlífar og annan búnað og við hjá Hópbílum leggjum mikið upp úr því að koma til móts við viðskiptavini okkar.“

Glæsilegt jólahlaðborð

FJÖRUKRÁIN
Sími 565-1213 - www.fjorukrain.is

Hlaðborðið svignar undan góðgætinu og rammíslensk jólastemmningin svíkur engan. Verð með Grýluglöggi og dansleik kr. 4.400. Á undan borðhaldi býðst gestum að heimsækja Grýlu í Hellinn. Hún býður gestum upp á Grýlumjöð, auk þess að vera veislustjóri. Söngvísir víkingar og valkyrjur syngja íslensku jólalögin með á borðhaldi stendur. Dansleikir um helgar.

Gisting og jólahlaðborð
Gisting og morgunverður með jólahlaðborði í veitingastaðnum Fjörugarðinum. Gisting í tveggja manna herbergi kr. 7.000 á mann. Gildir frá 18. nóvember 2005.






Stafræna prentsmiðjan ehf


FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTO/GETTY IMAGES

# Vertu góður liðsmaður

*Hópurinn er aldrei sterkari en veikasti liðsmaðurinn*

Góður andi og sterk liðsheild skiptir sköpum ef fyrirtæki á að ná árangri. Góður starfsmaður gerir sér grein fyrir þessu og leggur sitt af mörkum. Hér eru nokkur atriði sem gera þig að góðum liðsmanni:

### 1. Sýndu ábyrgð

Taktu ábyrgð, þegar tækifæri gefst, á einhverju sem er utan þíns verkahrings. Sýndu að þú sért viljug/ur til að leggja þitt af mörkum og læra meira. Ef verkefni klúðrast sem féll þér í skaut, taktu ábyrgðina í stað þess að kenna öðrum um.

### 2. Leiðbeindu

Ef þú ert góð/ur í einhverju, skaltu kenna það öðrum. Þekking eykst með því að dreifa henni. Þetta getur orðu gert með því að taka vel á móti nýjum starfsmanni og kenna honum tökin. Ef þú ert hjálpleg/ur, eru aðrir líklegir til að hjálpa þér.

### 3. Hafðu opinn huga

Þú skalt hvetja til umræðna og gagnrýninnar hugsunar. Aldrei gera lítið úr eða gera grín að hugmyndum annara. Taktu alla í hópnum alvarlega, og aldrei gera þér hugmyndir fyrirfram um vankunnáttu eða þekkingu annara. Varastu að veita of harða gagnrýni því þá er líklegt að það dragi úr fólki með að koma með nýjar hugmyndir. Það sem mestu skiptir þó, er að kunna að taka gagnrýni. Vertu opin fyrir gagnrýni á störf þín og hugmyndir og aldrei svara gagnrýni með afsökun.

### 4. Vertu rausnarleg/ur

Hrósaðu fólki þegar það á það skilið. Og ekki taka heiðurinn af starfi annara. Lærðu af mistökum annara, því það er mikilvægt fyrir heildina að sömu mistökin séu ekki endurtekin. Sýndu samstöðu, og hjálpaðu til svo fólk komist heim fyrr þegar eitthvað kemur upp á, veikindi heima fyrir eða jafnvel þegar það heldur afmælisveislu.

### 5. Sýndu gott fordæmi

Þú getur kvartað og vælt yfir því sem betur mætti fara, en ættir frekar að gera eitthvað til að bæta ástandið. Ekki bíða eftir að aðrir geri hlutina, heldur sýndu gott fordæmi og taktu af skarið. Ekki losa þig undan leiðindavinnu og koma henni yfir á aðra.

### 6. Myndaðu tengsl

Auðvelt er að fylgja öllum þessum atriðum hér að framan þegar þú myndar góð tengsl við samstarfsfólk þitt. Við eyðum 8 til 10 tímum á dag í vinnunni með samstarfsfólki okkar og því eðlilegt að vinasambönd myndist. Hins vegar kemur það manni oft á óvart hversu lítið maður veit um samstarfsfélaga sína í raun og veru.



## Boðið upp á skíði og bretti eftir fund

SÉRSTÖK FUNDAAÐSTAÐA ER Á SKÍÐAHÓTELINU Í HLÍÐARFJALLI.

Skíðahótelið í Hlíðarfjalli býður upp á góða möguleika til funda fyrir smærri og stærri hópa. Á efri hæð skíðahótelsins er sérútbúið fundaherbergi þar sem allt að 30 manns geta verið. Í aðalsal hótelsins er einnig hægt að halda stærri fundi, eða fyrir allt að 70 manns. Aðrir möguleikar eru til dæmis þeir að fara upp með Fjarkanum, halda 5 mínútna fund á leiðinni upp eftir, og stíga síðan inn á stærri fund í vistlegum húsakynnum í Strýtu þar sem komast fyrir allt að 45 manns. Boðið er upp á veitingar hvort heldur sem er á Skíðahótelinu sjálfu eða í Strýtu. Allur viðeigandi búnaður er til staðar á Skíðahótelinu, svo sem skjávarpi, netsamband, teiknitafla, sjónvarps- og myndbandstæki. Boðið er upp á skíða- og brettaleigu að fundahöldum loknum.

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu sennilega fengið Fréttablaðið í morgun.

En til vonar og vara skaltu nú klippa út þetta símanúmer, ramma inn og hengja upp á vegg (t.d. hjá bréfalúgunni), þú getur þá **hringt í það ef Fréttablaðið kemur einhvern tímann ekki.**

&

NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI:

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ










Frjó hugsun nærist best með góðri slökun í kraftmiklu umhverfi.
Kynntu þér frábæra aðstöðu fyrir fundi og ráðstefnur í nærandi andrúmslofti Bláa Lónsins - heilsulindar.

Nánari upplýsingar í síma 420 8806 og á radstefnur@bluelagoon.is

BLUE LAGOON ICELAND

www.bluelagoon.is

# Blanda af adrenalíni og upplifun

***M16-leikjakerfið býður upp á góða skemmtun og hentar fyrirtækjum sem vilja efla liðsandann eða leysa samskiptavandamál.***

„Okkar markmið er að blanda saman markvissri þjálfun og afþreyingu. Fyrirtæki gera æ meiri kröfur til markvissari framsetningu efnis og sífellt erfiðara er að halda athygli á námskeiðum. Við mætum þessari kröfu með því að setja efnið fram í stuttum fyrirlestrum og leikjum sem taka á efninu. Þátttakendur geta sjálfir tekið afstöðu til þess eftir eigin upplifun en ekki hafa orð einhvers fyrir henni. Eigin upplifun með blöndu af adrenalíni er besta leiðin til að koma efninu til skila," segir Lárus Halldórsson, stofnandi og eigandi M16. Leikirnir sem M16 setur upp felast í því að þátttakendur klæðast felubúningum og fá byssur með innrauðu ljósi, en það er skaðlaus búnaður. Þátttakendum er skipt í lið og hvert lið hefur sitt verkefni. Leikina er hægt að setja upp nánast hvar sem er og yfirleitt hafa verið nýtt svæði í kringum höfuðborgarsvæðið. „Karakter fólks kemur mjög fljótt í ljós þegar það er að vinna fyrir liðið, og stundum koma leyndir leiðtogahæfileikar fólks í ljós," segir Lárus. Hann segir M16 veita fyrirtækjum faglega ráðgjöf og leikirnir séu sniðnir að þörfum fyrirtækisins. „Við erum jafnvel að taka á sérstökum málum, eins og samskipta á milli söludeildar og lagers, og við reynum þá að mýkja samskipti," segir Lárus.



Hópurinn fær sérstakt verkefni sem hann þarf að leysa og skiptir liðsandinn þá miklu máli.

Eftir námskeiðin segist hann leggja áherslu á að stjórnendur komi með hópa nokkuð reglulega í leiki sem tengjast námskeiðinu til að efnið fjari ekki út því regluleg þjálfun er leiðin til árangurs. „Of mörg námskeið sem kosta töluvert fjára út þar sem þeim er ekki fylgt eftir. Ef rétt er staðið að málum eykst hæfni liðsins og ánægja og liðsandi styrkist. Leikirnir þyngjast og fara fram við mismunandi aðstæður þannig að liðið er sífellt að takast á við nýjar aðstæður," segir Lárus.



Byssurnar eru með innrauðu ljósi sem er skaðlaust.




Veislupantanir og fyrirspurnir
í síma 517 9090
eða með netpósti:
gullhamrar@gullhamrar.is

Borðliggjandi

# Friður til að vinna

***Í Bláa lóninu er að finna afar góða fundaraðstöðu, þar sem hægt er að vinna í kyrrlátu og fallegu umhverfi og njóta slökunar og veitinga eftir fund.***

Við Bláa lónið eru fjórir fallegir fundarsalir, einn er í húsi Bláa lónsins, en hinir þrír í Eldborg sem staðsett er við orkuverið. Lónið sjálft og umhverfi þess veitir þessari fundaraðstöðu sérstöðu og eru salirnir sumir hannaðir með stórum og miklum gluggum svo fundargestir geta notið útsýnis og náttúru á meðan á fundi stendur.

„Flestir nota tækifærið og fara í lónið á eftir og fá sér jafnvel nudd áður en gengið er til borðs og borðaður kvöldverður," segir Heiður Gunnarsdóttir, sölustjóri hjá Bláa lóninu. Hún leggur áherslu á að hjá Bláa lóninu er kjörið að sameina vinnu og slökun. „Þetta hefur gengið mjög vel hérna hjá okkur, og er talsvert vinsælt. Enda sjáum við sömu hópana koma til okkar aftur," segir Heiður.

Hún segir að auðvelt sé að sameina sali þannig að hægt sé að taka á móti allt að 220 manns í sæti en 400 manns í móttöku.

„Allt frá morgunverði upp í kvöldverð getur fylgt með, og allt þar á milli," segir Heiður. Hún segir að talsvert sé um að erlendir hópar komi og haldi hjá þeim ráðstefnur, fundi og námskeið og séu þeir þá sérstaklega að leita að þeim frið og þeirri ró sem staðurinn býður upp á. „Þess má geta að Eldborg fékk menningarverðlaun DV fyrir hönnun, enda vel að því komin," segir Heiður. Það eru arkítektarnir Gísli Sæmundsson og Ragnar Ólafsson sem eiga heiðurinn að þeirri hönnun.



EIns og sjá má er náttúran rétt utan við gluggann.



Margir nota tækifærið og fara í lónið og fá nudd eftir fundinn.



veisluhöld

Gullhamrar

Veitingahúsið Þjóðhildarstíg 2 ehf · 113 Reykjavík · Sími 517 9090
gullhamrar@gullhamrar.is · www.gullhamrar.is

Vel að merkja · 0905

gott ráð }

# Mynduð tengsl

Ráðstefnur eru staður til að mynda gott tengslanet. Gefðu þig á tal við aðra ráðstefnugesti þegar færi gefst og þú skalt skiptast á nafnspjöldum. Skrifaðu aftan á nafnspjaldið hvernig manneskjan lítur út og hvað ykkur fór á milli. Ef þú hittir einhvern sem þú telur gott að eiga frekari samskipti við, skaltu senda tölvupóst nokkrum dögum eftir að ráðstefnunni lýkur. Í tölvupóstinum skaltu þakka fyrir síðast og jafnvel vitna í samtalið. Vertu vinsamleg/ur, en varastu að vera of persónuleg/ur. Þar fyrir utan er gaman að kynnast öðru fólki sem hefur sama áhugasvið og þú, og getur það verið þér hvatning í leik og starfi.


FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTO/GETTY IMAGES

Vetraropnun:
Um helgar og fyrir hópa eftir samkomulagi
Kaffiveitingar í hliðarsal

Draugasetrið
Stokkseyri
S. 483-1202
www.draugasetrid.is
draugasetrid@draugasetrid.is
FERÐAMÁLARÁÐ ÍSLANDS
www.ferdalag.is
Ísland, sækjum það heim!

Góð aðstaða fyrir afmæli, árshátíðir og aðrar samkomur.
Lifandi tónlist allar helgar.
Boltinn í beinni.
SPORTBAR
HOLTAKRÁIN
Kirkjustétt 2-6, Grafarholti S. 567 8197
opið:
Mán.-Fim. 18:00-23:30 Laugardaga 11:30-03:00
Föstudaga 18:00-03:00 Sunnudaga 11:30-23:30


HEREFORD
STEIKHÚS
Á HEREFORD STEIKHÚS ER HÆGT AÐ TAKA VIÐ LITLUM SEM STÓRUM HÓPUM Í MAT
Á HEIMASÍÐUNNI HJÁ OKKUR ER HÆGT AÐ SJÁ ÚRVAL AF HÓPMATSEÐLUM EINNIG ER HÆGT AÐ HAFA SAMBAND OG VIÐ VERÐUM VIÐ SÉRÓSKUM FRÁ YKKUR.

www.hereford.is Laugavegur 53b S. 511 3350

# Stefnt að hámarksárangri

***Practical er nýtt þjónustufyrirtæki sem þjónustar önnur fyrirtæki og samtök með því að skipuleggja ráðstefnur og fundi, hvataferðir og margt fleira.***

„Fyrirtæki eru að vakna til vitundar með hvað mannauðurinn skiptir miklu máli. Við erum mjög vakandi fyrir nýjungum og leiðum til að efla mannauðinn hjá fyrirtækjunum og fylgjumst með hvað er að gerast í þeim málum erlendis sem og hérlendis,“ segir Marín Magnúsdóttir, eigandi og stofnandi fyrirtækisins Practical. Hún er viðskiptafræðingur að mennt með áherslu á mannauðsstjórnun og markaðs- og samskiptafræði. Hún menntaði sig í Ástralíu og stofnaði fyrirtækið þegar hún sneri heim úr námi.

„Hugmyndin er að fyrirtækin þurfi aðeins að leita á einn stað, þar sem við þjónustum þau með allan pakkann þegar kemur að hvataferðum, hópefli, starfsdögum, fundum, atburðaskipulagningu og fleira,“ segir Marín. „Hjá okkur starfar fagfólk á ýmsum sviðum og til að mynda þegar fyrirtækin vilja flétta markvissu hópefli inn í hvataferðir eða óvissuferðir, þá veitum við þá sérfræðiþekkingu sem til þarf hverju sinni,“ segir Marín.

Hún bætir við að þjónusta Practical sé mjög víðtæk og séu þau til dæmis með ferðaskrifstofuleyfi frá samgönguráðuneytinu, sem þýðir að hægt sé að fara með hópa bæði erlendis og innanlands án þess að kalla þurfi til nýja starfsaðila.

„Hvort sem fyrirtækin ætla að setja saman starfsdag, hvataferð eða óvissuferð, þá sér Practical um alla þætti. Við sjáum um rútur, gistingu, veitingar, staðsetningu og allt það sem til þarf,“ segir Marín.

Mikið er lagt upp úr að sérsníða hverja ferð að þörfum þess hóps sem unnið er með hverju sinni, þar sem þarfir og áherslur eru mismunandi. „Við teljum það mjög mikilvægt að vinna náið með viðskiptavininum svo hann nái ætíð þeim hámarksárangri sem hann leitar eftir,“ segir Marín.


Marín Kjartansdóttir er eigandi Practial sem veitir fyrirtækjum víðtæka þjónustu og sér meðal annars um að skipuleggja hvataferðir og starfsdaga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Vinalegt og hlýlegt andrúmsloft

***Fosshótelin hafa stækkað og blómstrað síðustu árin og fagna 10 ára afmæli á næsta ári. Á hverju hóteli er góð fundaðstaða með góðum tækjabúnaði og hvert hótel stendur nálægt spennandi afþreyingu.***

Fosshótelin eru tólf talsins og dreifast víða um landið. Tvö þeirra eru í Reykjavík en tíu úti á landi. „Á hverju þeirra er að finna góða fundaaðstöðu, þar sem tækjabúnaður, ríkulegar veitingar og gisting er við höndina,“ segir Hrönn Guðmundsdóttir, sölu- og markaðsfulltrúi Fosshótelana. Í nálægð við öll hótelin er að finna ýmsa afþreyingu og nýtast hótelin því vel bæði fyrir fundi og hvataferðir og margt fleira. Hótelið við Nesbúð stendur til að mynda við nýja Adrenalíngarðinn þar sem mikið er að gerast og er vinsæll staður fyrir hvataferðir.

Hún segir hótelin hafa upp á margt að bjóða og minnist þá sérstaklega á Fosshótel í Reykholti sem opnaði nýverið eftir gagngerar breytingar. Hótelið tekur mið af þeirri sögu sem fylgir staðnum og byggir á þríþættu menningarþema: Norrænni goðafræði, íslenskum bókmenntum og klassískri tónlist.

„Í Reykholti er andinn við völd, og því kjörinn staður til að funda og leita hugmynda eða vinna að stefnumótun,“ segir Hrönn og bætir við að nokkir „brainstorm“-fundir hafi verið haldnir þar upp á síðkastið og tekist vel til.

„Við leggjum metnað okkar í að skapa vinalegt og hlýlegt andrúmsloft, þannig að öllum líði vel,“ segir Hrönn.


Fosshótel í Reykholti opnaði nýverið eftir miklar breytingar.


Þrumuguðinn Þór stendur stæltur á gangi hótelsins í Reykholti.

# Vertu góður yfirmaður

***Mikilvægt er að sýna þakklæti í garð starfsfólksins þegar það hefur skilað af sér góðu verki***

Það er starfsfólki afar mikilvægt að það finni til mikilvægis í starfi sínu. Yfirmaðurinn þarf að hrósa starfsmanninum þegar hann á það skilið og þarf oft ekki mikið til. Orð eins og takk fyrir, vel unnið og frábært hjá þér, eru hvetjandi og auka á vellíðan starfsmanns. Eftir erfiða vinnutörn er tilvalið að koma stafsfólkinu á óvart með því að bjóða upp á axlanudd á vinnustaðnum, eða útbúa litlar gjafkörfur með góðgæti handa hverjum starfsmanni með korti sem þakkar fólki fyrir vel unnin störf. Góður yfirmaður ætti að leggja sig fram við að þekkja starfsfólk sitt. Það getur verið erfitt þegar um marga er að ræða, en bara það að hann muni nöfn starfsmanna sinna skiptir miklu máli. Á smærri vinnustöðum ætti hann að gera sér far um að vita um einkahagi fólks, vita hvenær fólk á afmæli eða nöfnin á börnum þess. Allt þetta fær starfsmanninn til að líða eins og hann skipti máli.



FOSSHÓTEL
10 ára AFMÆLI 2006
Vinalegri um allt land
Fosshótel er keðja 12 hótela sem leggja metnað sinn í að skapa vinalegt og hlýlegt andrúmsloft. Hótelin eru í nálægð við helstu náttúruperlur landsins.
Árið 2006 fagna Fosshótel 10 ára afmæli. Fylgist með frábærum afmælistilboðum á www.fosshotel.is




Vinsamlegast hafið samband við söluskrifstofu varðandi frekari upplýsingar og bókanir.
Sími: 562 4000 • fax: 562 4001
Netfang: bokun@fosshotel.is • www.fosshotel.is
Einfalt ferðamannahótel:
Ferðamannahótel:
Notalegt ferðamannahótel:

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Jólahlaðborð
Skíðaskálans í Hveradölum

**Ekki missa af okkar landsfræga og margrómaða jólahlaðborði.**
**Pantið tímanlega til að tryggja ykkur borð. Síðast komust færri að en vildu.**

Á föstudags- og laugardagskvöldum er innifalið í verði; Jólahlaðborð, dansleikur, hljómsveit leikur fyrir dansi, rútuferðir fram og til baka. Sunnudagskvöldin eru fjölskyldukvöldin okkar, þá kemur jólasveinninn í heimsókn með glaðning handa börnunum, frítt fyrir 12 ára og yngri í fylgd með foreldrum.
Sértilboð fyrir hópa á fimmtudagskvöldum 35% lægra verð. Tilvalið fyrir vinnustaði, klúbba og félagasamtök. **Fimmtudagskvöldin 1. des., 8. des og 15.des.** skemmtir hinn óviðjafnanlegi **Raggi Bjarna** ásamt Þorgeiri Ástvaldssyni matargestum.











4 glæsilegir salir - allt að 350 manns
KORTER
Skíðaskálinn í Hveradölum
www.skidaskali.is - Netf. skidaskali@skidaskali.is
Uppl. og bókanir í síma
567 2020

# Fyrirlestur sem hittir í mark

FIMM GÓÐ RÁÐ

Góðir fyrirlestrar og kynningar á ráðstefnum eru þær sem skilja eitthvað eftir sig og fólk man eftir. Undirbúningur er það sem skiptir mestu máli þegar fyrirlestur er settur saman. Hér eru 5 ráð sem vert er að fylgja ef maður vill hitta í mark:



FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTO/GETTY IMAGES

1. HAFÐU TÆKNIMÁLIN Á HREINU
Flestir eru með glærur, myndbönd eða einhvers konar myndefni á fartölvu. Mikilvægt er að ganga úr skugga um að batteríið í fartölvunni sé fullhlaðið, og að fartölvan og myndvarpinn virki saman. Alltaf er gott að hafa með sér hleðslutæki fyrir fartölvuna og stinga henni í sambandi. Auk þess er gott að ræsa tölvuna áður en stigið er upp og talað svo dýrmætur tími fari ekki í að bíða eftir að tölvan ræsi sig.

2. HAFÐU GLÆRURNAR SMEKKLEGAR.
Upplýsingum á ekki að hlaða inn á glærurnar, því þá fer fólk að lesa glærurnar og hættir að hlusta á þann sem talar. Glærurnar eiga að vera til áhersluauka eða með myndefni sem við á. Ágætt er að hafa í huga að hafa ekki fleiri en fimm stutt atriði á hverri glæru. Einnig er mikilvægt að hafa þær stílhreinar og smekklegar og með nægilega stóru letri sem hægt er að lesa.

3. TAKTU TÍMANN Á FYRIRLESTRINUM.
Farðu yfir fyrirlesturinn heima hjá þér og taktu tímann sem hann tekur. Ekki tala of hratt eða að reyna að hrúga inn of mikið af upplýsingum á sem minnstum tíma. Leggðu áherslu á það sem skiptir máli, og gefðu tíma í fyrirspurnir í lokin. Ef þú ert með mikinn texta sem þú vilt koma til skila, skaltu útbúa ljósrit og dreifa á alla stóla áður en fyrirlesturinn hefst.

4. ÆFÐU FYRIRLESTURINN.
Reyndu að muna hvað þú ætlar að segja, en ekki lesa bara upp af blaði. Bestu fyrirlestrarnir eru þeir sem eru vel æfðir og ekki er stuðst við neitt blað. Best er, ef þú þarft ekki nema nokkra punkta á blaði til minnis. Betri tengsl nást við áheyrendur ef þú horfir á þá á meðan þú talar.

5. KOMDU VEL FYRIR.
Klæddu þig á viðeigandi máta og vertu snyrtileg/ur. Ekki vera of stíf/ur og malda í móinn, heldur tala hátt og skýrt og horfa yfir salinn. Vertu bein/n í baki og berðu höfuðið hátt, það gefur sjálfsöryggi þitt til kynna, og fólk treystir því betur sem þú segir.


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ






# Glaður maður gengur hraðar

***Sigurjón Þórðarson, ráðgjafi og þjálfari hjá IMG Ráðgjöf er sérfræðingur í hópefli. Því þótti okkur tilvalið að spyrja hann hvað hópefli er og hvenær það á við.***

„Hópefli er í raun og veru þættir eða hvatar sem fá hóp til að vinna betur saman. Þetta hópefli sem ég nota miðast við að skapa, með leikjum og þrautum, umhverfi þar sem fólk þarf að breyta því sem skiptir máli við að þjálfa liðsheild. Samskipti, traust, ákveðið þor og samvinna eru þar mikilvægir þættir. Það er einnig hluti af þeirri hugmyndafræði sem ég aðhyllist að gleði sé mjög sterkur kraftur. Glaður maður gengur hraðar," segir Sigurjón.

Hann segir að leitað sé eftir að skapa vissa upplifun í leiknum og við lok hverrar þrautar er fólk fengið til að átta sig á hvað það var að upplifa. „Þekkt æfing er traustfall, þar sem fólk lætur sig falla aftur á bak og félagarnir grípa það. Ef það fellur rétt og sleppir sér alveg í fallinu er hægt að sjá af því að það treystir vinnufélögunum sem grípur það," segir Sigurjón. Hann segir jafnframt að sömu tilfinningu fyrir trausti sé hægt að yfirfæra á vinnustaðinn þar sem maður þarf að treysta á að vinnufélagarnir standi með manni.

Annað dæmi sem Sigurjón tekur um hópefli eru leikir og aðferðir þar sem flýtt er fyrir kynningu á fólki sem ekki þekkist en þarf að sitja saman ráðstefnu, fund eða vinna saman að einhverju verkefni. „Þegar fólk sem ekki þekkist kemur saman til dæmis á ráðstefnu, sér maður það sitja með krosslagðar hendur og það lætur lítið fyrir sér fara. Með réttri aðferð er flýtt fyrir kynningu og tekið á þessu markvisst og passað að enginn verði útundan. Þannig nýtist hópefli við mismunandi aðstæður," segir Sigurjón.





### Hvenær á hópefli við?

„Hópefli á við þegar þú þarft að skapa heild. Ef til vill þarft þú að búa til vinnuhóp sem þarf að leysa krefjandi verkefni eins og eftir að fyrirtækið sem það vinnur hjá hefur farið í gegnum erfiðleika eða það hefur átt sér stað samruni eða skipulagsbreytingar. Það á alltaf við þegar þú er farinn að hreyfa við þægindahringnum og hefur strekkt á traustsfilfinningunni og þarft að byggja hana upp aftur," segir Sigurjón.


PAINTBALL HEFUR OPNAÐ
NÝJAN OG SKEMMTILEGAN VÖLL Í HAFNARFIRÐI
Tilvalið við hópefli, sem óvissuferð, haustferð eða skemmtiferð
Nánari upplýsingar í síma 862-7900

Staður fyrir ráðstefnur:

# Hótel Rangá á Suðurlandi

***Skemmtilegt fundarými fyrir um 30 manns.***

Sífellt vinsælla er að halda ráðstefnur og starfsmannafundi utan höfuðborgarsvæðisins. Hótel Rangá stendur við bakka Eystri-Rangár á Suðurlandi og er aðeins í 90 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík. Ráðstefnuhaldarar hafa nýtt sér staðsetningu Hótel Rangár bæði til fundahalda í miðri viku sem og um helgar, fyrir smærri fundi fyrirtækja, í ýmsar hópaferðir eða til námskeiðshalda. Hótelið er með 27 gistiherbergi og því auðveldlega hægt að halda helgarráðstefnur.

Hótel Rangá er með einn ráðstefnusal sem rúmar um 30 manns. Salurinn er með skjávarpa og starfsmenn hótelsins sjá um að útvega þann búnað sem þarf á að halda. Einnig sér hótelið um að útvega morgun-, hádegis- og kvöldmat ef óskað er eftir. Umhverfi hótelsins er sérlega fagurt, hentar vel til útiveru og skapar skemmtilegt samspil vinnu og leiks.



Hótel Rangá á Suðurlandi er í 90 mínútna akstursfjarlægð.




Þar sem jökulinn ber við loft ...

**Á Búðum eru einstakar aðstæður fyrir árshátíðir, hvataferðir, vinnuhelgar, ráðstefnur, jólagleði og hvers kyns hópefli.**

Í aðeins tveggja stunda fjarlægð frá Reykjavík er ævintýralegasta fundaraðstaða Íslands. Við viljum ekki gorta okkur af einstakri matargerðinni, glænýjum fundarsalnum, jöklinum, ströndinni, golfinu, hestunum, hrauninu og töfrunum. Þess vegna segjum við bara: ef fólkið þitt á skilið það besta skaltu bóka á Búðum.



Sími 435 6700 · budir@budir.is · www.budir.is

HÓTEL HOLT

*Þingholt*

*Glæsilegur veislu- og ráðstefnusalur fyrir 20 til 120 manns.*

*Fyrsta flokks aðstaða fyrir kynningar, ráðstefnur og smærri fundi fyrir allt að 60 manns í bíóuppröðun.*

*Fyrsta flokks búnaður og háhraða nettenginar.*

*Fyrsta flokks veitingar og þjónusta.*

*Margreynt og menntað fagfólk aðstoðar við undirbúning og skipulagningu.*
*Nánari upplýsingar og ráðgjöf á Hótel Holti og á www.holt.is*

***Verið velkomin!***

HÓTEL HOLT

*BERGSTAÐASTRÆTI 37 • SÍMI: 552 5700 • FAX: 562 3025 • E-MAIL: holt@holt.is • www.holt.is*

WORLD HOTELS








## Liðsandinn efldur í gegnum einstaklinginn

THE 17 ESSENTIAL QUALITIES OF A TEAM PLAYER
BECOMING THE KIND OF PERSON EVERY TEAM WANTS




Góð liðsheild skiptir miklu máli þegar stefnan er tekin á hámarksárangur. Í bókinni The 17 Essential Qualities Of A Team Player Becoming The Kind Of Person Every Team Wants eru kenndar aðferðir sem styrkja einstaklinginn sem hluta af hópnum. John C. Maxwell, höfundur bókarinnar, fer yfir það í smáatriðum hvað þarf til að maður getur starfað sem best fyrir liðið og heildina, hvort sem það er heima við eða í starfi og náð miklum árangri. Aðferðirnar sem Maxwell kennir í þessari bók eru einfaldar og allir ættu að geta fylgt þeim eftir, og eru þær byggðar á aðferðum sem hafa virkað fyrir aðra. Bókin fæst á Amazon.com þar sem hún fær fjórar stjörnur af fimm mögulegum.

# Nýta stressið í púltinu

*Ekki er öllum til lista lagt að halda ræðu fyrir fullum sal af fólki án þess að finna fyrir stressi. Sumir virðast vera fæddir ræðumenn en aðrir forðast það eins og heitan eldinn að tala opinberlega. En allt er auðvelt sem maður kann og ræðumennska er eitthvað sem hægt er að læra.*

JCI er hreyfing sem býður einstaklingum tækifæri til þjálfunar á ýmsum sviðum sem tengjast funda- eða ráðstefnuhaldi. Fyrirtækið býður virka þjálfun í fundarstjórn við ýmis tækifæri og við fundarritun. Allt til þess fallið að hvers konar fundir eða ráðstefnur séu vel skipulagðar. Ræðumennskan hefur verið í forgangi hjá JCI undanfarin ár og hefur fyrirtækið á að skipa reynslumiklum leiðbeinendum á sviði ræðumennsku.

Gísli Úlfarsson, landsforseti Junior Chamber á Íslandi segir undirbúning vera mikilvægasta þátt ræðumennskunnar. „Undirbúningurinn er í nokkrum þáttum og byrjar í raun á að ræðumaður viðar að sér efni. Þetta efni tekur hann svo saman og setur upp í ræðu sem hefur byrjun, meginmál og endi,“ segir Gísli. „Þegar ræðan er tilbúin, er gott að æfa sig fyrir framan fjölskyldu og vini, eða í einrúmi fyrir framan spegil.“ Gísli segir tímastjórnun skipta miklu máli og því sé gott að hafa hjá sér klukku til að fylgjast með lengd ræðunnar. Einnig skiptir máli fyrir hverja ræða er haldin, það er, hvaða mál passa, hversu mikið af nákvæmum upplýsingum má koma fram og að sjálfsögðu hvaða húmor fellur í kramið hjá áheyrendum.



Gísli Úlfarsson, landsforseti JC á Íslandi segir undirbúning mikilvægasta þáttinn í því að halda góða ræðu.

Gísli segir einnig mikilvægt að hafa trú á sjálfum sér og því efni sem maður er að flytja. Geri maður það virkar maður öruggur og málefnalegur og fólk tekur betur eftir og man frekar hvað var sagt í fyrirlestrinum. „Það er mikilvægt að þekkja efnið. Rétt raddbeiting skiptir líka máli og hluti af raddbeitingunni er að stoppa á réttum stöðum. Ekki buna út úr sér ræðunni og ekki heldur vera svo hægur að salurinn sé að sofna. Best er að hafa þrjú meginatriði í ræðunni. Fólk man ekki margt, en það getur yfirleitt munað þrjú atriði. Og oft er gott að taka samantekt á eftir þessum þremur atriðum.“

Til að koma efninu sem best til skila segir Gísli einfalt og auðskiljanlegt mál besta valkostinn. „Skynsamlegast er að miða textan við þann aðila í salnum sem veit minnst um málið. Forðast skal háfleyg orð, tækniorð og umfram allt tölur. Tölur þurfa að eiga við en mega alls ekki vera ráðandi efni. Oft er betra að sýna tölurnar í power-point, en ekki minnast á þær í ræðunni, nema sérstaklega eigi við,“ segir Gísli.

Það eru ekki allir fæddir ræðumenn og margir verða stressaðir af að þurfa að standa fyrir framan fullan sal af fólki og tala. Gísli segir góðan undirbúning vera bestu leiðina gegn stressi við ræðumennsku. „Góður undirbúningur gefur okkur þann möguleika að nýta stressið, en þekking á efninu er kjölfesta góðrar ræðu,“ segir Gísli. „En stressið er gott fyrir mann. Það eru allir stressaðir í púlti, en munurinn á góðum ræðumanni og slæmum er að sá góði lætur stressið vinna fyrir sig. Nýtir þann kraft sem adrenalínið gefur til að flytja frábæra ræðu.“



# Jólahlaðborð

## *Rauða hússins og Nönnu Rögnvaldardóttur*

Okkur á Rauða húsinu, Eyrarbakka, er sérstök ánægja að bjóða gestum okkar jólahlaðborð þar sem Nanna Rögnvaldardóttir, matgæðingur og ritstjóri gestgjafans.is, hefur lagt hönd að verki af sinni alkunnu snilld. Við báðum Nönnu að koma með tillögur að réttum sem hún sæi falla vel að hinu sígilda jólahlaðborði okkar.

**Meðal annars á jólahlaðborði Rauða hússins og Nönnu Rögnvaldardóttur:**

Skötuselur með capers - Marineruð lúða í lime-safa -
Tequila-grafinn lax með kóríander - Saltfiskplokkfiskur -
Grafinn gæsabringa - Hrátt hangikjöt - Villibráðapate -
Kjúklingalifrarmousse - Kanilkrydduð kalkúnabringa -
Reykt grísalæri - Villikryddað lambalæri -
Salat með rótargrænmeti - Kartöflusalat með eplum,
ásamt girnilegu úrvali eftirrétta, kraftmiklu kaffi og lifandi tónlist.

18-19 nóv. 25-26 nóv. 2-3 des, 9-10 des. 16-17 des.
Verð kr. 4,500.- á mann en kr. 3,900.- á mann fyrir 12 eða fleiri.

rauða húsið
restaurant Eyrarbakka
Búðarstíg 4 • 820 Eyrarbakki • 483-3330



www.gestgjafinn.is www.raudahusid.is

# Við tökum vel á móti stórum hópum

Veitingastaðurinn Rossopomodoro við Laugaveg skartar mjög hentugum veitingasal fyrir stóra hópa. Við bjóðum upp á ekta ítalskan mat eins og hann gerist bestur og húsvín á mjög góðu verði. Verið velkomin!

## Dæmi um hópmatseðla:

### Hópmatseðill nr. 1

Forréttir
Réttur nr.1
A Tiella
Létt steikt Napoli montanare, krydduð zeppoline, panzarotti og mozzarella í brauðraspi steiktur í egghjúpi.

Réttur nr. 2
Brushetta
Glóðað brauð, tómatar, ólífuolía, hvítlaukur, oregano og basil.

Réttur nr. 3
Caprese
Buffala mozzarella frá Caserta, tómatar, oregano, basilika og olífuolíu.

Aðalréttir
Pizza San Marzano
Sósa, mozzarella og basil

Pizza Ventura
Mozzarella, parma hráskinka, rifinn parmesanostur og rucola.

Pizza Surrentina
Mozzarella , pepperoni og basil.

*Krónur 2.150*

### Hópmatseðill nr. 2

Forréttir
Réttur nr.1
A Tiella
Létt steikt Napoli montanare, krydduð zeppoline, panzarotti og mozzarella í brauðraspi steiktur í egghjúpi.

Réttur nr. 2
Brushetta
Glóðað brauð, tómatar, ólífuolía, hvítlaukur, oregano og basil.

Réttur nr. 3
Caprese
Buffala mozzarella frá Caserta, tómatar, oregano, basilika og olífuolíu.

Aðalréttir
Pizza San Marzano
Sósa, mozzarella og basil

Pizza Ventura
Mozzarella, parma hráskinka, rifinn parmesanostur og rucola.

Pizza Surrentina
Mozzarella , pepperoni og basil.

A Straniera
Nautasteikssneiðar með sveppum, parmesanflögum og pipar

Pappardella
Pappardella með kolkrabba, smokkfiski, rækjum, kræklingi og tómötum

*Krónur 2.500*

Ath! Hægt er að skoða alla hópmatseðlana á síðunni www.rossopomodoro.is





ROSSOPOMODORO

LAUGAVEGI 40A SÍMI 5610500 WWW.ROSSOPOMODORO.IS

kvæmt virðisaukaskattskýrslum og gefnar út af Hagstofunni. Sama má segja um einstaka vöruflokka sem teljast hvað veltumestir þegar kemur að verslun. Smásöluverslun með fatnað hefur aukist jafnt og þétt frá árinu 1998. Heildarvelta í smásöluverslun milli áranna 2003 og 2004 í nóvember og desember var tæplega 12 prósentum meiri á síðara árinu svo eitt dæmi sé tekið. Einhverjar breytingar á milli ára kunna þó að vera drifnar áfram af verðbólguáhrifum þar sem rekja má veltuaukningu fyrst og fremst til hærra vöruverðs.

Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, segir að kaupmenn séu bjartsýnir fyrir jólin. „Ég held það sé óhætt að segja að jólin sem nú eru framundan verða góð. Öll skilyrði eru hagstæð og verslun það sem af er árinu hefur verið mjög góð,“ segir Sigurður. Hann segir að kaupmenn hafi í haust fundið fyrir erfiðleikum með að fá fólk í vinnu og hugsanlega yrði það eitthvað erfitt. „Það getur verið að það sé það eina sem telst erfitt um þessar mundir fyrir verslunina en það leysist eins og annað hjá verslunarmönnum.“

**UTANLANDSFERÐIR OG VINNUMARKAÐUR**

Það er einkum staðan á vinnumarkaði sem verslunarmenn telja að geti haft áhrif. Erfitt geti orðið að fá fólk til starfa sem geti haft þau áhrif að ekki náist sömu afköst í versluninni eins og hægt væri. Þá nefna einhverjir að nú bjóðist ferðir til útlanda á góðum kjörum og megi alveg búast við því að Íslendingar haldi í stríðum straumi til útlanda að kaupa inn. Gengi Bandaríkjadals er í sögulegu lágmarki og fargjöld þangað bjóðist nú á verði sem sjaldan áður hafa sést. Ekki síður en til Lundúna og Kaupmannahafnar. Hvað sem því líður má búast við því að meirihluti landsmanna láti sér það nægja að nýta sér þá möguleika sem bjóðast hér heima. Verslunarmiðstöðvarnar hafa stækkað og Laugavegurinn virðist vera að taka við sér eftir smá lægð undanfarin ár.

En það virðist samdóma álit þeirra verslunarmanna sem Markaðurinn ræddi við að fátt geti komið í veg fyrir veltumestu jólaverslun fyrr og síðar. Sú veltaukning ætti að verða langt umfram verðbólgumælingar ef af verður. Kaupmenn virðast þó vita sem aðrir að veðrið getur spilað inn í. Þannig fari jólaverslunin yfirleitt langt um fyrr af stað ef kólnar í veðri og fer að snjóa.

Ekki nefna færri viðmælendur Markaðarins að tækninni fleygi fram og nýjungar og fjölbreytni megi finna í hverjum vöruflokki: nýjar tískulínur í klæðnaði, raftækjum eða öðru og með réttu auglýsingaherferðinni seljist allt vel. Einn viðmælandi sagði að nýtt kortatímabil hæfist í nóvember og þá megi fyrir fullt og allt telja jólaverslunina hafna því greiðslukortin yrðu notuð sem aldrei fyrr.

Hermann Guðmundsson, markaðsstjóri Kringlunnar:

# Jólaverslunin er hafin


Fréttablaðið/Vilhelm

**HERMANN GUÐMUNDSSON, MARKAÐSSTJÓRI KRINGLUNNAR** „Margar verslanir eru þegar byrjaðar að selja jólavörur svo sem blóma og gjafavöruverslanir.“

*Má búast við góðum jólum fyrir verslunina í ár? Hvers vegna?*

Við erum mjög bjartsýn fyrir komandi jól. Verslun hefur gengið mjög vel það sem af er árinu og hefur velta almennt aukist um 4 til 7 prósent, umfram verðbólgu, ef borið er saman við sama tímabil í fyrra. Þess má geta að árið 2004 var 10 til 12 prósent veltuaukning í Kringlunni og aðsókn hefur aldrei verið meiri eða 5,5 milljónir heimsókna. Í ár stefnir í svipaðan heimsóknarfjölda þannig að það er fullt útlit fyrir að það stefni í mjög góða jólaverslun í ár.

*Hvað gerir Kringlan til að laða að viðskiptavini og hvernig er markaðsstarfinu háttað?*

Við höfum gjarnan sagt að árangur verslunarmiðstöðvar ráðist aðallega af þrennu: Í fyrsta lagi staðsetningu, í öðru lagi úrvali verslana og þjónustuaðila og í þriðja lagi markaðssetningu. Það er til lítils að bjóða upp á gott úrval af verslun og þjónustu ef staðsetningin er slæm og það er til lítils að markaðssetja ef þú hefur ekki upp á neitt að bjóða.

Kringlan er staðsett á besta stað í Reykjavík við fjölförnustu gatnamót landsins. Þeim lið gæti því ekki verið betur háttað. Úrval verslana, veitingastaða og þjónustuaðila í Kringlunni hefur verið að þróast í 18 ár og teljum við okkur vera með mjög góða blöndu í dag. Hér má finna margvíslegar tegundir verslana í mismunandi gæða- og verðflokkum. Við þurfum að gæta að jafnvægi í þessum hlutum enda þjónum við mjög breiðum hópi fólks. Þennan lið erum við sífellt að bæta og vinna í. Þessa dagana eru einmitt að opna nokkrar nýjar verslanir í húsinu sem allar ættu að höfða til mismunandi markhópa og eru vel til þess fallnar að styrkja fjölbreytni verslana í Kringlunni. Þetta eru bresku tískuverslanirnar Whistles, Warehouse og All Saints en þar að auki hefur The Shoe Studio opnað á ný eftir stækkun. Það má einnig geta þess að framkvæmdir standa yfir á 1.500 fermetra viðbyggingu sem mun hýsa svokallaða „flagship“-verslun Next en fyrir er Next með um 900 fermetra verslun í húsinu.

Þriðji liðurinn, markaðssetning, er svo með nokkuð hefðbundnum hætti, þ.e. við setjum okkur markmið um árangur, skipuleggjum árið 12 mánuði fram í tímann og auglýsum þar sem við teljum okkur ná bestum árangri. Stór liður í markaðsstarfinu er uppákomustjórnun þar sem við setjum saman uppákomur í húsinu til að styðja við markaðssetninguna.

*Hvernig gengur verslunarmönnum að fá fólk til starfa?*

Kringlan hefur verið mjög vinsæll vinnustaður í gegnum tíðina og almennt hefur framboð af vinnuafli verið langt umfram eftirspurn. Ég heyrði að vísu af einhverjum áhyggjum kaupmanna fyrr í haust varðandi að fá fólk í vinnu en veit ekki hvort það ástand varir enn. Ég á ekki von á öðru en að verslanir verði fullmannaðar tímanlega fyrir jól að minnsta kosti.

*Hvenær hefst jólaverslunin?*

Það má í raun segja að jólaverslunin sé þegar hafin. Við vorum með Kringlukast um liðna helgi sem var mjög fjölsótt líkt og ávallt þegar við erum með Kringlukast í október. Kringlukast virðist því kveikja í þeim viðskiptavinum sem vilja vera tímanlega á ferðinni og njóta góðs af því í hagstæðu vöruverði. Margar verslanir eru þegar byrjaðar að selja jólavörur svo sem blóma- og gjafavöruverslanir.

Annar liður í jólaversluninni hér í Kringlunni er sala á gjafakortum til fyrirtækja. Það hefur færst mjög í aukana að fyrirtæki velja að gefa starfsmönnum sínum gjafakort í jólagjöf. Gjafakortasalan er komin á fullt skrið nú þegar.

Jón Sigurjónsson hjá Jóni og Óskari:

# Gott ár

„Þetta ár hefur verið afar gott ár fyrir verslunina það sem af er árinu og það er auðvitað vísbending um það að það verði góð verslun fyrir jólin í ár,“ segir Jón Sigurjónsson hjá Jóni og Óskari á Laugavegi. „Laugavegurinn er allur að hressast og hér eru komnar nýjar verslanir og stemningin er almennt góð fyrir verslun hérna heyri ég á verslunarmönnum,“ segir Jón. Hann segir að ástæðurnar fyrir því að búast megi við góðum og jafnvel metjólum í veltu í ár, megi meðal annars rekja til þess að fólk hafi meira á milli handanna. „Fólk hefur það gott og það er kannski búið að kaupa sér bíla og þá er komið að okkur. Gengi er líka mjög hagstætt og fólk getur gert mjög góð kaup. Ég held það sé almennt hægt að gera ráð fyrir því að jólin í ár verði metjól fyrir verslunarmenn.“



**HJÁ JÓNI OG ÓSKARI** Jón Sigurjónsson er þaulreyndur kaupmaður við Laugaveginn. Hann segir að Laugavegurinn se´að hressast og að búast megi við góðri verslun um jólin.

**Ef litið er á söguleg gögn um veltu í smásöluverslun hefur orðið veltuaukning á hverju ári frá því árið 1998 þegar fyrstu tölur um slíka verslun voru teknar saman samkvæmt virðisaukaskattskýrslum og gefnar út af Hagstofunni.**

## FÓLK Á FERLI

**RAGNAR ÞORGEIRSSON** hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri hjá PricewaterhouseCoopers frá miðjum september.



Ragnar tekur við af Jóni Steingrímssyni sem nú gegnir starfi fjármálastjóra hjá Sjóvá. Ragnar er fæddur árið 1966, menntaður rekstrarhagfræðingur og lauk mastersprófi frá Álaborgarháskóla árið 2000. Ragnar var áður framkvæmdastjóri Icepro, samstarfs um rafræn viðskipti. Hann er kvæntur Guðríði Hlíf Aðalsteinsdóttur og eiga þau fjögur börn.

**DAVÍÐ BÚI HALLDÓRSSON**, löggiltur endurskoðandi, hefur tekið við starfi forstöðumanns



Pricewaterhouse-Coopers á Akureyri. Davíð Búi er fæddur árið 1977 og hóf störf hjá PwC árið 2000. Hann útskrifaðist frá viðskiptadeild Háskóla Íslands vorið 2002 og lauk löggildingarprófum til endurskoðunarstarfa á árinu 2004. Eiginkona Davíðs er Erla Björg Viðarsdóttir hjúkrunarfræðingur. Saman eiga þau eitt barn.

**MIKAEL SKOGSBERG** hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri DHL á Íslandi. Mikael tekur við starfi Þórðar Hermanns Kolbeinssonar,



sem hefur starfað hjá DHL í Evrópu síðastliðin fjórtán ár og hefur víðtæka reynslu og þekkingu af starfsemi fyrirtækisins. Hann hefur meðal annars unnið sem stjórnandi hjá DHL og í Belgíu.

**KÁRI ÞÓR GUÐJÓNSSON** hefur hafið störf hjá Fyrirtækjaráðgjöf. Kári er viðskiptafræðingur (Cand.oecon) frá Háskóla Íslands 1997. Hann hefur áralanga reynslu úr upplýsingatæknigeiranum, fyrst sem sölu- og markaðsstjóri TölvuMynda, síðar framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Maritech Group og sem rekstrarráðgjafi.

**ELIISA KALOINEN** hefur hafið störf sem greiningaraðili hjá Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka í Reykjavík. Hún starfaði áður sem viðskiptagreiningaraðili hjá Nokia Networks. Eliisa lauk meistaraprófi í verkfræði frá Tækniháskólanum í Helsinki og er að ljúka meistaraprófi í hagfræði frá Háskóla Íslands.

**HÅKON KJÆRNES** hefur hafið störf sem greiningaraðili hjá Eignastýringu Íslandsbanka í Lúxemborg. Hann hefur að undanförnu búið í London þaðan sem hann er að ljúka mastersprófi í Shipping, Trade and Finance frá Cass Business School.

# Bækur fyrir hug, líkama og sál

Hjá Sölku koma út bækur fyrir, um og eftir konur. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* hitti **Hildi Hermóðsdóttur** og fékk að vita eitt og annað um útgáfu bóka.

Bókaútgáfan Salka
Ármúla 20
Stofnað 2000
Eigandi: Hildur Hermóðsdóttir
Starfsmenn: Fjórir

Árið 2000 komust vinkonurnar Hildur Hermóðsdóttir og Þóra Ingólfsdóttir að því að þær höfðu þann sameiginlega draum að spreyta sig á eigin rekstri. Báðar höfðu þær töluverða reynslu af bókaútgáfu en þær langaði að stofna útgáfu þar sem sjónarmið kvenna réðu ríkjum. Bækur fyrir konur voru að þeirra mati vanræktur hluti í bókaútgáfu þar sem konur lesa töluvert meira en karlar. Úr varð að þær réðust í verkefnið og um vorið 2000 leit bókaútgáfan Salka dagsins ljós með það að leiðarljósi að gefa út bækur fyrir, um og eftir konur. Strax það árið komu út tíu titlar á vegum útgáfunnar.

Þær stöllur ráku fyrirtækið saman í tvö ár en haustið 2002 keypti Hildur hlut Þóru og er nú eini eigandi Sölku. Þá um haustið hóf Kristín Birgisdóttir störf hjá henni og hefur síðan verið hennar hægri hönd og í sameiningu vinna þær öll þau verk sem vinna þarf innan útgáfunnar. Kjarnahugmynd útgáfunnar í dag er sú sama og þær lögðu upp með í upphafi þótt fókusinn hafi örlítið víkkað út. „Maður er auðvitað alltaf að þreifa sig áfram og maður þarf alltaf að finna eitthvað sem maður hefur trú á að geta lifað á," segir Hildur.

### HUGUR, LÍKAMI OG SÁL

Síðastliðin tvö ár hefur Salka átt góðu gengi að fagna og vaxið hratt. Í fyrra komu út á vegum útgáfunnar þrjátíu titlar. Titlarnir eru tuttugu í ár en eru þó í raun fleiri en árið á undan því sumar bókanna koma út á fleiri en einu tungumáli. Í ár fóru einnig stórar bækur í framleiðslu sem tekur langan tíma að vinna og eru kostnaðarsamar í framleiðslu og því mun meiri vinna í kringum titlana nú heldur en oft áður.

Á vegum útgáfunnar er bókaklúbburinn Hugur, líkami og sál starfræktur en hjá honum koma reglulega út sjálfsræktarbækur af ýmsum toga og heilsutengt efni. Þessar bækur hafa verið stór hluti af útgáfu Sölku og hafa að Hildar sögn gengið mjög vel. Til að mynda hafa bækurnar Fegraðu líf þitt og Skyndibitar fyrir sálina farið í prentun þrisvar sinnum. Þær lenda á metsölulista hvað eftir annað og seljast alltaf vel.

Þótt sjálfsræktarbækur fyrir konur séu stór hluti framleiðslunnar koma einnig annars konar bækur út hjá útgáfunni. Má þar nefna skáldsögur og barnabækur eftir innlenda sem erlenda höfunda. Nú á dögunum kom út ferðabókin Gamla góða Kaupmannahöfn eftir Guðlaug Arason og bók um trúarbragðasögu, Hin mörgu andlit trúarbragðanna, eftir Þórhall Heimisson. Þær eru báðar tvær eru eftir karlhöfunda og höfða jafnt til beggja kynja. Skáldskapur eftir íslenskar konur er hins vegar sérstakt áhugamál hjá Sölku sem vonast til að geta ræktað þá grein betur í nánustu framtíð.

### EKKI RÍKUR AF BÓKAÚTGÁFU

Hjá Sölku eru ásamt Hildi þrjár manneskjur í fullu starfi og sú fjórða er nýráðin til starfa. Hildur vonast því til að frekari verkaskipting verði möguleg með tilkomu hennar. Þar að auki eru margir verktakar á snærum Sölku en öll umbrotsvinna og hönnunarvinna fer út úr húsi. „Maður verður ekki ríkur af bókaútgáfu, það er víst alveg á hreinu," segir Hildur hlæjandi.

Mjög hár framleiðslukostnaður háir bókaútgáfum á svo litlum markaði. Reynt er að mæta háum kostnaði með lágmarksvinnuafli og því hafa þeir fjórir starfsmenn sem þarna vinna í nógu að snúast og þurfa að vera allt í öllu. Með því að senda nánast alla prentun úr landi standa vonir til að ná endum saman því víða erlendis fást að sögn Hildar um helmingi lægri verð en hér. Þótt hún vildi gjarnan prenta hér sé verðmunurinn of mikill til þess að hún geti horft framhjá honum.

Á skrifstofunni er séð um allt tengt útgáfunni, allt frá framleiðslunni til dreifingarinnar. Innan veggja Sölku er því allt efni valið sem er gefið út, haldið utan um framleiðsluna og dreifinguna, kynningarstarfið og allt annað sem fellur til. Markaðssetningu sjá þær um sjálfar og allir auglýsingatextar eru samdir innanhúss. Þær verða alltaf að vinna fyrir hverjum titli og reyna að fá um hann umfjöllun og er það að mestu í höndum Kristínar sem sér um almannatengslin.

### JÓLAVERTÍÐIN KOMIN Á FULLT

Þessi jólin koma tíu titlar út frá Sölku en að sögn Hildar er jólavertíðin fyrir löngu farin af stað. Mesta álagið í bókaútgáfunni er frá september og fram að jólum. Fyrst er það kapphlaupið um að klára bækurnar og koma þeim í prentun og svo kemur sölumennskan og kynningarstarfið strax í kjölfarið. Öllu máli skiptir að koma bókunum fljótt á framfæri og helst að koma þeim inn á metsölulista. Þær bækur fá betri útstillingar í búðunum og hafa því mikið forskot á aðrar sem koma seinna.

Hildur segir það nokkuð snúið að finna jafnvægi í hversu mikið á að auglýsa. Hún hefur helst valið að auglýsa í dagblöðum og fyrir jólin er auglýst í sjónvarpi. Það þarf alltaf að vega og meta en henni finnst stundum að auglýsingakostnaðurinn hirði alla innkomuna. Hún segist stundum vera í vafa um hvort öll þessi auglýsingamennska borgi sig en bækur séu þess eðlis að hverjum titli þarf að fylgja eftir og koma á framfæri. Því eigi hún varla nokkurra kosta völ.

Það eru ekki bara jólin sem bjóða upp á möguleika í bókaútgáfunni. Í seinni tíð hefur bóksalan dreifst meira yfir allt árið og Salka litur á sig sem heilsárs forlag. Tvö síðustu sumur hafa Sölkukonur dreift auglýsingabæklingi undir slagorðinu „Sumar bækur eru sumarbækur" um bækur sem þeim finnst henta vel sem sumarlesning og hefur það reynst þeim vel. Það er því víða tækifæri og Salka er hvergi nærri hætt að leita þau uppi.




Fréttablaðið/Heiða

**HILDUR HERMÓÐSDÓTTIR ER EIGANDI OG STOFNANDI BÓKAÚTGÁFUNNAR SÖLKU.** Í ár koma út tuttugu titlar á vegum útgáfunnar, sumir á fleiri en einu tungumáli.




## BESTA RÁÐIÐ

# Láttu engan stela gleðinni

Í upphafi þessa árs fékk Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands, heilræði sem hefur síðan hefur verið honum ofarlega í huga. Heilræðið var „Láttu engan stela gleðinni af þér" og kom frá Ásgeiri Bolla Kristinssonar athafnaskáldi. Þór þykir heilræðið einstaklega gott þar sem það endurspeglar þá skoðun hans að oft á tíðum erum við of gjörn á að leyfa einhverjum öðrum að ráða því hvernig okkur líður.

Þór segir einnig lífsspeki sem komin er frá Ragnari í Smára og Davíð Sch. Þorsteinsson sagði honum frá, eiga einkar vel við sig. Ragnar var þekktur fyrir að segja „Þetta var nú verri sagan. Hvernig getum við grætt á þessu?" þegar vandamál steðjuðu að honum.

Einhverju sinni hafði salan á Smára smjörlíki gengið illa um nokkurt skeið, nýr keppinautur hafði komið fram á sjónarsviðið, líklega smjörlíkisgerðin Svanur, og veruleg fjárhagsleg vandamál blöstu við ef ekki væri hægt að auka söluna. Ragnar sá hvert stefndi að óbreyttu, fór niður í Ellingsen og keypti sér svefnpoka, tannbursta og rakvél. Síðan tók hann sér far á pokaplássi í lest með strandferðaskipinu Súðinni í mánaðar söluferð. Þannig fór hann hringinn í kringum landið og heimsótti hvern einasta kaupfélagsstjóra og kaupmann á landsbyggðinni. Ragnar seldi þessi ósköp af Smára smjörlíki, bjargaði fyrirtækinu og fékk marga tryggja viðskiptavini í leiðinni.

„Mér finnst alltaf mest krefjandi og gaman að leita nýrra leiða úr erfiðri stöðu eða finna allt aðra fleti á málum sem geta stuðlað að eins konar vendingu. Þess vegna á þessi speki Ragnars í Smára vel við mig," segir Þór.



**ÞÓR SIGFÚSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS** Þór segir okkur oft of gjörn á að leyfa einhverjum öðrum að stjórna líðan okkar.



**KRISTJÁN, EINAR OG HALLDÓR** Alþingismenn nefna margar leiðir til að bregðast við efnahagsástandinu: kaupa gjaldeyri, hækka bindiskyldu og eiginfjárhlutfall fjármálastofnana og breyta umgjörð íbúðalána.

# Bindiskyldan verði óhreyfð

## Stjórnmálamenn reyna nú að finna leiðir til að lækka gengið til að mæta gagnrýni útflutningsfyrirtækja. Nokkrar leiðir eru nefndar til sögunnar.

**Björgvin Guðmundsson**
skrifar

Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands, segir seðlabanka almennt hafa horfið frá því að nota bindiskyldu fjármálastofnana sem peningalegt stjórntæki. Sú umræða hafi samt oft áður komið upp. Hins vegar sé ekki ljóst hvort slíkar aðgerðir færu eitthvað mýkri höndum um fyrirtæki og heimilin í landinu en vaxtahækkanir Seðlabankans. Reynt sé að halda þessu hlutfalli óbreyttu enda sé þetta frekar tæki til að stjórna stöðugleika á markaðnum.

Einar K. Guðfinnsson sagði í Fréttablaðinu í síðustu viku að til greina kæmi að auka gjaldeyriskaup Seðlabankans til að lækka gengi krónunnar. Samhliða ætti að huga að því að hækka bindiskyldu fjármálafyrirtækja og breyta umgjörð íbúðalána til að draga úr þenslu á lánamarkaði.

Á Alþingi spurði Kristján Möller, þingmaður Samfylkingarinnar, Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra, hvort ekki væri ástæða til þess að skoða alvarlega að nota reglur um eiginfjárhlutfall bankanna (CAD-hlutfall) sem hagstjórnartæki. Yrði hlutfallið hækkað myndi það draga úr útlánum.

Halldór sagði að hann teldi ekki mikilvægt að hækka hlutfallið. Kristján vitnaði þá í ársgömul ummæli Sigurðar Einarssonar, stjórnarformanns KB banka, um að Fjármálaeftirlitið hefði heimild til að hækka eiginfjárhlutfall bankanna sem leið til að slá á óhóflega þenslu.

Lágmarks eiginfjárhlutfall lánastofnana sem Fjármálaeftirlitið miðar við er átta prósent en hærra þar sem útlánin fela í sér meiri áhættu. Viðskiptabankarnir þrír eru langt fyrir ofan þetta viðmið eða í kringum tólf prósent. Sjálfir setja þeir sér markmið að hlutfallið fari ekki niður fyrir tíu til ellefu prósent. Sérfræðingar hjá Seðlabankanum, Fjármálaeftirlitinu og greiningardeildum bankanna sögðu eiginfjárhlutfallið fyrst og fremst snúa að fjármálastöðugleika en væri ekki tæki til hagstjórnar.

**Bindiskylda er lögð á lánastofnanir sem ekki eru háðar fjárlögum í rekstri sínum. Bindihlutfallið er tvö prósent af fjárhæð sem samanstendur af innistæðum, skuldabréfum og peningamarkaðsbréfum og eru bundin til tveggja ára eða skemur. Lánastofnanirnar skulu geyma þessa fjárhæð á reikningi í Seðlabankanum. Árið 2003 var þetta hlutfall lækkað úr fjórum prósentum í tvö prósent. Losnaði þá um 20 milljarða króna sem fóru út í hagkerfið.**




**REFCO GJALDÞROTA** Verðbréfafyrirtækið Refco, sem sérhæfði sig í að selja hrávörusamninga, er á leið í gjaldþrot aðeins mánuð eftir að fyrirtækið fór á hlutabréfamarkaðinn í New York. Forstjórinn hefur verið fangelsaður og verður ákærður fyrir verðbréfasvik.

GÓÐAR GJAFIR STYRKJA GOTT SAMBAND

GLEÐJUM STARFSMENN OG VIÐSKIPTAVINI MEÐ VÖNDUÐUM GJÖFUM UM JÓLIN


Stormtech, göngubakpoki.


Stormtech, microfleece peysa.


Isosteel, hitabrúsi.


Rosendahl, vatnskarafla, tvö glös.

Við höfum áralanga reynslu af sölu á jólagjöfum til fyrirtækja og stofnana. Hafðu samband og athugaðu hvað við getum gert fyrir þig. Erum með fjölbreytt úrval gjafa frá þekktum framleiðendum.

BROS AUGLÝSINGAVÖRUR - með þínu merki

BROS AUGLÝSINGAVÖRUR
SÍÐUMÚLA 33 108 REYKJAVÍK
SÍMI 581 4141

Mobile Office FRÁ OG VODAFONE

Alltaf í netsambandi með Mobile Connect

**Vodafone Mobile Connect** kortið gerir hvaða stað sem er að vinnusvæðinu þínu. Með Mobile Connect kortið í fartölvunni þinni ertu alltaf í þráðlausu netsambandi hvar sem þú ert og hefur ávallt aðgang að þeim gögnum og hugbúnaði sem þú þarft á að halda.

» Þú getur alltaf skoðað tölvupóstinn þinn
» Þú getur alltaf sent SMS
» Þú kemst alltaf í hugbúnað og skrár um vinnuhlið þó að þú sért fjarri vinnustaðnum
» Þú getur alltaf vafrað á netinu
» **Mobile Connect** notar GPRS eða EDGE tækni, en EDGE eykur verulega flutningshraða í GSM kerfinu á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess hefur Og Vodafone sett upp gagnahraðal sem flýtir niðurhali og lækkar kostnað viðskiptavina.

**Mobile Connect** er hluti af **Mobile Office**, heildstæðu þjónustuframboði Og Vodafone fyrir viðskiptalífið sem gerir fólki mögulegt að miðla upplýsingum óháð stað og stund. Hraði, öryggi og einfaldleiki eru einkunnarorð okkar í þeim lausnum sem við bjóðum fyrirtækjum.




EINNIG VÆNTANLEGT
OKTÓBER BlackBerry frá Vodafone
NÓVEMBER Global Hotspots
DESEMBER Vodafone World

og vodafone

Nánari upplýsingar veitir **Fyrirtækjaþjónusta Og Vodafone,** Síðumúla 28, í síma 599 9500. Einnig er hægt að senda tölvupóst á 5999500@ogvodafone.is

Heyrumst!

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 29487 09/2005

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Afturhaldshugmyndir um atvinnulífið eru tímaskekkja.

## *Frjálslyndið skapar auðlegðina*

**Hafliði Helgason**

Alþjóðavæðing íslenskra fyrirtækja og uppbygging þeirra heldur áfram af fullum krafti. Actavis undirritaði á mánudag samning um kaup á samheitalyfjastarfsemi Alpharma og tvöfaldar með því veltu sína. Kaupverðið er fimmtíu milljarðar króna og eru kaupin í hópi þeirra stærstu sem íslensk fyrirtæki hafa gert. Sama dag keypti Bakkavör fyrirtækið Hitchen Foods fyrir 4,7 milljarða króna. Þau kaup féllu nokkuð í skuggann af þeim fyrri, en Bakkvör er einn glæsilegra fulltrúa alþjóðavæðingar íslenskra fyrirtækja.

Útrásin heldur áfram og mikill kraftur einkennir atvinnulífið um þessar mundir. Þessa hefur eðlilega gætt á hlutabréfamarkaði. Í því hækkunarferli sem verið hefur á markaðnum koma reglulega upp áhyggjur af því að markaðurinn hafi náð hápunkti sínum og lækkanir hljóti að vera framundan. Slíkt er vissulega vel hugsanlegt, en ef litið er yfir síðustu þrjú ár og hvernig til hefur tekist er ljóst að hækkanirnar eiga sér sterkar rætur í farsælli uppbyggingu nokkurra lykilfyrirtækja á markaði. Fyrirtæki sem hafa náð athyglisverðum árangri í rekstri og nýtt þekkingu sína til frekari landvinninga. Útrásin hefur fram til þessa gengið vel og íslensk fyrirtæki í ólíkum greinum hafa verið að byggja upp starfsemi á mismunandi mörkuðum. Sú staðreynd að íslenska útrásin er af margvíslegum toga minnkar hættu á verulegu bakslagi.

**Það voru einmitt hugmyndir um það að hér giltu önnur lögmál í viðskipta og efnahagslífi en í öðrum löndum sem drápu íslenskt samfélag í dróma stöðnunar og hugmyndaleysis. Það ákall sem lætur kræla á sér nú um að hverfa aftur til slíks hugsunarháttar verður vonandi skammvinnt.**

Kaup Actavis eru ágætt dæmi um markvissa uppbyggingu fyrirtækis. Með kaupunum hefur fyrirtækið tryggt fjölbreyttar stoðir, bæði hvað varðar framleiðslu sína og starfsemi á mismunandi mörkuðum. Hagstætt umhverfi hefur verið nýtt til þess að auka fjölbreytni í rekstrinum og minnka áhættu af ástandi einstakra markaða og því að vonbrigði í sölu einstaks lyfs hafi afgerandi neikvæð áhrif á reksturinn.

Sama má segja um fjármálafyrirtækin sem aldrei hafa verið minna háð innlendri hagsveiflu. Sú uppbygging sem verið hefur í atvinnulífinu á sér rætur í því að Íslendingar innleiddu frelsi í fjármagnsflutningum og einkavæddu ríkisfyrirtæki. Aukið frelsi leysti úr læðingi krafta sem skapað hafa mikil verðmæti. Niðurstaðan er sú að aldrei hafa verið fleiri sterkir aðilar á íslenska markaðnum sem hafa styrk til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni.

Fylgifiskur þess að fyrirtæki vaxa úr nánast engu í verðmæti sem nemur tugum milljarða hefur þann óhjákvæmilega fylgifisk að einstaklingar verða mjög ríkir. Það ætti ekki að halda vöku fyrir neinum. Með innleiðingu þess markaðshagkerfis sem tíðkast í nágrannalöndum okkar höfum við styrkt stoðir þjóðarinnar til framtíðar. Það ætti að vera okkur næg ástæða til þess að láta eiga sig hugmyndir um sérstakar reglur um hringamyndun umfram það sem tíðkast í viðskiptalöndum okkar. Það voru einmitt hugmyndir um það að hér giltu önnur lögmál í viðskipta- og efnahagslífi en í öðrum löndum sem drápu íslenskt samfélag í dróma stöðnunar og hugmyndaleysis. Það ákall sem lætur kræla á sér nú um að hverfa aftur til slíks hugsunarháttar verður vonandi skammvinnt. Menn ættu að muna að það hefur oft ekki tekið langan tíma fyrir þjóðir og einstaklinga að brjótast af heimskunni einni til sárrar fátæktar.

bjorgvin@markadurinn.is | hjalmar@markadurinn.is | eggert@markadurinn.is
haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markaðurinn.is




# Þurfum við að óttast spákaupmennina?

ORÐ Í BELG



**Jón Steinsson**
Doktorsnemi í hagfræði við Harvard-háskóla

Á síðustu vikum hefur mikið verið fjallað um útgáfu erlendra aðila á skuldabréfum í íslenskum krónum fyrir tugi milljarða. Umfjöllunin um þessa þróun hefur verið á neikvæðum nótum. Margir virðast óttast að aukin stöðutaka erlendra spákaupmanna í íslenskum krónum auki hættuna á gengisóstöðugleika og jafnvel hruni á gengi krónunnar.

Sem dæmi um þetta var sagt í fréttum Bylgjunnar 13. október:

„Ört vaxandi útgáfa erlendra banka á erlendum skuldabréfum í íslenskum krónum er að verða tikkandi tímasprengja í íslenska hagkerfinu að mati sérfræðinga í verðbréfaviðskiptum. ... Ef erlendu eigendunum dytti í hug að selja þessi bréf, myndi íslenska krónan hríðfalla, líklega í stærri stökkum en nokkru sinni fyrr.“

Er þetta virkilega svona neikvætt og hættulegt? Þvert á móti. Það er í raun fagnaðarefni að viðskipti með skuldabréf í íslenskum krónum hafi aukist og að fleiri aðilar en áður séu nú virkir á íslenskum gjaldeyris- og skuldabréfamörkuðum. Tilkoma erlendu fjárfestanna dýpkar markaðina og ætti að minnka líkurnar á stórum ástæðulausum sveiflum í gengi krónunnar.

Frétt Bylgjunnar gefur í skyn að erlendir fjárfestar stjórnist af duttlungum. Að þeir geri bara það sem þeim „dettur í hug“. Þetta er undarlegur ótti. Það sem hefur gerst er að erlendir aðilar hafa tekið eftir því að hagnaðartækifæri leynist í íslenskum skuldabréfum. Hagnaðartækifærið er til komið vegna þess að vextir í íslenskum krónum eru háir og gengi krónunnar hefur ekki hækkað nægilega mikið til þess að vænt gengislækkun á næstu misserum vegi upp vaxtamuninn milli Íslands og annarra landa.

Ef gengi krónunnar tæki allt í einu kipp niður á við myndi þetta sama hagnaðartækifæri verða enn álitlegra og erlendu fjárfestarnir myndu auka enn stöðu sínar í krónum og þannig vinna gegn gengislækkuninni. Hættan á ástæðulausum sveiflum er mun meiri þegar örfáir aðilar eiga viðskipti á gjaldeyrismarkaðinum. Þá eru fáir til staðar til þess að taka á móti því þegar einhver einn aðili breytir stöðu sinni verulega af einhverjum orsökum.

Síðar í sömu frétt Bylgjunnar segir:

„Nú streymir erlendur gjaldeyrir inn í landið, sem síst er þörf á að mati Seðlabankans, og krónurnar streyma út, sem enn síður er til þess fallið að Seðlabankinn geti haft nokkur áhrif á gengi krónunnar, því þessi þróun skrúfar gengi hennar upp, en það er nú þegar orðið of hátt að margra mati.“

Þessi röksemd er einnig kolröng. Hagnaðartækifærið sem erlendir fjárfestar eru að nýta sér er einmitt til komið vegna þess að gengi krónunnar hefur ekki hækkað nægilega mikið til þess að vænt gengistap á næstu misserum vegi á móti núverandi vaxtamun við útlönd. Hagnaðartækifærið er með öðrum orðum til komið vegna óskilvirkni á gjaldeyrismarkaðinum sem hefur leitt til þess að aðgerðir Seðlabankans hafa ekki miðlast út í gengi krónunnar sem skyldi. Tilkoma erlendu fjárfestanna leiðir til þess að aðgerðir Seðlabankans munu hafa meiri áhrif á gengi krónunnar en áður (ekki minni eins og frétt Bylgjunnar virðist telja). En vaxtahækkunum Seðlabankans er einmitt ætlað að hækka gengi krónunnar til þess að slá á þenslu.

Aukin viðskipti erlendra fjárfesta með íslenskar krónur hefur því þau jákvæðu áhrif að Seðlabankinn mun ekki þurfa að hækka vexti eins mikið og hann annars þyrfti að gera þar sem vaxtahækkanir bankans munu miðlast betur út í gengið en áður. Þetta gerir það að verkum að við munum ekki þurfa að búa við jafn gríðarlega háa vexti á Íslandi og við annars þyrftum að gera.

Spákaupmennska er iðulega litin hornauga og ríkjandi sjónarmið varðandi hana byggja á alls kyns gamaldags fordómum. Þetta er miður því spákaupmennska er afskaplega mikilvæg fyrir eðlilega verðmyndun á fjármálamörkuðum. Útgáfa erlendra aðila á skuldabréfum í íslenskum krónum er dæmi um jákvæða spákaupmennsku sem mun að líkindum leiða til kröréttari verðmyndunar á íslenskum gjaldeyris- og skuldabréfamörkuðum og því koma okkur Íslendingum vel.




**Það er í raun fagnaðarefni að viðskipti með skuldabréf í íslenskum krónum hafi aukist og að fleiri aðilar en áður séu nú virkir á íslenskum gjaldeyris- og skuldabréfamörkuðum. Tilkoma erlendu fjárfestanna dýpkar markaðina og ætti því að minnka líkurnar á stórum ástæðulausum sveiflum í gengi krónunnar.**

UM VÍÐA VERÖLD

### *Traustið hvarf*

**Financial Times** | Fyrir viku lék allt í lyndi hjá Refco, einum stærsta miðlara heims með afleiðu- og hrávörusamninga. Félagið fór í frumútboð í ágúst og fátt benti til annars en að framundan væru bjartir tímar líkt og áður. Nú er Refco að hrynja til grunna.

Þá kom í ljós að 26 milljarða skuld vogunarsjóðs við Refco var í raun og veru skuld framkvæmdastjórans Steves Bennett. Hann greiddi skuldina á mánudaginn og fyrir vikið var félagið í betri málum en á föstudaginn. Það sem olli hruninu var það að félagið gat ekki útskýrt fyrir fjárfestum með fullnægjandi hætti hvað hafði raunverulega gerst. Þar sem endurskoðendur höfðu ekki tekið eftir þessum mistökum þá lýsti fyrirtækið því yfir að rekstrartölur undanfarinna fjögurra ára væru ómarktækar.

Refco er algjörlega háð trausti viðskiptavina og sjóða, sem lána eða fá lánaða milljarða dala, og gátu ekki beðið eftir skýrum svörum frá stjórnendum félagsins og stukku frá borði. Hlutabréf félagsins kolféllu og stór hluti af starfsemi félagsins liggur niðri.

### *Aldrei langt í verðbólgudrauginn*

**The Sunday Times** | Sunday Times fjallar um vandann í bresku efnahagslífi. Verðbólga mælist nú í átta ára hámarki í Bretlandi og er búist við að hún mælist um 2,7 prósent í vikunni sem er vel yfir tveggja prósenta markmiði stjórnvalda. Ytri þættir valda þessum hækkunum og þá fyrst og fremst hækkun á eldsneytisverði.

Margir telja að hún fari ekki hærra og vonast til að breski seðlabankinn taki til við að lækka vexti. Fleiri eru þó þeirrar skoðunar að bankinn lækki ekki vexti fyrr en skýr merki sjáist um minnkandi verðbólgu.

Á sama tíma er ljóst að verulega hefur kólnað í breska hagkerfinu en allt stefnir í það að hagvöxtur verði rétt um helmingur af upphaflegum áætlunum. Smásöluverslun hefur dregist verulega saman og atvinnuleysi fer hækkandi. OECD hvetur stjórnvöld til að hækka skatta um eitt þúsund milljarða króna til að mæta halla á fjárlögum.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Björgvin Guðmundsson, Eggert Þór Aðalsteinsson, Hjálmar Blöndal, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Efasemdir um ríkisrekin íbúðalán

Skýrsla Alþjóða gjaldeyrissjóðsins, IMF, er umfjöllunarefni hálffimmfrétta KB. „Þar kemur fram að hagvöxtur á Íslandi hefur verið 3,8% á ári á síðastliðnum 10 árum og aðeins Írland hefur haft meiri hagvöxt á þessu tímabili meðal iðnríkja. Hagvöxtur á mann á Íslandi er með því allra hæsta sem gerist og aðeins Írland og Noregur hafa hærri landsframleiðsla á mann í Evrópu en Ísland. Mikinn hagvöxt má rekja til aukinnar markaðs- og einkavæðingar í hagkerfinu, auk stóriðju og meiri fjölbreytni í atvinnustarfsemi.“

**ÞJÓÐARBÚSKAPURINN**

KB banki heldur áfram: „Sjóðurinn hefur hins vegar töluverðar áhyggjur af vaxandi ójafnvægi í hagkerfinu, bendir sjóðurinn meðal annars á vaxandi viðskiptahalla og stóraukinnar skuldsetningu bæði innlendra fyrirtækja og heimila. Íslensk fyrirtæki eru þau skuldugustu á Norðurlöndum og eru skuldir íslenskra fyrirtækja um 180% af eigin fé samanborið við rúmlega 50% hjá öðrum fyrirtækjum á Norðurlöndum.“

„Í skýrslu sinni fjallar IMF um þá hættu sem skapaðist hjá Íbúðalánasjóði í kjölfar innkomu bankanna en sjóðurinn lýtur ekki sömu reglum um eiginfjárhlutfall eða áhættustýringu og bankarnir. Sjóðurinn bendir á skekkta samkeppnisaðstöðu innlánsstofnanna við sjóðinn af fyrrgreindum ástæðum. IMF telur að samkeppni innlánsstofnana og Íbúðalánasjóðs geti leitt til þess að fyrrgreindir aðilar teygi sig lengra en æskilegt er í lánveitingum sínum. Sjóðurinn virðist vera efins um þörfina fyrir rekstur Íbúðalánasjóðs og bendir á að jafnvíðtæk ríkisafskipti af lánamarkaði þekkist vart. Í öðrum ríkjum í Vestur-Evrópu hefur þróunin frekar verið að draga úr ríkisafskiptum og einkavæða stofnanir er lána til húsnæðiskaupa.

Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn telur þörf á meira aðhaldi í ríkisfjármálunum og að æskilegt væri að fresta ríkisframkvæmdum enn meira en nú er gert og að frestun skattalækkunar á næsta ári væri einnig æskileg.

**IMF telur að samkeppni innlánsstofnana og Íbúðalánasjóðs geti leitt til þess að fyrrgreindir aðilar teygi sig lengra en æskilegt er í lánveitingum sínum. Sjóðurinn virðist vera efins um þörfina fyrir rekstur Íbúðalánasjóðs og bendir á að jafnvíðtæk ríkisafskipti af lánamarkaði þekkist vart. Í öðrum ríkjum í Vestur-Evrópu hefur þróunin frekar verið að draga úr ríkisafskiptum og einkavæða stofnanir er lána til húsnæðiskaupa.**

**SPÁKAUPMAÐURINN**

## Aldrei talað illa um Jón

Maður var að verða úrkula vonar um að hlutabréfamarkaðurinn myndi hreyfast eitthvað að ráði fyrr en uppgjörin færu að streyma inn. Svo keypti Actavis þetta bandaríska dót, og án þess að ég hafi skoðað þetta nákvæmlega, þá sýnast mér þetta vera nokkuð góð kaup.

Svona miðað við yfirborðslega skoðun, þá virðast þeir vera að kaupa samheitalyfjafyrirtækið á ágætis tölum. Sama má segja um Bakkavör og salatblöðin sem þeir keyptu á 4,7 milljarða. Þeir bræður eru lunknir við að ná í góða vöru á góðu verði.

Maður hefur áhyggjur af því að í útlöndum verði til íslenskur verðmiði á allar sjoppur sem verið er að kaupa. Ég heyri að margir fái glýju í augun þegar þeir finna fyrir áhuga Íslendinga. Ég held samt að menn hafi staðið sig nokkuð vel í að standa upp frá borðinu ef seljandinn er farinn að verða of gírugur. Alla vega hafa fyrirtækjakaup Íslendinga að undanförnu verið á þokkalega skynsamlegu verði. Jafnvel borgað með sumu eins og meðlagið sem Pálmi fékk með Mærsk.

Alla vega held ég að það sé heilmikið í þessum Actaviskaupum og tók óhræddur smá stöðu í þeim. Ég hef ekki snert á bréfunum þeirra frá því ég seldi fyrir hátt í tveimur árum síðan. Þeir voru búnir að taka út megnið af geiminu og maður varð náttúrlega að losa til að kaupa aðgöngumiða í bankaveisluna. Ég held að bankaveislunni sé fjarri því lokið. KB banki tók örugglega hálfan milljarð á Bakkavararkaupunum og svo má ekki gleyma að bankinn tók slatta inn á Somerfieldverkefninu. Hinir bankarnir fá eflaust eitthvað fyrir sinn snúð í Actavis-kaupunum. Það er nefnilega ekki minna skemmtilegt að vera banki en spákaupmaður þegar allir eru á fullu. Eina sem gæti verið að gefa eftir er fasteignamarkaðurinn, svo kannski að maður selji Kjartani Gunnarssyni húsið sitt og leigi það af honum aftur, jafnvel þótt maður hafi aldrei talað illa um Jón.

*Spákaupmaðurinn á horninu*

MARKAÐURINN


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

ATVINNULEITIN HEFST HÉR!




Hvort sem þú ert einstaklingur í atvinnuleit eða stjórnandi að leita að góðum starfskrafti er **allt – atvinna** lausnin fyrir þig. **allt – atvinna** er dreift með Fréttablaðinu inn á **95 þúsund heimili** alla sunnudaga .

Fiton / SÍA F I 0 1 4 6 2 9

FRÉTTABLAÐIÐ
– stærsti fjölmiðillinn

AURASÁLIN

## Framboð í embætti

**Aurasálin lýsir því** hér með yfir að hún gefur kost á sér til embættis sérstaks saksóknara í Baugsmálinu. Það er von Aurasálarinnar að dómsmálaráðherra taki vel í þetta enda má telja fullvíst að ekki sé beinlínis slegist um þetta starf meðal annarra málsmetandi aðila í samfélaginu.

**Reyndar er Aurasálin** ekki formlega lögfræðimenntuð en það ætti ekki að koma að sök. Hingað til virðist sérstök þekking á lögfræði ekki hafa verið höfð í hávegum við vinnslu málsins og Aurasálin sér engin rök fyrir því af hverju það eigi að breytast nú.

**Aurasálin mun** í starfi sínu sem sérstakur ríkissaksóknari í Baugsmálinu engin grið gefa. Málið verður sótt af hörku og mun Aurasálin fyrst og fremst stefna að því að fá glæpamennina til að játa brot sín í vitnastúkunni eins og tíðkaðist hjá Ben Matlock.

**Það verður erfitt** fyrir Björn Bjarnason að ganga framhjá umsókn Aurasálarinnar um embættið enda er hún, ólíkt flestum, hvorki óhæf né vanhæf til verksins. Aurasálin á engra annarlega hagsmuna að gæta – hið eina sem vakir fyrir henni er að koma þessum mönnum bak við lás og slá. Sama hvað það kostar.

**Baugsmálið hefur verið** ákaflega hressandi og uppbyggilegt fyrir íslenskt samfélag hingað til og engin ástæða er til þess að láta vopnin niður falla nú þótt einhverjar smávægilegar tæknilegar veilur hafi fundist í málatilbúnaði ákæruvaldsins. Hér dugir ekki að gráta Björn bónda heldur þarf að safna liði. Og Björn ráðherra hefur tækifæri til að safna besta mögulega liði með því að velja Aurasálina í það vandasama verkefni að ganga milli bols og höfuðs á auðhringnum.

**Aurasálin hefur** ýmsa mannkosti sem óumdeilanlega munu verða dýrmætir og mikilvægir í stríðinu gegn Baugsveldinu. Fyrst ber að nefna að Aurasálin er staðföst og skiptir aldrei um skoðun. Hvorki rök né skortur á rökum breyta nokkrum hlut um þá skoðun Aurasálarinnar að það þurfi að refsa Baugsveldinu og eina verkefnið sem Aurasálin þarf að hugsa um sem sérstakur saksóknari í málinu er að komast að því fyrir hvað á að refsa Baugsveldinu.

**Raunar er það dapurlegt** að í okkar samfélagi sé ekki hægt að refsa glæpamönnum nema fyrir einhverja skilgreinda glæpi. Allir menn hljóta að sjá að ekki er allt með felldu í Baugsveldinu. Þetta sanna umsvif þess og ríkidæmi. En Aurasálin skorast ekki undan því að taka þátt í þeirri herferð sem nú þarf að halda í og gefur því kost á sér í þetta embætti og vonast eftir að njóta bæði trausts og stuðnings þings og þjóðar í því vandasama starfi.

# Í þungamiðju verslunar

**Theódóra Þorsteinsdóttir, markaðsstjóri Smáralindar, stendur í ströngu þessa dagana við að skipuleggja jólin í verslunarmiðstöðinni. Hún segir að margt skýri þá miklu aukingu sem hefur orðið í Smáralind á árinu og húsið hafi alla burði til að vaxa frekar. Eggert Þór Aðalsteinsson hitti hana yfir hádegisverði.**

Theódóra hefur haft hugann við Smárann í Kópavogi undanfarin tíu ár eða allt frá því að hún og maður hennar voru með þeim fyrstu sem byggðu í Lindarhverfinu um miðjan síðasta áratug. „Hér vil ég vera,“ segist hún hafa sagt eftir að hún hafði keyrt hring eftir hring um svæðið, sérstaklega þegar hún frétti af fyrirhugaðri verslunarmiðstöð sem stóð til að byggja í Kópavogsdalnum.

Hún var einnig með fyrstu starfsmönnum Smáralindar. „Ég gekk á fund Pálma Kristinssonar árið 2000, þegar fyrirtækið var til húsa í Hæðarsmára og byggingarframkvæmdir í fullum gangi, og sótti um starf.“

Í sumar tók hún við starfi markaðsstjóra af Erlu Friðriksdóttur, núverandi bæjarstjóra í Stykkishólmi.

Theódóra segir að það hafi verið einstakt tækifæri að sjá þessa miklu byggingu verða að verslunarmiðstöð og mjög skemmtilegur tími þegar litið er um öxl. „Margir sem vinna í Smáralind hafa verið hér síðan húsið opnaði og höfum við eignast marga vini á þessum tíma.“



Fréttablaðið/Valli

**UNDIRBÝR HÚSIÐ FYRIR GESTI** Theódóra Þorsteinsdóttir vinnur og býr í Smáranum. Hún hefur unnið hjá Smáralind frá upphafi og séð mikinn vöxt í húsinu frá opnun þess.

### BEÐIÐ EFTIR JÓLUNUM

Theódóra segir að fyrstu árin í Smáralind hafi verið erfið en verslunarmiðstöðin opnaði á þeim tíma sem verulega kreppti að í verslun. Hins vegar fór að rofa til árið 2003 og frá þeim tíma hefur verið stöðug aukning. Hún áætlar að velta hafi aukist um 20 til 25 prósent á milli ára.

Hún er spurð hvaðan þessi auking komi þegar haft er í huga að smásöluverslun hefur aðeins aukist um 8-10 prósent á milli ára. „Við hljótum að vera taka til okkar verslun annars staðar frá. Okkar aukna markaðshlutdeild á innlendum markaði og sala til ferðamanna er hluti af skýringunni. Síðan eru þessar hefðbundu verslunarferðir til útlanda á undanhaldi, úrval verslana á Íslandi er orðið það gott að við þurfum ekki að fara í verslunarferðir, við höfum allt sem þarf.“

Aðaltíminn í verslun er á næstu grösum og hjá mörgum stendur rekstur-inn og fellur með jólunum. „Skemmtilegasti tíminn er að fara í hönd en jólasalan hefst strax í nóvember. Undirbúningur hófst í september og stendur enn. Það skiptir gríðarlegu máli að standa vel að undirbúningnum en þetta verða fimmtu jólin hjá Smáralind. Upphaflega gáfu menn sér þrjú til fimm ár til að ná sér á strik. Þannig má segja að kaupmenn séu vel tilbúnir og reiðubúnir undir jólasöluna þetta árið.“

Smáralindin gefur frá sér jólagjafahandbók sem er nánast orðinn fastur liður í undirbúningi jólanna en efni hennar er annars vegar hugmyndir að jólagjöfum frá verslunum og hins vegar ýmiss konar umfjöllun um jólahaldið. „Jólagjafahandbókin er hugsuð sem þjónusta við viðskiptavininn.“

Fyrir utan að skipuleggja jólaverslun stendur hún í ströngu við að leggja lokahönd á Legósýningu og krakkadaga sem fram fara í byrjun nóvember. „Sýningin er haldin í tilefni fimmtíu ára samstarfs Reykjalundar og Legós. Um risasýningu er að ræða sem flæðir um allt húsið.“

**Theódóra Þorsteinsdóttir**
Starf: Markaðsstjóri Smáralindar
Fæðingardagur: 2. september 1969
Maki: Ólafur Viggósson
Börn Eydís María f. 1994, Stefán Bjarki f. 1998

### TAKA Á MÓTI ÞJÓÐINNI

En í hverju felst starf markaðsstjóra Smáralindar? Theódóra segir að þrennt einkenni starf sitt en það snúist fyrst og fremst um það að undirbúa húsið vel fyrir gestina, eða þjóðina eins og hún orðar það, með alls kyns afþreyingu og uppákomum. Smáralind er afþreyingarmiðstöð og tölur sýna að viðvera gesta hefur aukist í Smáralind. „Við mælum þennan tíma og viðverutími gesta okkar er alltaf að lengjast. Okkar starf er því að hlúa vel að gestum okkar. Einnig eru samskipti við leigutaka og kaupmenn fyrirferðarmikill þáttur í mínu starfi og svo auðvitað auglýsingamál almennt.“

Mikil áhersla er lögð á sýningar og viðburði í Vetrargarðinum og á göngum og má þar nefna brúðkaupssýningu, ostadaga, krakkadaga og kauphlaup

Í byrjun nóvember lengist opnunartími Smáralindar á fimmtudögum og verða verslanir framvegis opnar til níu á kvöldin. „Við tókum þessa ákvörðun vegna óska viðskiptavina og leigutaka. Allir eru sammála um að þetta sé rétti dagurinn. Viðskiptavinir vita að fimmtudagar eru verslunardagar. Eflaust tekur það tíma fyrir fólk að átta sig á breytingunni en við erum fullviss um að þetta muni skila sér vel þegar fram í sækir.“

Þegar við ræðum saman stendur yfir haustútsala. Hún er spurð hvort verslun snúist ekki of mikið um útsölur. „Maður heyrir oft rætt um það að útsölutímabil séu of löng og mörg. Því má ekki gleyma að íslensk verslun er farin að taka æ meira mið af verslun erlendis. Haustútsala eða „mid-season sale“ er þekkt fyrirbæri erlendis. Markmiðið með haustútsölu er meðal annars það að rýma fyrir jólavörum.“

HÁDEGISVERÐURINN

*Með Theódóru Þorsteinsdóttur*
*markaðsstjóra Smáralindar*

*Hádegisverður fyrir tvo á T.G.I Friday's*

*Jarðarberjasalat með kjúklingi*
*Kjúklingasamloka*

Drykkir
*Sódavatn*
*Gold Medalist Smoothie*
*Alls 3.300 krónur*

### ÚTÞENSLA SMÁRALINDAR

Nú stendur til að stækka Smáralindina en á næsta ári hefjast framkvæmdir við viðbyggingu eða turn sem hugsaður er sem skrifstofu- og verslunarrými. Stjórnendur Smáralindar telja að byggingin muni efla verslun í húsinu með auknu flæði fólks. „Það er starfsmannavænt að tengja saman verslunarsvæði og skrifstofur. Margir vilja vinna nálægt verslunarmiðstöðvum og vera í nálægð við þá þjónustu sem þær bjóða upp á.“

Theódóra er ekki í nokkrum vafa um framtíðarmöguleika Smáralindar. „Við erum miðsvæðis og hér er enn þá mikil uppbygging bæði á íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Eftirspurn eftir verslunarrými í Smáralind er mikil og margir kaupmenn eru á biðlista. Við erum bjartsýn á framtíðina og framundan eru góð tækifæri til að gera Smáralind að enn betri kosti í verslun og þjónustu,“ segir hún að lokum.






**CHRISS GESSEL** Aðalritstjóri Investor Business Daily kynnti CAN SLIM aðferðina á haustfundi Eignastýringar Íslandsbanka í gær.

# Aðferðfræðin við að velja réttu hlutabréfin

## CAN SLIM-aðferðin notuð til að velja hlutabréf.

Hinn árlegi haustfundur Eignastýringar Íslandsbanka fór fram í gær en sérstakur gestur fundarins var Chriss Gessel, aðalritstjóri bandaríska dagblaðsins Investor Business Daily. Stofnandi blaðsins er hinn kunni fjárfestir William O'Neil en hann er einna helst þekktur fyrir þann mikla árangur sem hann náði þegar hann náði um 2000 prósenta ávöxtun á 26 mánaða tímabili. Hann stofnaði Investor Business Daily árið 1984 en blaðið er sérstaklega tileinkað fjárfestum og kynnir ýmsar aðferðir við val á hlutabréfum en sérstaklega CAN SLIM-aðferðina.

„CAN SLIM-aðferðin er aðferð sem við notum til að velja réttu bréfin á rétta tímanum. Hún tekur mið af sjö mismunandi þáttum í því fyrirtæki sem við skoðum hverju sinni," segir Chriss Gessel. „Við búum til aðferðafræðina fyrir fólk til að velja bréfin en svo getur það sjálft tekið ákvörðunina. Eins og CAN SLIM-aðferðin virkar þá eru það mismunandi þættir sem hafa áhrif á hvort við teljum kauptækifæri í fyrirtæki. Einn af þeim er hagnaður á síðasta ársfjórðungi og annar aukning í árlegum hagnaði. Svo tökum við tillit til ýmissa þátta svo sem hvort enn séu stofnanafjárfestar meðal hluthafa og fleira. Eftir að fjárfestar hafa fundið réttu hlutabréfin, skiptir máli að finna réttu tímasetninguna til að selja þau. En það sem skiptir líka máli er að val á hlutabréfum er eitt sérstakt atriði og tímasetningin við að kaupa þau og selja annað. Þegar þetta allt saman er gert eftir okkar kerfi, þá getur fjárfestirinn fengið ávöxtun á það fjármagn sem hann leggur í fyrirtækið," segir Gessel.

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Eignastýringar Íslandsbanka, segir að miklar hækkanir undanfarinna ára á markaði hér heima, séu mögulega yfir þeirri ávöxtunarkröfu sem almennt er gerð til markaðarins. „Meðalávöxtun síðastliðinna fjögurra ára hefur verið um fjörutíu prósent. Eðlilegt er að gera um 12-15 prósent ávöxtunarkröfu á fyrirtæki á markaði og því er þetta yfir þeim mörkum. Það þarf margt að vinna með markaðnum til þess að hann nái þessari meðaltalsávöxtun síðastliðinna fjögurra ára," segir Almar. - hb

### CAN SLIM AÐFERÐIN

| | |
|---|---|
| C | Fyrir hagnað á ársfjórðungnum |
| A | fyrir aukningu í árlegum hagnaði |
| N | fyrir nýjungar |
| S | fyrir framboð og eftirspurn |
| L | fyrir leiðandi eða að sitja eftir |
| I | fyrir hlut stofnanafjárfesta meðal hluthafa |
| M | fyrir stefnu markaðarins |

*Heimild: Hlutabréf & Eignastýring*


### UMFERÐIN Í REYKJAVÍK LEIÐINLEGUST

**Skemmtilegast:**

Að vera með fjölskyldunni minni og vinum, ekki síst einhvers staðar úti í náttúrunni.

**Leiðinlegast:**

Að keyra um í umferðinni í Reykjavík sem er yfirdrifin og sjá að oftast situr aðeins einn maður í hverjum bíl.








allt tíska
Alla fimmtudaga

Þú verður bara líka...

Sturtuklefar og baðker í úrvali!
Ótrúleg verð!!!!
Nuddsturtuklefar frá 95.000:-
sturta.is
www.sturta.is
allan sólarhringinn!
Reykjavíkurvegur 64, 220 Hafnarfjörður. Sími: 565-5566
Öll viðgerða/varahluta og uppsetningaþjónusta fyrir hendi


Ljósmyndari: Nína Björk Gunnarsdóttir • Förðun: Guðbjörg Huldís

Fótaaðgerðafræðingar
Snyrtifræðingar
Naglafræðingar

N.k. laugardag mun **Heilsa og fegurð** vera með kynningu á hand- og fótavörum frá **LCN** í Þýskalandi. Sérfræðingur frá **LCN** kemur til landsins og verður með fyrirlestra um vörurnar.

Kynningin verður haldin í Þrastarheimilinu í Hafnarfirði að Flatarhrauni 21 frá klukkan 11:00 -17:00. Æskilegt er að tilkynna þátttöku í síma 568-8850 eigi síðar en á fimmtudag.

Verið velkomin á kynningu á hágæða snyrtivörum frá **LCN.**

Léttar veitingar í boði.

HEILSA OG FEGURÐ LCN

**Heilsa og fegurð**, umboðsaðili fyrir **LCN** á Íslandi.

allt matur
Alla föstudaga

## KAUPHÖLL ÍSLANDS

*[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 4.615 **-0,47%**

**Fjöldi viðskipta:** 342
**Velta:** 8.728 milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **FL Group** | +1,10% |
| **Jarðboranir** | +0,46% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **Össur** | -3,72% |
| **Actavis** | -1,36% |
| **Flaga** | -0,53% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 43,60 -1,40% ... Bakkavör 43,30 -0,50% ... FL Group 14,45 +1,10% ... Flaga 3,79 -0,50% ... HB Grandi 9,30 +0,00% ... Íslandsbanki 15,10 +0,00% ... Jarðboranir 22,10 +0,50% ... KB banki 596,00 -0,50% ... Kögun 54,40 +0,00% ... Landsbankinn 21,80 -0,50% ... Marel 63,80 +0,00% ... SÍF 4,45 +0,00% ... Straumur 13,10 -0,40% ... Össur 90,50 -3,70%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Fasteignaverð muni lækka

Greiningardeild KB banka telur að sú mikla eftirspurn á fasteignamarkaði, sem vaknaði við innkomu bankanna á íbúðalánamarkað, sé nú mettuð að miklu leyti. Veltan virðist vera að dragast eilítið saman. Spá starfsmenn greiningardeildarinnar að fasteignaverð muni hækka um sex prósent á næstu tólf mánuðum.

Í sérriti KB banka um fasteignamarkaðinn kemur fram að fasteignaverð muni án efa lækka að raungildi í næstu niðursveiflu. Hversu mikið fari meðal annars eftir aukningu á framboði húsnæðis, þróun langtímavaxta á húsnæðislánum og almennri raunþróun. Aðlögunin kunni að verða harðari en árið 2001 þegar fasteignaverð lækkaði um fimm prósent að raunvirði. Framboð sé mun meira nú og Seðlabankinn muni líklega ekki lækka vexti jafnhratt og eftir síðustu niðursveiflu.

„Eftir mikla hækkun fasteignaverðs er ljóst að áhrif lægri vaxta og betri lánskjara hafa nær verið étin upp á fasteignamarkaði,“ segir í ritinu. **– bg**



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**MEIRA FRAMBOÐ AF HÚSNÆÐI** Greiningardeild KB banka spáir því að fasteignaverð muni hækka um sex prósent næstu tólf mánuði.

## Kredittbanken með 111 milljóna hagnað

Norski bankinn KredittBanken hagnaðist um 111 milljónir íslenskra króna á þriðja ársfjórðungi en hagnaðurinn var 23,85 milljónir á sama fjórðungi árið á undan. Vaxtatekjur voru 236 milljónir króna og aðrar tekjur 59 milljónir en útgjöld voru 159 milljónir. Hagnaður fyrir skatta nam 154 milljónum króna.

Bankinn er að fullu í eigu Íslandsbanka sem keypti bankann fyrir 3,5 milljarða í ágúst 2004. Eigið fé bankans í lok uppgjörstímabilsins var 4,15 milljarðar íslenskra króna en hagnaður á fyrstu níu mánuðum ársins nemur 302 milljónum króna. **- hb**

## Refco í gjaldþrot

### Forstjórinn ábyrgur fyrir hruninu.

Bandaríska fjármálafyrirtækið Refco, sem sérhæfði sig í afleiðusamningum, hefur óskað eftir gjaldþrotaskiptum aðeins mánuði eftir að það var skráð í Kauphöllina í New York. J.C. Flower & Co. ætlar líklega að kaupa verðbréfa-, afleiðu- og gjaldeyrissvið Refco og jafnvel fleiri deildir.

Phillip Bennett, forstjóri Refco, var handtekinn eftir að upp komst að hann sjálfur hefði þegið lán frá Refco að upphæð 25 milljarðar króna en ekki vogunarsjóður eins og talið var. Fór þetta fram hjá endurskoðendum félagsins. Þrátt fyrir að Bennett hafi endurgreitt upphæðina þá hefur fyrirtækið gefið út þá yfirlýsingu um að rekstrartölur síðustu fjögurra ára séu ómarktækar. Bennett verður ákærður fyrir verðbréfasvik og á yfir höfði sér allt að tuttugu ára fangelsi.

Markaðsvirði Refco hrundi um 150 milljarða króna þegar fyrirtækið greindi frá misferlinu. **- eþa**






**JOHNATHAN SWIFT (1667-1775)**
lést þennan dag.



*„Krá er staður þar sem geðveiki er seld á flöskum.“*

***Jonathan Swift var írskur rithöfundur. Meðal hans frægustu verka er sagan um ferðir Gullívers.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 19. OKTÓBER 1989

# Guildford fjórmenningunum sleppt

Á þessum degi árið 1989 voru Guildford-fjórmenningarnir fundnir saklausir eftir nær fimmtán ár í fangelsi. Þau höfðu árið 1975 verið dæmd fyrir sprengingar lýðveldishersins IRA á öldurhúsum í Guildford og Woolwich á Englandi.

Í október 1974 létust fjórir í sprengingu á krá í Guildford sem breskir hermenn sóttu töluvert, og á sama tíma létust þrír í sprengingu í Woolwich. Breskir rannsóknarmenn æddu af stað til að finna sökudólgana og fundu þá Gerry Conlon og Paul Hill frá Norður-Írlandi sem staddir voru á slóðum ódæðanna á þeim tíma sem sprengingarnar urðu.



GUILDFORD FJÖGUR

Conlon og Hill voru ópólitískir smáþjófar en var haldið í fimm daga yfirheyrslum þar sem spunnið var upp samsæriskenningum um þá, vini þeirra og fjölskyldu. Þeir voru pyntaðir og neyddir til að skrifa undir játningu. Árið 1975 voru Gerry Conlon, Paul Hill, Paddy Armstrong og Carole Richardson dæmd í lífstíðarfangelsi en sjö af vinum þeirra og fjölskyldumeðlimum voru dæmdir í minni afplánun.

Er ný sönnunargögn komu í ljós árið 1989 urðu mótmæli almennings háværari en IRA-meðlimur sem sat í fangelsi hafði gengist við sprengingunum. Guildford fjórmenningunum var því sleppt úr haldi.

Í júlí árið 2000 bað Tony Blair forsætisráðherra fjórmenningana afsökunar.

## MERKISATBURÐIR

**1781** Uppreisninni í Bandaríkjunum lýkur þegar hinn breski hershöfðingi Cornwallis gefst upp við Yorktown.

**1812** Napóleon Bónaparte hörfar með herlið sitt frá Moskvu.

**1898** Hús Barnaskóla Reykjavíkur við Fríkirkjuveg er vígt (nú nefnt Miðbæjarskólinn).

**1918** Spænska veikin berst til landsins með tveimur skipum, öðru frá Kaupmannahöfn og hinu frá New York.

**1960** Bandaríkjamenn setja viðskiptabann á Kúbu.

**1965** Fyrsta plata Hljómsveitar Ingimars Eydal kemur út. Á plötunni er meðal annars að finna lagið Á sjó.

**1977** Concorde-þota lendir í New York-borg í fyrsta sinn.









*Ástkær kona mín, móðir okkar, dóttir og systir,*

**Sigrún Gunnarsdóttir**

frá Krókvöllum, Garði,

verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 21. október kl. 14.

Fyrir hönd sona, foreldra, systra og annarra vandamanna,

**Þórarinn Þórarinsson.**



*Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Pálmi Eyjólfsson**

**fyrrverandi sýslufulltrúi**
**Hvolsvegi 19, Hvolsvelli,**

Verður jarðsunginn frá Selfosskirkju laugardaginn 22. október kl. 11 f.h. Jarðsett verður frá Stórólfshvolskirkjugarði á Hvolsvelli. Að athöfn lokinni vonumst við til að sjá sem flesta í hádegisverði kl. 13 í Félagsheimilinu Hvoli, Hvolsvelli.

**Margrét Jóna Ísleifsdóttir** — **Guðríður Björk Pálmadóttir**
**Ingibjörg Pálmadóttir** — **Haraldur Sturlaugsson**
**Ísólfur Gylfi Pálmason** — **Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir**
**Barnabörn og barnabarnabörn.**



*Hjartkær fósturmóðir mín, frænka og systir okkar,*

**Ingibjörg Kristjánsdóttir**

áður til heimilis að Akurgerði 3, Reykjavík,

lést á elli- og hjúkrunarheimilinu Grund föstudaginn 14. október.

Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 24. október og hefst athöfnin kl. 13.00.

**Agnes Þórunn Guðbergsdóttir** — **Kristján Ingvar Jóhannesson**
**Dóra Rún Kristjánsdóttir**
**Jóhannes Kristjánsson**
**Guðbergur Kristjánsson**
**Arnfríður Margrét Hallvarðsdóttir** — **Þór Þorbergsson**
**og fjölskylda**
**Ingigerður Anna Kristjánsdóttir**
**Halldóra Kristjánsdóttir**
**Finnur Kristjánsson** — **Sæbjörg Jónsdóttir**

## GUÐRÚN ÖGMUNDSDÓTTIR ALÞINGISMAÐUR ER 55 ÁRA

# Hlakkar til kvennafrídagsins

„Það getur vel verið að ég taki slátur, en um helgina ætla ég með konum í sumarbústað,“ segir Guðrún Ögmundsdóttir alþingismaður sem er 55 ára í dag. „Þetta eru gamlar vinkonur og við stefnum á Suðurland þannig að það er stutt að fara,“ segir Guðrún sem ætlar einnig að halda fjölskyldu sinni gott afmælisboð. „Ætli ég gramsi ekki í einhverja súpu handa mínum nánustu,“ segir Guðrún sem ætlar að sjóða dýrindis fiskisúpu þar sem margir í kringum hana borða ekki kjöt. „Ég er mikil matarmanneskja og finnst miklu betra að halda matarboð en kökuboð,“ segir Guðrún sem er að auki mikið afmælisbarn. „Mér finnst alltaf gaman að halda upp á afmæli og auðvitað er fimmtugsafmælið alveg toppurinn,“ segir Guðrún glaðlega en fyrir fimm árum hélt hún geysistóra veislu í Rúgbrauðsgerðinni. „Það mættu þrjú til fjögurhundruð manns en ég auglýsti afmælið ekki neitt,“ segir Guðrún léttilega en hún á margar góðar minningar frá afmælum sínum úr bernsku. „Það var alltaf haldið upp á afmæli með gítar og söng,“ segir Guðrún en hún minnist þess ekki að hafa fengið mjög stórar afmælisgjafir þótt hún hafi verið einkabarn og eins og hún orðar það „eina dekurbarnið“. „Ég fékk bara eitthvað sem mig vantaði eins og fallega peysu eða dúkku,“ segir Guðrún en uppáhaldsgjöf hennar er án efa dúkka sem hún fékk þriggja ára gömul og á ennþá. „Hún labbar og var algert tækniundur á þeim tíma,“ segir Guðrún og hlær. Afmælisósk Guðrúnar í ár er að geta verið með sínum nánustu og notið dagsins og vera til.

Guðrún segir töluvert fjör vera á Alþingi þessa daga þó frí verði gefið frá þinghaldi alla næstu viku vegna Norðurlandaþings. Annars hlakkar Guðrúnu mikið til kvennafrídagsins þann 24. október. „Ég mæti klukkan 14.08 eins og allir aðrir,“ segir Guðrún sem ætlar sannarlega að leggja niður vinnu þann daginn. „Mér finnst voða mikilvægt að konur minni á vinnuframlag sitt til samfélagsins.

Eins og áður sagði gæti svo farið að það yrði slátur í matinn hjá Guðrúnu í dag. Hún tekur vinkonuslátur nánast árlega. „Ég geri það með góðum konum, Ingibjörgu Sólrúnu meðal annars og Kristínu Árnadóttur. Ætli við tökum ekki fimm slátur á fjölskyldu og það er ofboðslega gaman,“ segir Guðrún sem byrjar að sjóða keppi um leið og búið er að setja í þann fyrsta.



**AFMÆLISBARN** „Ég er mikil matarmanneskja og finnst miklu betra að halda matarboð en kökuboð,“ segir Guðrún sem ætlar að gramsa í fiskisúpu fyrir sína nánustu um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra er auðsýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar og afa,*

**Jóns Samúelssonar**

Engimýri 8, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Skógarhlíðar, Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri.

**María Brynjólfsdóttir**
**Brynjólfur Jónsson**
**Jóhanna Jónsdóttir**
**Jón Brynjar Kristjánsson** — **Júlíana Ingimarsdóttir**
**Linda Hafdal** — **Axel Ernir Viðarsson**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, sonur, bróðir og afi,*

**Bjarni Leifsson**

frá Patreksfirði,

lést laugardaginn 15. október. Jarðarförin auglýst síðar.

**Jóhanna Bjarnadóttir** — **Ken Hauritz**
**Leifur Heiðar Bjarnason**
**Rebekka Bjarnadóttir**
**Kristófer Bjarnason**
**Pat Leifsson**
**Leifur Bjarnason** — **Svala Guðmundsdóttir**
**Drífa Leifsdóttir** — **Aðalgeir Jónsson**
**Jóhanna Leifsdóttir** — **Gunnar Gunnarsson**
**Nanna Leifsdóttir** — **Ágúst Ólafsson**
**Björk Leifsdóttir** — **Baldvin Agnarsson**
**Leifur Heiðar Leifsson** — **Sólveig Sigurvinsdóttir**
**og barnabörn.**

## ANDLÁT

**Gilbert Benjamín Faber**, Sunnuflöt 43, Garðabæ, lést fimmtudaginn 13. október.

**Ingibjörg Kristjánsdóttir**, áður til heimilis í Akurgerði 3, Reykjavík, lést á elli- og hjúkrunarheimilinu Grund föstudaginn 14. október.

**Már Jóhannsson**, fyrrverandi skrifstofustjóri Sjálfstæðisflokksins, lést á heimili sínu föstudaginn 14. október.

**Árni Bjarnason**, Fögruhlíð 7, Hafnarfirði, andaðist á St. Jósefsspítala, Hafnarfirði, laugardaginn 15. október.

**Bjarni Leifsson**, frá Patreksfirði, lést laugardaginn 15. október.

**Sigurður Valdimar Olgeirsson**, fyrrverandi skipstjóri og útgerðarmaður, Uppsalavegi 22, Húsavík, lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Húsavík, laugardaginn 15. október.

**Jóhann Hermannsson**, fyrrverandi umboðsmaður skattstjóra á Húsavík, lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga sunnudaginn 16. október.

**Jón Sigtryggur Zophaníasson**, Gullsmára 10, Kópavogi, lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut sunnudaginn 16. október.

## AFMÆLI

**Steinunn Pálsdóttir,** Valhúsabraut 33, Seltjarnarnesi er 60 ára í dag. Hún og eiginmaður hennar taka á móti gestum í Félagsheimili Seltjarnarness klukkan 18.00.

**Sveinn Þ. Geirsson** leikari er 34 ára.



**John Lithgow** leikari er 60 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1605** Thomas Browne rithöfundur



**1784** Leigh Hunt rithöfundur

# 50% AFSLÁTTUR
# af borðstofuhúsgögnum

**Eingöngu fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri**



50% afsláttur

**Borðstofusett**
hvíttuð eik
borð + 4 stólar
verð frá

TILBOÐ
33.430 kr
Verð áður 66.860,-



50% afsláttur

**Borðstofusett**
kirsuberjaviður
borð + 4 stólar
verð frá

TILBOÐ
38.430 kr
Verð áður 76.860,-



50% afsláttur

**Borðstofusett**
mahony
borð + 4 stólar
verð frá

TILBOÐ
37.930 kr
Verð áður 75.860,-



50% afsláttur

**Bedford borð**
gegnheil eik

TILBOÐ
24.950 kr
Verð áður 49.900,-



50% afsláttur

TILBOÐ
39.950 kr
Verð áður 79.900,-

**Bedford skenkur**
gegnheil eik
st. 165x50x87



50% afsláttur

TILBOÐ
17.500 kr
Verð áður 34.999,-

**Bedford**
gegnheil eik
st. 60x120x45

Gildir til 24. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*





# STUÐ MILLI STRÍÐA Kanaríeyjar, bingó og bridge

**BORGHILDI GUNNARSDÓTTUR** FINNST GAMAN AÐ FINNA HRUKKUR.



Ég botna ekkert í fólki sem óttast það að eldast. Afhverju í ósköpunum er það svo hræðilegt að verða gamall? Þegar ég var lítil þá gat ég ekki beðið eftir því að verða eldri og hlakkaði svo til að fá að vita hvernig ég myndi líta út. Núna veit ég hvernig ég lít út tuttugu og tveggja ára en hvernig ætli ég verði þegar ég verð fertug? Hvað mun ég vera að gera þá og ætli ég eigi þá stóra fjölskyldu? Ég man þegar ég var um þriggja ára og fór að heimsækja langömmu á elliheimilið. Þá sá ég gamla konu með langar hvítar fléttur og hélt að hún væri amma mín. Hún var það nú ekki en mér fannst hún rosalega flott. Ekki það að ég eyði öllum mínum tíma í að hlakka til að eldast, en samt.

Ég fann nýja hrukku um daginn og fannst það dásamlegt. Hvað er skemmtilegra en hrukkur? Þær segja svo mikið um mann og hvað maður er búinn að upplifa mikið. Hvað maður er búinn að hlæja mikið og hvaða andlitsvöðva maður notar mest. Mér finnst það þvæla þegar fólk talar um að allt sé búið þegar fimmtugsaldri eða sextugsaldri er náð. Það er ekki allt búið heldur allt breytt. Aðrir hlutir munu gefa manni gleði en gera nú. Ég mun þá kannski gleðjast yfir nýju barnabarni í stað þess að gleðjast yfir Airwaveshátíðinni. Ég mun fara í lagningu með vinkonum mínum um helgar í stað þess að fara á djammið. Ég mun slúðra um hver er kominn á elliheimili í stað þess að slúðra um hverjir eru að deita. Kannski mun ég fara með manninum mínum til Kanaríeyja eins og hitt gamla fólkið í staðinn fyrir að fara til London með kærastanum mínum. Svo verð ég að læra bridge og læra að meta bingó, það er víst mikilvægt.

Auk þess hef ég alltaf verið hrifin af gömlum konum. Þær eru margar svo ótrúlega fallegar og það er svo mikil ró og værð yfir þeim. Ég dýrka líka gömlu fallegu fötin sem þær klæðast oft og stend mig stundum að því að girnast sjal eða kápu sem gömul kona klæðist þar sem hún fer rólega niður Laugaveginn. Ég held ég muni fíla mig í botn í þessum fötum í framtíðinni.






## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Overli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Þú og þa

Eftir SÖB




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi.
Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 6 | 2 | 3 | 5 | 4 | 7 | 1 | 8 |
| 4 | 3 | 5 | 7 | 8 | 1 | 9 | 2 | 6 |
| 8 | 7 | 1 | 6 | 9 | 2 | 5 | 3 | 4 |
| 2 | 9 | 7 | 8 | 6 | 3 | 1 | 4 | 5 |
| 5 | 8 | 4 | 1 | 2 | 7 | 6 | 9 | 3 |
| 6 | 1 | 3 | 9 | 4 | 5 | 2 | 8 | 7 |
| 3 | 5 | 6 | 2 | 1 | 8 | 4 | 7 | 9 |
| 7 | 2 | 9 | 4 | 3 | 6 | 8 | 5 | 1 |
| 1 | 4 | 8 | 5 | 7 | 9 | 3 | 6 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 5 | | | 8 | 7 | 9 |
| 6 | 7 | | | 2 | | | | 5 |
| | 8 | 4 | | | 3 | | | 1 |
| | | 5 | | 9 | 6 | | 8 | |
| | 6 | | 2 | | 7 | | 3 | |
| | 3 | | 1 | 4 | | 2 | | |
| 1 | | | 4 | | | 7 | 5 | |
| 4 | | | | 1 | | | 6 | 8 |
| 8 | 2 | 7 | | | 9 | | | |

# ORMSSON

# FRYSTIKISTUR

**AEG**
Fullkomin lögun og leikni




**Blákaldar staðreyndir um fyrsta flokks AEG frystikistur af ýmsum stærðum:**

| Heiti / Vörunr. | Brútto Lítrar | Netto Lítrar | Hæð sm. | Breidd sm. | Dýpt sm. | Körfur sem fylgja | Læsing | Einangrun þykkt í mm. | Rafnotkun m/v 18°C umhv.hita kWh/24 klst. | TILBOÐS-VERÐ: |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **EL12** | 110 | 110 | 86 | 55 | 61 | 1 | Nei | 55 | 0,70 | **26.900** |
| **EL22** | 215 | 205 | 86 | 72 | 73 | 1 | Já | 60 | 0,71 | **42.900** |
| **EL35** | 347 | 332 | 86 | 105 | 73 | 2 | Já | 60 | 0,92 | **47.900** |
| **EL45** | 447 | 428 | 86 | 130 | 73 | 2 | Já | 60 | 1,13 | **49.900** |
| **EL53** | 527 | 504 | 86 | 150 | 73 | 3 | Já | 60 | 1,26 | **59.900** |
| **EL61** | 607 | 581 | 86 | 170 | 73 | 3 | Já | 60 | 1,41 | **68.900** |

## Umboðsmenn um land allt

**LÁGMÚLA 6**
**SÍMI 530-2800**

**SMÁRALIND**
**SÍMI 530-2900**



**!** **Kl. 12.30**
*Signý Sæmundsdóttir sópransöngkona og Þóra Fríða Sæmundsdóttir píanóleikari flytja lög og ljóðaþýðingar eftir Þorstein Gylfason á Háskólatónleikum, sem haldnir verða í Hátíðarsal Háskóla Íslands.*

# menning
menning@frettabladid.is

# Hannar minningu Ibsens



Guðmundi Jónssyni, arkitekt í Osló, hefur verið falið að hanna sýningu um líf og verk Henriks Ibsen sem opnuð verður á 100 ára dánardægri leikskáldsins, 23. maí 2006. Sýningin verður við Drammensveien í Osló, í húsinu sem skáldið bjó í á sínum efri árum. Þar hefur Ibsensafnið verið til húsa undanfarin ár.
Norðmenn eru ákveðnir í að minnast skáldjöfursins með viðeigandi hætti af þessu tilefni. Henrik Ibsen er án efa einn af merkustu leikritahöfundum fyrr og síðar og eru flest verka hans talin til sígildra verka leikbókmenntanna. Á yfirstandandi leikári eru leikrit hans á fjölum 125 leikhúsa um allan heim. Ekkert annað leikritaskáld, að Shakespeare frátöldum, nýtur þvílíkra vinsælda meðal leikhúsgesta.
Guðmundur Jónsson arkitekt í Osló var valinn til að hanna sýninguna um líf og skáldskap Ibsens vegna reynslu sinnar af hönnun sögu- og menningartengdra sýninga. Þar ber helst að nefna Noregssögusýninguna í Lillehammer í tilefni Ólympíuleikanna; sýninguna í Norsk Fjordsenter í Geirangursfirði, en Guðmundur teiknaði einnig bygginguna sjálfa sem hlotið hefur fjölmargar viðurkenningar; sýningu um sögu Ólympíuleikanna frá upphafi, svo og sýninguna í sjóminjasafninu Norveg en byggingin, sem er teiknuð af Guðmundi, var tilnefnd til evrópsku verðlaunanna Mies van der Rohe.

## > Ekki missa af ...

... sýningu myndlistarmannsins **Sigurðar Árna** í Gallerí 101. Sýningunni lýkur um helgina.

... **Grasrótarsýningu** ungra myndlistarmanna í Nýlistasafninu.

... stóru Kjarvalssýningunni sem opnuð var á Kjarvalsstöðum um síðustu helgi.

... málstofu um **norræna kvikmyndagerð** sem haldin verður í Norræna húsinu kl. 14 í dag í tengslum við sýningar á þeim tíu kvikmyndum sem tilnefndar eru til kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs 2005.

ÍSLENSKA ÓPERAN
THE TURN OF THE SCREW EFTIR BENJAMIN BRITTEN
Tökin hert
MIÐASALA Á WWW.OPERA.IS, S. 511 4200



★★★★ -DV
Frábær fjölskylduskemmtun! - Fréttablaðið
Annie
eftir Thomas MEEHAN, Charles STROUSE & Martin CHARNIN
18. sýn. laug. 22/10 kl. 15 Annie; Solveig
19. sýn. sun. 30/10 kl. 14 Annie; Thelma Lind
20. sýn. fim. 3/11 kl. 19 Annie; Lilja Björk
Miðasala í s:551 4700 alla daga frá kl.13-17 í gamla AUSTURBÆJARBÍÓI
www.annie.is • www.midi.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!
STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
HALLDÓR Í HOLLYWOOD
3. sýn. fim. 20/10 örfá sæti laus, 4. sýn. fös. 21/10 örfá sæti laus, 5. sýn. lau. 22/10 kl. 20:00 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 27/10 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 28/10 örfá sæti laus. Sýnt í október og nóvember.
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 23/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 29/10 kl. 20:00 örfá sæti laus, sun. 6/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 13/11 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 20/11.
EDITH PIAF
Sun. 23/10 uppselt, sun. 6/11 uppselt, sun. 13/11 aukasýning - uppselt. Allra síðustu aukasýningar sun. 20/11, sun. 27/11, sun 4/12 - 90. sýning.
LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00
KODDAMAÐURINN
Í kvöld mið. 19/10 uppselt, sun. 23/10 nokkur sæti laus, mið. 26/10 uppselt, sun. 30/10. Síðustu sýningar.
SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
FRELSI
Forsýningar mið. 26/10 uppselt og fim. 27/10 uppselt.
Frumsýning fös. 28/10 uppselt, sun. 30/10, fim. 3/11, lau. 5/11.
Sýnt í október og nóvember.
LEIKHÚSKJALLARINN
Í kvöld mið. 19/10 kl. 22:30 - Tónlist fyrir Tíbet - góðgerðartónleikar
Fim. 20/10 kl. 22:30 - Iceland Airwaves
Fös. 21/10 kl. 22:30 - Iceland Airwaves
Lau. 22/10 kl. 22:30 - Iceland Airwaves
Sun. 23/10 kl. 21:00 Múlinn - Kvartettinn Lo5
Miðasala við innganginn. Upplýsingar í s. 585 1295
Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.
MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

# Rússarnir komnir í Salinn

**Rússneska menningarhátíðin í Kópavogi stendur nú sem hæst. Rússneski barítónsöngvarinn Vladimir Chernov ætlar að syngja tvisvar í vikunni í Salnum í Kópavogi. Hann er ein helsta stjarnan í óperuheiminum í dag.**



VLADIMIR CHERNOV BARÍTÓNSÖNGVARI OG TEREMKVARTETTINN Þeir verða með tónleika í Salnum í Kópavogi í kvöld og á föstudagskvöld. Annað kvöld verður kvartettinn með eigin tónleika án söngvarans. HEIÐA

Rússneski barítónsöngvarinn Vladimir Chernov hefur unnið hvern sigurinn á fætur öðrum á söngferli sínum.
Chernov heldur tvenna tónleika í Salnum í Kópavogi nú í vikunni. Þeir fyrri verða í kvöld en þeir síðari á föstudagskvöldið.
Chernov er þekktur um gjörvallan óperuheiminn fyrir glæsilega rödd sína, mikla leikhæfileika og tilkomumikla sviðsframkomu. Hann hefur tekið þátt í fjölmörgum listahátíðum um heim allan og sungið við mörg helstu óperuhúsin um lengri eða skemmri tíma. Sem einsöngvari hefur Chernov komið fram í mörgum helstu konsertsölum veraldar. Á efnisskrá hans er að sjálfsögðu að finna verk rússneskra höfunda en auk þess margt fleira, svo sem sönglög úr smiðju Schuberts, Brahms og Mahlers.
Ekki ætti að draga úr ánægju tónleikagesta að með söngvaranum á sviðinu verður rússneski kvartettinn Terem sem leikur á þjóðleg hljóðfæri frá Rússlandi. Segja má að meðlimir hans, þeir Andrey Konstantinov, sem leikur á sópran-domru, Alexey Barshchev á alt-domru, Andrey Smirnov á bayan-harmóniku og Mikhail Dzyudze á balalaiku, hafi fundið upp nýjar aðferðir við að laða fram hvers kyns tónlist úr rússneskum alþýðuhljóðfærum.
Teremkvartettinn var stofnaður í Pétursborg 1986 og hefur frá upphafi fetað ótroðnar slóðir í tónlistarflutningi sínum. Margt hefur stuðlað að langlífi Teremkvartettsins. Sköpunargleðin er eitt, sambland alþýðlegra hefða og akademísks aga annað, ásamt kímni hópsins, kæti hans og leikrænum tilþrifum.



Tónleikurinn BÍTL
Fimmtudag 27/10 LAUS SÆTI
Föstudag 28/10 NOKKUR SÆTI
Föstudag 11/11 LAUS SÆTI
"Frábær skemmtun!" VS Fréttablaðið
Landsbankinn
Loft KASTALINN 552 3000

!
Talstöðin
FM 90,9



Gestur - Síðasta máltíðin
Hinsegin óperetta
Lau. 22.okt. kl. 16 – frumsýning
Sun. 23. okt. kl. 17 – 2. sýning
Sun. 30. okt. kl. 17 – 3. sýning
Fim. 3. nóv. kl. 20 – 4. sýning
VÍSIR

HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen
AUKASÝNING 20. OKT. örfá sæti laus
11. sýn fös 21 okt örfá sæti laus
12. sýn lau 22 okt örfá sæti laus
13. sýn fös 28 okt
14. sýn lau 29 okt
15. sýn fös 4 nóv
16. sýn lau 5 nóv
17. sýn fös 11 nóv
HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

## TÓNLEIKAR

12.30 **Signý Sæmundsdóttir** sópransöngkona og **Þóra Fríða Sæmundsdóttir** píanóleikari flytja lög og ljóðaþýðingar eftir **Þorstein Gylfason** á Háskólatónleikum, sem haldnir verða í Hátíðarsal Háskóla Íslands.

20.00 **Triocolore Musica** heldur tónleika í Hömrum á Ísafirði. Þau **Björg Þórhallsdóttir** sópransöngkona, **Þórhildur Björnsdóttir** píanóleikari og **Hjörleifur Valsson** fiðluleikari flytja sönglög eftir Sigvalda Kaldalóns og Bellini, Íslensk rímnadanslög eftir Karl O. Runólfsson, Meditation úr Thais eftir Messenet, Cabaret Songs eftir Benjamin Britten ásamt aríum úr óperum eftir Bellini, Puccini og Verdi og óperettum eftir Lehár og Johann Strauss.

20.00 Rússneski barítónsöngvarinn **Vladimir Chernov** kemur fram í Salnum í Kópavogi ásamt **Terem-kvartettinum** á rússnesku menningarhátíðinni. Tónleikarnir verða endurteknir á föstudagskvöld, en annað kvöld verður kvartettinn með tónleika á sama stað án Chernovs.

## FYRIRLESTRAR

12.15 **Sigurður H. Magnússon**, plöntuvistfræðingur á Náttúrufræðistofnun, flytur fræðsluerindi: "NOBANIS-verkefnið um ágengar tegundir í Norður-Evrópu", á Hrafnaþingi Náttúrufræðistofnunar, í sal Möguleikhússins á Hlemmi, Reykjavík.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ

SALKA VALKA
Í kvöld kl. 20 Styrktarsýning MND félagið á Íslandi,
Fö 21/10 kl. 20 gul kort,
Lau 22/10 kl. 20 rauð kort
Su 30/10 kl. 20 græn kort
Fi 3/11 kl. 20 blá kort

WOYZECK
Fi 27/10 kl. 20. Forsýning UPPSELT
Fö 28/10 kl. 20. Frumsýning UPPSELT
Lau 29/10 kl. 20 gul kort, Lau 5/11 kl. 20 rauð kort, Fi 10/11 kl. 20 græn kort,
Fö 11/11 kl. 20 blá kort

Aðeins þessi eina aukasýning eftir
Su 23/10 kl. 20

TVENNU TILBOÐ
Ef keyptur er miði á Híbýli vindanna og Lífsins tré fæst sérstakur afsláttur

KALLI Á ÞAKINU
e. Astrid Lindgren
Su 23/10 kl. 14, UPPSELT Su 30/10 kl. 14, Su 6/11 kl. 14

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ

LÍFSINS TRÉ
Fi 27/10 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Fö 28/10 kl. 20, Fi 3/11 kl. 20, Fö 4/11 kl. 20
Lau 5/11 kl. 20, Fi 10/11 kl. 20,
Fö 11/11 kl 20

FORÐIST OKKUR
Aðeins sýnt í október. Nemendaleikhúsið / CommonNonsense. e. Hugleik Dagsson.
Í kvöld kl. 20, Fi 20/10 kl. 20, Fö 21/10 kl. 20, Lau 22/10 kl. 20

MANNTAFL
Lau 22/10 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Sun 23/10 kl. 20 UPPS. Þri 25/10 kl. 20 UPPS.
Lau 29/10 kl. 20 UPPS, Sun 30/10 kl. 20 UPPSELT, Sun 6/11 kl. 20 AUKASÝN.
Sun 13/11 kl. 20 AUKASÝN.

Sími miðasölu 568 8000
www.borgarleikhus.is












fjörið... **Fólk** folk@frettabladid.is

## Fólkinu finnst...



...að allir ættu að fjárfesta í krúttlegum bollum til að það verði skemmtilegra að drekka streitulosandi te. Það smakkast allt betur úr fallegum bollum. Þessi er úr Húsinu í Kringlunni.



...Salka Valka skemmtileg og hvetur karla og konur til að klæða sig í sparifötin og fara í leikhús.



...gúllassúpur vera ekta haustmatur. Þær eru kraftmiklar og gefa mikla orku. Setjið fullt af hvítlauk út í til að styrkja ofnæmiskerfið.

...að fólk eigi að njóta haustlitanna áður en öll laufin fjúka af trjánum. Það er fátt notalegra en góður göngutúr í Heiðmörk. Munið bara eftir nestinu, það skiptir miklu máli.



...frísklegt að fara í helgarferð með makanum. Það kostar ekki svo ýkja mikið að heimsækja Kaupmannahöfn og því ættu sem flestir að drífa sig af stað.









# Airwaves-hátíðin að hefjast

Undirbúningur fyrir tónlistarhátíðina Iceland Airwaves, sem hefst í kvöld, var í fullum gangi í gær þegar ljósmyndari Fréttablaðsins tók púlsinn á miðborginni.

Mikill gestagangur hefur verið í fjölmiðlasetri Iceland Airwaves sem er staðsett í Hressó-húsinu við Austurstræti. Þar voru menn að leggja lokahönd á veggspjöld og ýmislegt annað tengt hátíðinni. Í Hafnarhúsinu var verið að setja upp réttu græjurnar fyrir hátíðina en dagskráin þar hefst annað kvöld.

Í kvöld verða aftur á móti tónleikar á fjórum stöðum í borginni. Á Nasa koma m.a. fram Hermigervill og norska söngkonan Annie, á Gauknum verða m.a. Búdrýgindi og Nilfisk og á Grandrokk troða upp sveitir á borð við Benni Hemm Hemm, Jakobínarína og Coral. Á Pravda verður meiri dansstemmning þar sem The Zuckakis Mondeyano Project endar kvöldið.



**ANNIE** Norska söngkonan Annie spilar á Nasa í kvöld.



**Í FJÖLMIÐLASETRINU** Gestirnir hafa verið margir undanfarna daga í fjölmiðlasetri Iceland Airwaves í Austurstræti. MYND/VALLI



**VEGGSPJÖLDIN KLÁR** Mikill fjöldi listamanna kemur fram á Iceland Airwaves og því voru veggspjöldin fyrir hátíðina þéttskrifuð í fjölmiðlasetrinu. MYND/VALLI



**HAFNARHÚSIÐ UNDIRBÚIÐ** Starfsmenn voru í óða önn við að setja upp sviðið í Hafnarhúsinu í gær. Þar verður fjöldi tónleika haldinn næstu daga. MYND/VALLI






Gildir til 31.október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

*Skemmtilegast að versla*










## FRÉTTIR AF FÓLKI

Framleiðendur James Bond myndanna blása á þær sögusagnir að Daniel Craig hafi verið síðasta hálmstráið í leitinni að arftaka Pierce Brosnan í hlutverki njósnara hennar hátignar númer 007. Michael G. Wilson framleiðandi segist hafa varið undanförnum tveimur árum í leit að nýjum manni í rulluna, en engum nema Craig hafi verið boðið hlutverkið. Sá orðrómur hefur lengi verið á kreiki að biðlað hafi verið til leikara á borð við Clive Owen, Hugh Jackman og Ewan McGregor en þeir allir afþakkað.



Craig verður fyrsti ljóshærði leikarinn til að túlka Bond, en það er ekki eina breytingin sem er í vændum, því bæði Fröken Monneypenny og tækjasérfræðingurinn Q verða fjarri góðu gamni í Casino Royale, sem þykir benda til að myndin muni skera sig um margt frá fyrri Bond-myndum.



Josh Holloway, sem er Íslendingum að góðu kunnur úr sjóvarpsþáttunum Lost var rændur fyrir skemmstu á heimili sínu á Hawaí. Holloway og eiginkona hans vöknuðu þegar brotist var inn í hús þeirra um miðja nótt. Misindismennirnir beindu byssum að hjónunum á meðan þeir létu greipar sópa og höfðu meðal annars á brott með sér peninga, kreditkort og Benz-bifreið sem síðar fannst yfirgefin. Holloway kveðst fyrst og fremst fagna því að vera heill á húfi og þakkar lögreglunni í Honolúlú dyggan stuðning sem og nágrönnum sínum.

# Önnur kvikmynd um Iwo Jima

Leikstjórinn Clint Eastwood, sem tók upp hluta af kvikmyndinni Flags of our Fathers hér á landi í sumar, ætlar að gera aðra mynd byggða á sömu sögu.

Flags of our Fathers fjallar um bardaga bandaríska landgönguliða við Japani á eyjunni Iwo Jima árið 1945, séð með augum Bandaríkjamanna. Hin myndin, sem nefnist Lambs Before the Wind, fjallar um sama atburð með augum japönsku hermannanna og kemur hún í kvikmyndahús á sama tíma og Flags of our Fathers.

Eastwood segist ekki vita af hverju hann réðst í þetta verkefni. „Stundum færðu bara eitthvað á tilfinninguna,“ sagði hann í spjalli við tímaritið Time Magazine. „Stundum heldurðu bara að þú getir gert eitthvað gott úr hlutunum.“

21 þúsund japanskir hermenn og 6.800 bandarískir dóu í bardaganum á Iwo Jima sem stóð yfir í einn mánuð. Eftir bardagann reistu sex hermenn bandaríska fánann á eyjunni. Af því tilefni var tekin fræg ljósmynd sem er talin afar táknræn fyrir síðari heimsstyrjöldina.



**CLINT EASTWOOD** Óskarsverðlaunaleikstjórinn ætlar að gera aðra kvikmynd um bardagana á Iwo Jima. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL





DV STENDUR BETUR

YNGRI HELMINGUR ÞJÓÐARINNAR LES FREKAR DV EN BLAÐIÐ

Yfir helmingur landsmanna er 33 ára eða yngri. Samkvæmt nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup (september 2005) les fólk á aldrinum 12-33 ára frekar DV en Blaðið. Og það þrátt fyrir að Blaðinu sé dreift frítt. Lestur á DV í þessum hópi mælist 38,10% en lestur Blaðsins er 37,67%. Það er því um að gera fyrir auglýsendur sem vilja ná athygli yngri helmings þjóðarinnar að nýta sér hagstætt snertiverð hjá DV. Við stöndum einfaldlega betur!

DV
Auglýsingasími 550 5000




**JENNIFER ANISTON** Hefur greinilega jafnað sig á skilnaðinum við Brad Pitt. Af hverju ekki bara að hefna sín aðeins og ná í góðan vin hans?



**VINCE VAUGHN** Eftir að hafa orðið vitni að tilhugalífi samleikara sinna í Mr. & Mrs. Smith hefur Vaughn ákveðið að hann ætti að hugga Jennifer Aniston.

# Jennifer og Vince Vaughn saman?

Bandaríska þotuliðið virðist hafa fengið nóg af framkomu starfsfélaga sinna í Bretlandi. Nú þarf það að komast í fréttirnar.

News of the World greinir frá því í nýjasta hefti sínu að Jennifer Aniston og Vince Vaughn séu par. Þeir birta myndir af meintum turtildúfum og hafa eftir heimildarmanni að parið hafi verið mjög ástríðufullt. Þá segist einn sjónarvottur hafa séð þau borða saman og svo laumað sér upp á hótelherbergi.

Ef satt reynist er ljóst að myndin Mr. & Mrs. Smith spilar stórt hlutverk í lífi fjögurra leikara. Angelina Jolie og Brad Pitt fóru að stinga saman nefjum þegar myndin var í tökum. Er talið að það hafa valdið skilnaðinum hjá Pitt og Aniston. Til þess að gera þessa litlu slúðurfrétt enn skemmtilegri þá lék Vaughn vin Brads Pitt í þeirri mynd og tókst með þeim ágætis kunningsskapur.




## ÁLFABAKKI

| | | |
|---|---|---|
| FLIGHTPLAN | KL. 6-8.15-10.30 | B.I. 12 |
| FLIGHTPLAN VIP | KL. 3.45-6-8.15-10.30 | |
| WALLACE & GROMIT ísl. tal | KL. 4-6 | |
| WALLACE & GROMIT enskt tal | KL. 6-8.15-10.30 | |
| CINDERELLA MAN | KL. 5-8-10.50 | B.I. 14 |
| THE 40 YEAR OLD VIRGIN | KL. 5.30-8.10.30 | |
| GOAL | KL. 8.15-10.30 | |
| VALIANT ísl. tal | KL. 3.40 | |
| SKY HIGH | KL. 3.50 | |
| CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY | KL. 3.45 | |

## KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| FLIGHTPLAN | KL. 8 |
| THE 40 YEAR OLD VIRGIN | KL. 8.40 |

## AKUREYRI

| | |
|---|---|
| FLIGHTPLAN | KL. 8-10 |
| CINDERELLA MAN | KL. 10 |
| 40 YEAR OLD VIRGIN | KL. 8 |

## KRINGLAN

| | | |
|---|---|---|
| TRANSPORTER 2 | KL. 6-8-10.10 | B.I. 16 |
| FLIGHTPLAN | KL. 8-10.10 | B.I. 12 |
| WALLACE & GROMIT ísl. tal | KL. 6 | |
| MUST LOVE DOGS | KL. 8-10.10 | |
| SKY HIGH | kl. 5.45 | |

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

| | | |
|---|---|---|
| FLIGHTPLAN | KL. 5.50-8-10.15 | B.I. 12 ára |
| CINDERELLA MAN | KL. 5.30-8.30-10.10 | B.I. 14 ára |
| MUST LOVE DOGS | KL. 8 | |
| CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY | KL. 8 | B.I. 14 ára |
| KÓRINN - ÍSLENSK HEIMILDARMYND | KL. 6 | |
| STRÁKARNIR OKKAR | KL. 6-8-10 | |

BÍÓDAGAR NORRÆNA HÚSSINS

| | |
|---|---|
| GARGANDI SNILLD | KL. 5.15 |
| DRABET | KL. 10 |

Háskólabíó


# Sykurstelpur verða Sykurkonur

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**

Já, þá eru þær stelpur bara orðnar að konum. Þær eru víst hættar að rífast og ein af þeim er orðin mamma. Vinsældir þeirra virðast þó ekkert vera að minnka, því þær tróna þessa dagana á toppi breska smáskífulistans með lagið Push the Button. Fjórða breiðskífan var svo að skila sér í búðir, og krakkarnir halda varla vatni. Þær voru t.d. aðalnúmerið eitt kvöldið á síðustu Glastonburyhátíð, lokuðu sama kvöldi og Coldplay lék á.

Samkvæmt öllum „óskráðum reglum“ um stelpubönd ætti þetta ekki að vera hægt. Stelpusveitir lifa yfirleitt ekki lengi vegna þess að: a) ein af stelpunum verður ófrísk og ákveður að móðurhlutverkið sé mikilvægara en ferillinn, b) ein eða fleiri ákveða að sólóferill þeirra sé mikilvægari en hljómsveitin eða c) ein stelpan, eða allar fara í fýlu. Sveitin hefur þegar þurft að kljást við tvo af þessum þremur þáttum, en samt halda þær hópinn. Ég held að ástæðan sé sú að þessar stelpur eru í alvörunni vinkonur en ekki bara hópur af sætum stelpum sem einhver graður nagli hjá plötufyrirtækinu raðaði saman í hóp. Og vegna þess að þær eru vinkonur, með rætur sem ná saman til barnæsku, þá hafa þær gaman af því sem þær eru að gera. Það heyrist líka á tónlistinni, því Sugababes hefur alltaf verið klassa ofar en flestar af þessum hárblásturs-flyðrusveitum.




**SUGABABES:**

TALLER IN MORE WAYS

***NIÐURSTAÐA:*** Fjórða breiðskífa Sugababes gerir það sem hún á að gera hvað slagara varðar, en lítið meira og skilur því lítið eftir sig. Góðærið er búið, ég spái sólóferlum bráðlega.

Þessi fjórða plata á alveg bókað eftir að framlengja líf stúlknanna. Hér eru nægilega sterkir slagarar til þess að gera þær gjaldgengar í aðra lotu. Hér reyna þær að blása kjarki í ungar stelpur með minnimáttarkennd í laginu Ugly, en besta lagið er án efa Gotta Be You sem minnir örlítið á smelli Nelly.

Þessi plata hljómar samt líka eins og endalok tímabils, og það eru augljóslega breytingar framundan hjá sveitinni. Ég spái safnplötu á næsta ári, og fyrstu sólóplötum þeirra Heidi og Keishu fljótlega eftir það.

**Birgir Örn Steinarsson**



**ANGELINA JOLIE** Michelle Yeoh var fyrst í röð Bond-kvenna sem veittu honum harða samkeppni. Angelina Jolie er verðug í það hlutverk.



**JASMINE LENNARD** Þessi unga þokkadís hefur allt til brunns að bera til að heilla Bond upp úr skónum.



**RACHEL STEVENS** Lýsti því yfir fyrir skömmu að hana dauðlangaði til að verða ein af Bond-gellunum.

# Konurnar í lífi Bond

Nú þegar Bond er loksins fundinn geta áhugamenn og aðdáendur farið að spá í hver eigi eftir að draga hann á tálar. Þegar hefur verið tilkynnt að enska ofurgellan Kelly Brook verði ein af þeim, en Bond hefur sjaldan verið við eina fjölina felldur.

Á fréttavefnum Ananova.com voru fréttir þess efnis að Angelina Jolie væri hugsanlega næsta Bond-gellan. Daniel Craig og Jolie myndu því endurnýja kynni sín því þau léku saman í Tomb Raider. Jolie getur ábyggilega vel hugsað sér að hitta Craig aftur en hún hefur sagt að fáir kyssi jafnvel og breski leikarinn. Þá sýndi Jolie í sinni síðustu mynd, Mr. & Mrs. Smith, að hún er fullfær um að bera þungavopn.

Þá hefur Jasmine Lennard einnig verið nefnd til sögunnar í lítið hlutverk. Það væri sögulegt því móðir hennar, Marylyn Galsworthy, lék aðstoðarkonu Strombergs í Spy Who Loved Me. Þær yrðu þá fyrstu mæðgurnar til að landa hlutverki í Bond-mynd. Þá hefur enska þokkagyðjan Rachel Stevens lýst því yfir hana langi til að leika við hlið Daniels Craig.


## Einstakt enskunámskeið

*Fyrir þá sem vilja styrkja enskugrunninn, tala og skilja enska tungu.*



- Fjarnám með 27 1/2 tíma enskunámskeiði á cd diskum
- Slökunardiskur með jákvæðri staðfestingu með tónlist frá Friðriki Karlssyni
- Vinnubók með enska og íslenska textanum
- Taska undir diskana
- Áheyrnarpróf í lok náms

Mörg stéttarfélög, fræðslusjóðir og fyrirtæki styrkja þetta námskeið

Allar upplýsingar
www.pareto.is
eða í símum 540-8400 eða 820-3799

Fíton/SÍA FI010472

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




Safnkort
Punktaðu það hjá þér!



### Heyrst hefur ...

... að Ásgeir Elíasson sé mjög nálægt því að ná samkomulagi við forráðamenn Fram um að taka við stjórnartaumunum hjá liðinu. Ásgeir, sem var rekinn frá Þrótti í sumar, myndi þannig snúa á fornar slóðir sem þjálfari í Safamýrinni.

# sport

sport@frettabladid.is

VIGNIR SVAVARSSON HANDKNATTLEIKSMAÐUR: REKINN ÚTAF FYRIR LITLAR SAKIR

## *Sá rautt og tók út leikbann í sama leik*

Vignir Svavarsson, línumaður danska liðsins Skjern og íslenska landsliðsins í handbolta, hefur látið töluvert mikið að sér kveða í danska handboltanum í upphafi keppnistímabilsins en liðið er nú í öðru sæti, einu stigi á eftir liðinu Kolding.

Í síðasta leiknum í deildinni fékk Vignir að líta rauða spjaldið eftir aðeins fimm mínútna leik og lék því ekki meira í leiknum. „Ég lét vel finna fyrir mér í vörninni og ýtti á brjóstkassa leikmannins sem ætlaði að skjóta að marki. Hann rykkti til höfðinu og þóttist hafa fengið á það þungt högg. Það kom mér gjörsamlega í opna skjöldu að fá rauða spjaldið fyrir þetta og þessi dómur var í sjálfu sér algjörlega út í hött.“

Fyrir þetta undarlega rauða spjald fékk Vignir eins leiks bann. Dómarar leiksins mátu það svo að Vignir væri búinn að taka út leikbannið þar sem hann fékk rauða spjaldið snemma leiks. „Það er svolítið skrýtið að taka leikbannið út í þeim leik sem manni var sýnt rauða spjaldið en þetta kemur sér ágætlega. Mér finnst líklegt að dómarar leiksins hafi séð að sér. Þeir gerðu mistök og þess vegna hefði það verið sárt að vera ekki með í leiknum gegn sterku liði Kolding í næstu umferð.“



Skjern er áttaþúsund manna bæjarfélag þar sem allt snýst um handbolta. Vigni líkar lífið vel í þessu litla og rólega samfélagi. „Það hefur gengið vel í handboltanumw og vonandi gengur bara vel áfram. Það er fínt að búa hér og ég hef það mjög fínt í þessum rólega bæ. Ég skrifaði undir þriggja ára samning við Skjern og ætla mér að efna hann.“

### > Við gleðjumst með...

... Eiði Smára Guðjohnsen, leikmanni Chelsea á Englandi, sem að sögn Jose Mourinho, stjóra liðsins, er sannarlega inni í sínum áætlunum fyrir framtíðina. “Ég var ekki hissa á góðri innkomu hans gegn Bolton. Eiður er frábær leikmaður með frábæran karakter og er mjög mikilvægur partur af mínu liði, jafnt innan vallar sem utan,” sagði Mourinho í gær. “Hann er einstaklega mikilvægur í búningsklefanum og hegðan hans og þolinmæði er aðdáunarverð. Hann er klárlega einn af 15 bestu leikmönnum mínum en sem stendur tek ég aðra leikmenn fram yfir Eið,” bætti Mourinho við.



## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### *DHL-deild karla:*

KA-VALUR 33-26

**Stig KA:** Goran Gusic 10, Andri Snær Stefánsson 7, Jónatan Magnússon 6, Ragnar Snær Njálsson 6, Bjartur Máni Sigurðsson 4.

**Varin skot:** Hreiðar Guðmundsson 16.

**Stig Vals:** Baldvin Þorsteinsson 5, Hjalti Pálmason 5, Mohamadi Loutoufi 5, Ægir Hrafn Jónsson 3, Elvar Friðriksson 3, Kristján Karlsson 2, Þórir Júlíusson 1.

**Varin skot:** Pálmar Pétursson 7, Hlynur Jóhannesson 3.

### *Meistaradeild Evrópu:*

BAYERN MUNCHEN-JUVENTUS 2-0
1-0 Sebastian Deisler (32.), 2-0 Martin Demechelis (39.).

RAPID VÍN-CLUB BRUGGE 0-1
0-1 Basko Balaban (75.).

AJAX-THUN 2-0
1-0 Y. Anastasiou (36.), 2-0 Y. Anastasiou (55.).

SPARTA PRAG-ARSENAL 0-2
0-1 Thierry Henry (21.), 0-2 Thierry Henry (74.).

MAN. UTD-LILLE 0-0

PANATHINAIKOS-BARCELONA 0-0

UDINESE-WERDER BREMEN 1-1
0-1 Felipe (64.), 1-1 Antonio Di Natele (86.).

REAL VILLAREAL-BENFICA 1-1
1-0 Juan Riquelme (73.), 1-1 Manuel Fernandez (77.).

### *Enska 1. deildin:*

HULL-READING 1-1
**Ívar Ingimarsson** og **Brynjar Björn Gunnarsson** léku allan leikinn fyrir Reading.

LEEDS-SOUTHAMPTON 2-1
**Gylfi Einarsson** sat á bekknum allan leikinn.

STOKE-CREWE 2-0
**Hannes Sigurðsson** lék allan leikinn fyrir Stoke.

LEICESTER-BURNLEY 0-1
**Jóhannes Karl Guðjónsson** sat á varamannabekk Leicester allan leikinn.

QPR-PLYMOUTH 1-1
**Bjarni Guðjónsson** sat á bekknum allan leikinn.

### *Þýski handboltinn:*

GROSSWALLSTAD-MAGDEBURG 25-29
**Einar Hólmgeirsson** skoraði 2 mörk fyrir Grosswallstad og **Alexander Petersson** skoraði 3 en **Sigfús Sigurðsson** skoraði 2 mörk fyrir Magdeburg.

DHL-deild karla í handbolta:

## Öruggt hjá KA

Heimamenn í KA áttu í litlum vandræðum með Valsmenn í DHL-deild karla í handbolta norðan heiða í gærkvöld og unnu öruggan 33-26 sigur.

Frábær leikkafli KA um miðbik fyrri hálfleiks þar sem liðið skoraði átta mörk í röð reyndist vendipunkturinn í leiknum og náðu gestirnir aldrei að brúa það bil.


Traust
dráttarbeisli
Ásetning á staðnum.



VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is


# Ekki sama Jón eða séra Jón

**Formaður handknattleiksdeildar ÍBV segir sitt félag ekki sitja við sama borð og önnur. Hann segir enn fremur að handknattleiksforystan í landinu gangi atbeina ákveðinna félaga.**

**HANDBOLTI** Hlynur Sigmarsson, formaður handknattleiksdeildar ÍBV, vandar handknattleiksforystunni á Íslandi ekki kveðjurnar í grein á heimasíðu ÍBV. Þar kastar Hlynur fram stórum sprengjum þar sem hann ásakar forystuna um að vinna gegn ÍBV sem og að hún gangi atbeina ákveðinna félaga.

„Er það miður þegar að þegar fólk er að leggja á sig vinnu og ætlast til að fá að keppa á jafnréttisgrundvelli að þá skulu það ávallt vera ákveðin öfl sem vinna á móti ÍBV og vilja koma höggi á félagið. Þetta er sorglegt og verst að það sé ekki til dómsstig til að taka á svona málum þar sem það fólk er stýrir handboltamálum á Íslandi situr í glerhúsi sem það sjálft hefur byggt,“ segir Hlynur í greininni á heimasíðu ÍBV og hann heldur áfram. „Þá hefur handknattleiksforystan gengið atbeina ákveðna félaga og ekki þorað á taka á því t.d. er liðin „þeirra“ brjóta samþykktir sambandsins. Sleppa þar hinu svo kölluðu einkavinir handboltaforystunar við að þurfa að sæta dóm og sektum eins og reglur sambandsins gefa tilefni til.“

Hlynur færir ekki rök fyrir ásökununum á heimasíðunni og Fréttablaðið sló á þráðinn til Hlyns í gær og bað hann um að útskýra nánar hvað hann væri að fara.



**HLYNUR SIGMARSSON** Formaður handknattleiksdeildar ÍBV sakar handknattleiksforystuna um að mismuna félögum.

